



FALLEGUSTU NÝBYGGINGARNAR ▶ 36



FERÐIN Í FANGELSIÐ

Eftirminnileg heimsókn mæðgna til Geirs ▶ 32



NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

...á þínum vegum!

568 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ

15. mars 2014
63. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



BARÁTTA VIÐ KERFIÐ Í SORG

Astríður Pálsdóttir kennir vanrækslu starfsfólks Landspítalans um andlát eiginmanns síns og hefur kært málið til lögreglu. Hún segir að kerfisbundið sé reynt að halda upplýsingum frá henni en réttlætistilfinningin drífur hana áfram í erfiðustu baráttu sem hún hefur háð. ▶ 26



SÍÐASTA VERKEFNIÐ Á ÍSLANDI Í BILI

Margrét Vilhjálmsdóttir ætlar að taka sér frí frá leiklistinni í vor þar sem fjölskyldan er að flytja til Berlínar. ▶ 28



MEIRIHLUTINN VILL DAG ▶ 4

HVAR ER FLUGVÉLIN?

Boeing 777-farþegaflugvélar Malaysia Airlines með 239 manns um borð er enn leitað. ▶ 30



Domino's helgin

BOLTATILBOÐ

Stór pizza af matseðli, 2L Coke og Súkkulaði-, Kanil- eða Ostagott. **2.799 KR.**

Ef þú sækir, 15.-16. mars.

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla

OPÍÐ 24 TÍMA

Iceland

Kringlan

AF ÖLLU HJARTA

VELKOMIN Í VEISLUNA

Í KRINGLUNNI FÆRÐU ALLT FYRIR FERMINGUNA

KLÚÐUR Í KERFINU 8

Par sem Seðlabankanum láðist að afla samþykkis þáverandi viðskiptaráðherra verður ákæru sérstaks saksóknara um brot gegn gjaldþrengingum ekki haldið til streitu.

VERÐI EKKI HJÁ LÖGREGLUNNI 6

Formaður dómstólaráðs segir ekki ganga að setja lögreglu og dómstóla aftur á sama stað líkt og stungið er upp á.

ÍSLAND HENTAR EKKI 8

Forstjóri Össurar segir Ísland ekki henta alþjóðlegum fyrirtækjum.

OPNAR Á ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLU 10

Hugsanlegt er að efnt verði til þjódaratkvæðagreiðslu um Evrópusambandsmálið, segir fjármálaráðherra.



SKOÐUN 18→20

FLJÓTANDI UTANRÍKISPÓLÍTÍK 18

Porsteinn Pálsson um utanríkismál.

SKRÍPALEIKS-ATKVÆÐAGREIÐSLA Á KRÍM 20

Stuart Gill um málefni Krímskaga.

VANDAMÁLID SEM ENGINN TALAR UM 20

Karl Garðarsson um hjúkrunarrými fyrir aldraða.



HELGIN 22→50

FJÓLSKYLDAN SAMAN Á SVIÐ 22

Ellen Kristjáns og Eyþór Gunnarsson troða upp með öllum börnum sínum í fyrsta sinn.

MIKILVÆGT AÐ TAKA Á HÚSNÆÐISVANDA 40

Óskar Bergsson, oddviti framsóknarmanna í Reykjavík, um komandi verkefni í borgarpólitíkinni.

LITRÍKUR SKÓFATNAÐUR 42

Skemmtilegur skófatnaður frá götufiskunni í París.

PEGAR TYRKLAND VAR AÐ HVERFA 44

Illugi Jökulsson fjallar um vel þekktu hjásögu frá 1920 í flækjusögu helgarinnar.

VIÐ ERUM ÖLL FRÁBÆR 48

Sigrún Danielsdóttir segir frá nýju bókinni sinni Kroppurinn er kraftaverk á krakkasíðunni.



MENNING 58→63

FRÁ BONN TIL BOLUNGARVÍKUR 58

Sigrún Pálmadóttir söngkona er komin heim.

SVEITALUBBAR Í NEW YORK 60

Stuttmyndin sker á tveimur kvikmyndahátíðum í BNA.

FALLVALTLEIKI GÆFUNNAR 61

Kári Pormar stjórnar Carmina Burana.



LÍFIÐ 66→78

HJALTALÍN SNÝR AFTUR 78

Hljómsveitin Hjaltalín er nýkomin heim úr tónleikaferðalagi um Evrópu.

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN 66

Hljómsveitin Mammút kom, sá og sigraði á Íslensku tónlistarverðlauninum.



SPORT 70→72

BERJAST FYRIR FERLINUM 72

Dagur Sigurðsson hefur miklar áhyggjur af álaginu á leikmönnum hjá bestu liðum heims.

KV FÆR AÐ VERA MEÐ 70

Knattspyrnufélag Vesturbæjar fékk í gær þáttökuleyfi í 1. deild karla í fótbolta.



FIMM Í FRÉTTUM MAKRÍLL OG HORNSPYRNUMARK



ósvífin.

Elisabeth Aspaker, sjávarútvegsráðherra Noregs, sagði að fullreglu væri að ná samkomulagi við Ísland í makríldeilunni. Össur Skarphéðinsson sagði ummæli ráðherrans



inn í hóp fólks á hátíðinni.

Ásgeir Trausti tónlistarmaður spilaði á South By Southwest-hátíðinni í Austin Texas og rétt slapp við alvarlegt slys. Tveir létust og 21 slasaðist þegar bíl var ekið



til að kynna framboð sitt til forseta alþjóðskáksambandsins.

Garry Kasparov fyrrverandi heimsmeistari í skák, var staddur hér á landi og heimsótti meðal annars leiði Bobbys Fischer skákmeistara. Hann var staddur hér á landi



vindukröfur munu að öllum líkindum hækka úr 18 einingum í 22 einingar í haust.

Jórunn Pála Jónasdóttir lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs, stendur í ströngu við að semja á milli LÍN og Stúdentaráðs um betri kjör fyrir námsmenn. Námsfram-

→ **Fannnis Friðriksdóttir** fótboltakona tryggði íslenska landsliðinu sæti í bronsleiknum á Algarve-mótinu í Portugal með 1-0 sigri á Kína. Fannnis skoraði sigurmarkið beint úr hornspyrnu í uppþóttartíma.



TIL LÖNDUNAR Kvíti í makríl verður gefinn út á næstu vikum og verður líklega 130 til 150 þúsund tonn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



Skrifar aldrei undir samning um ofveiði

Sjávarútvegsráðherra telur útilokað að Ísland gangi inn í samkomulag strandríkja um makrílveiðar á þessu ári – og ekki yfirhöfuð á meðan vísindalegri ráðgjöf um veiðar er ekki fylgt. Styrkur Íslands liggur í að kvika ekki frá sjálfbærni við veiðar.

HEILBRIGÐISMÁL Ísland mun ekki skrifa undir samkomulag Evrópusambandsins, Noregs og Færeyja um makrílveiðar á meðan slíkur samningur felur í sér veiðar umfram vísindalega ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES).



SIGURÐUR INGI JÓHANSSON

Þetta er afstaða Sigurðar Inga Jóhannssonar sjávarútvegsráðherra en Fréttablaðið náði tali af honum stuttu eftir að ríkisstjórnarfundur lauk í gær, þar sem makríldeilan var tekin fyrir sérstaklega.

„Ég sé það ekki fyrir mér á þessu ári þar sem menn eru að

stefna að ofveiði. Eins og staðan er núna á þessu fyrsta ári þá tel ég það alveg útilokað vegna ofveiði,“ segir Sigurður Ingi.

Eins og komið hefur fram hjá Maríu Damanaki, sjávarútvegsstjóra ESB, stendur Íslendingum til boða að ganga inn í samkomulagið, enda var hluta af heildarkvótanum ekki öllum skipt upp á milli landanna sem standa að samkomulaginu.

Spurður hvort hann sem sjávarútvegsráðherra muni nokkurn tíma gefa grænt ljós samningi sem byggist á öðrum forsendum en vísindaráðgjöf ICES svarar Sigurður Ingi afdráttarlaust: „Nei, það er það sem við höfum lagt áherslu á allan tímann og Evrópusambandið var með okkur í því þangað til á lokametrunum.“

Sigurður Ingi sagði í þingræðu á fimmtudag að staða Íslands væri alls ekki veik, þrátt fyrir samning strandríkjanna þriggja. Aðrir segja samningsstöðu Íslands afleita. „Við höfum staðið á því grundvallarsjónarmiði að menn eigi að ganga um auðlindina af ábyrgð og sjálfbærni. Það hafa samningsaðilar ekki gert. Ef við hefðum verið aðilar að slíku samkomulagi þá hefðum við veikt stöðu okkar til lengri tíma. Það er því skoðun mín að staða okkar sé sterkari, og það að vera aðili að samkomulagi sem þessu er verra en að standa utan við það. Það eru viss tækifæri í því að standa utan við, þó við leggjum auðvitað mikla áherslu á að ná samningum,“ segir Sigurður Ingi.

svavar@frettabladid.is

Landeigendur frestuðu gjaldheimtu sem til stóð að hefja á Geysissvæðinu: Ekki tilbúnir að byrja að rukka

GEYSIR Landeigendafélagið við Geysi frestaði gjaldtöku sem til stóð að hefja við Geysissvæðið í gær.

„Gjaldtökunni var frestað. Við erum í undirbúningsfasa og það var enginn rukkadur í gær,“ segir Garðar Eiríksson.

„Gjaldtakan byrjar um leið og við höfum náð að klára okkar undirbúning. Við erum að þjálfa starfsfólkið og þegar við erum tilbúin munum við byrja að rukka inn. Það gæti alveg eins verið í dag eða á morgun,“ segir Garðar.

Hann segir að andmæli við gjaldheimtuna hafi ekki spilað inn í ákvörðun um að henni skyldi frestað. „Ég hef ekki heyrt mikið

af þessum svokölluðu andmælum,“ segir Garðar.

Starfsmenn á Geysissvæðinu prófuðu í gær búnað sem á að nota við innheimtuna og afhentu gestum í því skyni aðgangsmiða sem voru skannaðir.

Í gær sendi lögmaður ríkissjóðs lögmanni landeigenda bréf þar sem sagði að ríkissjóður harmaði áform Landeigendafélagsins um að hefja gjaldtöku á svæðinu áður en búið er að skera úr um lögmati hennar.

Þá hefur ríkissjóður ákveðið að skjóta ákvörðun sýslumannsins á Selfossi, sem hefur hafnað kröfu um lögban við innheimtu gjaldsins, til dómstóla.



GEYSIR Í HAUKADAL Það eru ekki allir á eitt sáttir með áform landeigenda um að innheimta gjald að Geysissvæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Spænskir dagar

Vinnur þú
100.000 kr.
ferðavinning?

Allt að
15.000 kr.
bókunarafláttur
til 18. mars 2014
valdir gístaðir, valdar dagsetningar.

Komdu á Spænska daga í Kringlunni í dag milli kl. 11-17 og þú gætir unnið **100.000 kr. ferðavinning!**

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

VELKOMIN Í VEISLUNA

Í Kringlunni færðu allt sem þarf
til að halda glæsilega fermingarveislu.
Fötin, gjafirnar, veitingarnar og skreytingarnar.

Opið laugardaga kl. 10-18, opið sunnudaga kl. 13-18.




Kringlan

08.03.2014 → 14.03.2014

20%

Kosningabærra manna á Íslandi hafa skrifað undir áskorun á Alþingi að slíta ekki aðildarviðræðum við ESB.



239

manneskjur voru um borð í malasísku flugvélinni sem hvarf síðasta laugardag.



11%

sjúkraflugs hjá Mýflugi voru utan tímamarka á árunum 2012 og 2013.

60%

bílaflota slökkviliða er eldri en 25 ára og flokkast því sem fornbílar.



12

Gunnar Nelson hefur unnið 12 bardaga hjá UFC. Hann er enn ósigraður.



10%

kvenna og stúlkna eru með legslímuflack eða endómetríósu. Síðasta fimmtudag var hvatningarganga Samtaka um endómetríósu.



VILJA KVÓTA Landssamband smábátasjómannanna vill makrílkvóta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Smábátasjómenn vilja makríl: Kvótinn verði 140 þúsund tonn

SJÁVARÚTVEGUR Landssamband smábátasjómannanna telur að Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra eigi að ákveða þegar í stað að heildarafli Íslendinga í makríl verði 140 þúsund tonn. Smábátasjómenn segjast hafa mikilla hagsmuna að gæta varðandi makrílveiðar. Í fyrra hafi 100 bátar stundað handfæraveiðar á makríl og veiddu þeir um 4.700 tonn af makríl. Í ár vilja smábátasjómenn að 12 prósent af 140 þúsund tonna kvóta verði eyrnamerkt þeim.


Stoðtækjafyrirtæki Össur: Styrkir ekki Pistorius áfram

DÓMSMÁL Stoðtækjafyrirtæki Össur hf. ákvað að endurnýja ekki samning sinn við sprett-hlauparann Oscar Pistorius, sem ákærður var fyrir morðið á kær-ustu sinni, Reevu Steenkamp. Þetta kemur fram á vef fréttaveitunnar Bloomberg. Aðrir stuðningsaðilar sem hafa hætt stuðningi við Pistorius eru Nike Inc. og Luxottica Group SpA's Oakley. Kynningarefni með Pistorius, sem áður var áberandi innan veggja Össurar á Íslandi, hefur verið fjarlægð.

Meirihlutinn vill að Dagur B. verði borgarstjóri í Reykjavík

Rúmlega helmingur borgarbúa vill að oddviti Samfylkingarinnar í borginni verði næsti borgarstjóri Reykjavíkur samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Tæpur fimmtungur vill oddvita Sjálfstæðisflokksins.

HVER VILT ÞÚ AÐ VERÐI BORGARSTJÓRI EFTIR KOSNINGARNAR?



Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 þann 12. mars 2014.

→ Aðferðafræðin

Hringt var í 1.241 manns þar til náðist í 805 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 12. mars. Svarhlutfallið var 65 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir aldri. Spurt var: Hver vilt þú að verði borgarstjóri eftir kosningarnar? Alls tóku 50,8 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

stjóra. Um 7,6 prósent vilja að Björn verði borgarstjóri eftir kosningar. Athygli vekur að aðeins 33,8 prósent kjósenda Bjartrar framtíðar vilja að Björn verði borgarstjóri, en 59,7 prósent vilja heldur Dag B. Eggertsson. Aðrir oddvitar eru með minni stuðning til að gegna embætti

borgarstjóra. Um 4,6 prósent vilja að Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri grænna, taki við embættinu, og 3,2 prósent vilja Halldór Auðar Svansson, oddvita Pírata. Þá vilja 1,5 prósent Óskar Bergsson, oddvita Framsóknarflokksins, og 0,7 prósent Þorleif Gunnarsson, oddvita Dögunar. Hátt hlutfall þátttakenda í

könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, um 40 prósent, sagðist ekki hafa gert upp við sig hvað það ætlaði að kjósa. Dagur nýtur langmests stuðnings meðal þessa hóps. Um 62,7 prósent óákveðinna vilja að hann verði borgarstjóri en 13,3 prósent vilja heldur Halldór Halldórsson.

brjann@frettabladid.is

NÁMSKEIÐ Í STREITUSTJÓRNUN

Námskeiðið er ætlað þeim sem finna fyrir mikilli streitu og vilja tileinka sér aðferðir til að draga úr henni. Um er að ræða 8 vikna námskeið þar sem unnið er markvisst að því að draga úr streitu með aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar en einnig er notast við leiðir árvekni (mindfulness).

Á námskeiðinu kemur þú m.a. til með að læra:

- hvað streita er, hvað veldur henni og mögulegar afleiðingar streitu
- greina streituvalda í þínu lífi
- greina eigin viðbrögð við streitu
- takast á við streituhugsanir
- bjargráð við streitu
- áhyggjustjórnun
- betra skipulag
- jafnvægi á milli virkni og hvíldar

Námskeiðið hefst miðvikudaginn 26. mars kl. 15 – 17 og kostar 54.000 kr en sjúkrasjóðir kunna að niðurgreiða námskeiðið.

Nánari upplýsingar má finna á www.kms.is. Skráning og fyrirspurnir í síma 534-0110.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 19°	Friedrichshafen 13°	New York 12°
Apena 17°	Gautaborg 7°	Orlando 24°
Basel 20°	Kaupmannahöfn 7°	Ósló 6°
Berlín 9°	Las Palmas 20°	París 15°
Billund 8°	London 15°	San Francisco 20°
Frankfurt 11°	Mallorca 19°	Stokkhólmur 5°

Á MORGUN 10-18 m/s, hvassast syðst.

MÁNUDAGUR 5-10 m/s.

Elísabet Margeisdóttir veðurfréttamaður

HITABREYTINGAR verða miklar næsta sólarhringinn með heldur hlýnandi veðri í dag um allt land en kólnar snögglega annað kvöld og frýstir fyrir norðan. Úrkoma laust að mestu og frost um nánast allt land á mánudag.

Auglýsingaábyrgðing: Jón Laufdal joni@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolli@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrunnar Helgason hrunnar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



Innovation
that excites

www.nissan.is

NÝR NISSAN QASHQAI

TÆKNILEGI SPORTJEPPINN



VELKOMIN Á FRUMSÝNINGU

Komdu og taktu í nýja Nissan QASHQAI tækniundrið í dag. Bíllinn er svo smekkkfullur af nýrri tækni og búnaði að þér verður fljótt ljóst að hann ætti í raun að kosta mun meira. Þú getur líka komið til að ræða við okkur yfir góðum espressó frá Te & Kaffi eða bara vegna þess að **nýr Nissan QASHQAI** er góð ástæða til að gera eitthvað skemmtilegt.

Verð: 4.890.000 kr.

NISSAN QASHQAI ACENTA

Framhjóladrifinn, dísil, sjálfskiptur
Eyðsla 4,6 l /100 km*

Verð: 5.290.000 kr.

NISSAN QASHQAI ACENTA

Fjór hjóladrifinn, dísil, beinskiptur
Eyðsla 4,9 l /100 km*



Fulltrúar bilafjármögnunar
Landsbankans verða á staðnum.

VIÐ ERUM EINNIG MEÐ SÝNINGU OG REYNSLUAKSTUR
HJÁ EFTIRTÖLDUM UMBODSMÖNNUM Í DAG KL. 12–16

OPIÐ Í DAG KL. 12–16

Nánari upplýsingar um verð og staðalbúnað er að finna á www.nissan.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



ENNEEM / SIA / NM61040 *Mikil vöð uppgjafir töluframlæðingardóms um eldsneyksrokkun í blönduðum akstri / Akubúnaður á mynd: Toppiggrindubúnaður og 10 tonnu álfélagur



Arna Mekkín Ragnarsdóttir
hefur hafið störf hjá
Sjúkrþjálfuninni AFL, Borgartúni 6

Tímamantanir í síma 511 4111

SJÚKRAPJÁLFUN

A F L



www.aflid.is

Takist ekki samningar fyrir mánudag var síðasti kennsludagurinn í gær:

Reynt til þrautar um helgina

SKÓLAMÁL Stíf fundarhöld voru í gær í kjaradeilu framhaldsskólakennara og ríkisins. Takist ekki að semja um helgina hefist verkfall kennara á mánudaginn.

„Við höldum áfram á morgun,“ segir Gunnar Björnsson, formaður samninganefndar ríkisins. Hann segir enga sérstaka bjartsýni hafa ríkt á fundunum í gær, en öllum dyrum sé þó haldið opnum.

Mikil óvissa var meðal nemenda í framhaldsskólum í gær og

lagðist hugsanlegt verkfall misjafnlega í þá nemendur, sem rætt var við í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld.

„Ef verkfallið verður stutt verður þetta kannski í lagi, en það má ekki verða of langt,“ sagði Baldvin Snær Finnsson, nemandi á fyrsta ári við Menntaskólann við Hamrahlið.

ÓVISSA Í MH Nemendur framhaldsskólanna eru farnir að hafa áhyggjur af komandi verkfalli.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



LÖGREGLUSTÖÐ- IN HVERFISGÖTU

Hingað vill formaður dómstólaráðs ekki flytja Héraðsdóm Reykjavíkur eins og formaður borgarráðs hefur stungið upp á.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Ótækt að dómstóll sé á reit hjá lögreglunni

Formaður dómstólaráðs segir ekki ganga að setja lögreglu og dómstóla aftur á sama stað. Dómstólaráð og formaður Dómarafélags Íslands mótmæla að ekki skuli hafa verið haft samráð um mögulegan flutning starfsemi Héraðsdóms Reykjavíkur.

SKIPULAG Hvorki Dómarafélag Íslands né dómstólaráð hafa fengið að vera með í ráðum eða fengið afrit af bréfaskriftum borgarstjóra og innanríkisráðherra um mögulegan flutning Héraðsdóms Reykjavíkur af Lækjartorgi, að sögn Skúla Magnússonar, formanns Dómarafélagsins.

Vitnað var á Vísi í fyrradag í skrif Dags B. Eggertssonar á Facebook þar sem hann sagði að innanríkisráðherra hefði tekið vel í óskina um viðræður um að flytja Héraðsdóm af Lækjartorgi. „Borgarráð skipaði viðræðuteymi í morgun,“ skrifaði Dagur.

Í viðtali við Vísi sagði hann að lögreglustöðvarreitunin við Hlekkinn væri tilvalin staðsetning. Þar væri stórt plan þar sem hægt væri að koma upp byggingum.

Símon Sigvaldason, formaður dómstólaráðs sem fjallaði meðal annars um málið á fundi sínum í gær, segir það algerlega ótækt að flytja starfsemi dómhússins á lögreglureitinn. „Árið 1992

varð frægur aðskilnaður. Þá var dómssvald og framkvæmdavald aðskilið. Dómssvaldið var tekið af sýslumönnum til að það yrði sýnilega sjálfstætt. Dómssvaldið á að vera óháð og ótengt framkvæmdarvaldinu og þess vegna gengur aldrei að setja lögreglu og dómstóla aftur á sama stað,“ segir Símon og bætir við að dómstólaráð mótmæli harðlega þeim vinnubrögðum að ekkert samráð skuli hafa verið haft við það og Héraðsdóm Reykjavíkur um undirbúning að flutningnum.

Ráðið segir að finna verði starfsemi í hjarta höfuðborgarinnar þar sem nú þegar sé að finna helstu stofnanir ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Skúli Magnússon segir að svo virðist sem flytja eigi Héraðsdóm hreppaflutningum. „Þetta virðist alfarið vera mál borgarinnar og innanríkisráðherra hvar stærsti dómstóll landsins eigi að vera. Það er ekki metnaður fyrir því að Héraðsdómur fái stað sem ber



SKÚLI MAGNÚSSON



SÍMON SIGVALDASON

vitni um virðingu og reisu dómkerfisins þegar rætt er um hann verði á bak við lögreglustöðina,“ segir Skúli.

Formaður borgarráðs hefur lýst því yfir að dómhúsið smiti engri gleði á Lækjartorg. Möguleiki væri að koma þar fyrir verslunum og veitingahúsi.

„Þetta er partur af því sem ég myndi kalla kaffihúsavæðingu miðbæjarins. Það er tímaþætt að menn fari að spyrja sig að því um hvað miðborg eigi að snúast,“ segir formaður Dómarafélags Íslands.

ibs@frettabladid.is

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að setja Sundabraut á nýja samgönguáætlun:

Sundabraut í einkaframkvæmd

UMHVERFISMÁL Sundabraut er á ný komin inn á samgönguáætlun. Drög að samgönguáætlun til næstu fjögurra ára voru samþykkt í ríkisstjórn í gær og verður áætlunin lögð fyrir Alþingi innan skamms sem þingsályktunartilaga.

Samkvæmt samgönguáætluninni á að huga að mögulegri fjármögnun Sundabrautar með þátttöku einkaaðila. Stefnir er að því að hefja samstarf einkaaðila og ríkisins vegna fjármögnunar hennar á næstu fjórum árum.

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra hefur sagt að Sundabraut uppfylli þau skilyrði sem hún setji varðandi einkaframkvæmdir, það er að vegfarandur hafi kost á annarri leið samhliða einkaframkvæmdinni.

Meðal stærsta framlaga á næsta ári til vegaverkefna má nefna þriggja milljarða króna framlag til Norðfjarðarganga, um 800 milljóna króna framlag til breikkunar á Hellsisheidarvegi og framkvæmdir við Arnarnesveg fyrir um 500 milljónir króna. -jme



SUNDABRAUT Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra ætlar að kanna möguleika á því að fjármagna nýja Sundabraut með samstarfi einkaaðila og ríkisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Andaðu með nefinu



✓ Loft innan fárra mínútna

✓ Ilmur af mentól og eukalyptus

Otrivin®

Otrivin Menthol ukonservet, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xylómetazólinhýdróklóríð 1 mg/ml. Ábendingar: Þólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Skammtar og lyfjagjöf: Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: 1 úði í hvora nös 3 sinnum á sólarhring eftir þörfum, lengst í 10 sólarhringum og ekki úða oftar en að hámarki 3 úða í hvora nös á sólarhring. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn með nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnum, ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn eða ert með þrönghornsgláku. Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert: Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, ert með skjaldvakaóhöf, sykursýki, háþrýsting, æðakölkun, slagæðargúlp, blóðtappa í hjarta, óreglulegan eða hraðan þúls, erfiðleika við þvaglát, æxli í nýrnahettum, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.



Danskir dagar

6.-16. mars

SEVEN SEAS®



peppercorn®

PRE  END



PRE  END



MONDAY
- ONEDAY -



REBUS

JEFF®



MAYBEE



OPIÐ

allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

HVER ER NIELS JACOBSEN?



Hinn danski stjórnarformaður Össurar hf., Niels Jacobsen, er vel þekktur úr viðskiptalífínu í Danmörku og víðar. Hann er fæddur árið 1957 og býr í Danmörku. Jacobsen hefur setið í stjórn Össurar frá árinu 2005 og verið formaður stjórnarinnar frá árinu 2006. Jacobsen er þar að auki forstjóri Williamt Demant Holding A/S sem er fjárfestingafélag á heilbrigðisviði og situr í stjórn fjölda annarra félaga á borð við leikfangaframleiðandann LEGO þar sem hann er stjórnarformaður, sem og iðnsamsteyppunnar A.P. Møller-Mærsk A/S og samskiptafyrirtækisins Sennheiser Communications A/S.

Ísland hentar illa alþjóðafyrirtækjum

Stjórnarformaður Össurar segir ekki hægt að reka alþjóðlegt fyrirtæki með krónuna í gjaldeyrishöftum. Varð fyrir vonbrigðum með fyrirhuguð slit á viðræðum við ESB. Skilaboðin úr efnahagslífinu eru í hina áttina, segir fjármálaráðherra.

VIÐSKIPTI „Það er ekki hægt að reka alþjóðlegt fyrirtæki með mynt sem er nokkurn veginn ekki til,“ sagði Niels Jacobsen stjórnarformaður Össurar hf. í samtali við Fréttablaðið. Össur hélt aðalfund í gær þar sem Jacobsen hélt ræðu og fór ekki fögrum orðum um íslenskt viðskipta- og lagaumhverfi.

Jacobsen sagði gjaldeyrishöftin valda Össuri mestum vandræðum, en félagið hefði talið vegferðina inn í ESB góða leið til að komast undan þeim. Hann sagðist mjög sorgmæddur að heyra að ríkisstjórnin ætlaði núna að slíta aðildarviðræðunum, án þess að vera með nokkurt plan um hvernig aflétta ætti höftunum. „Sem alþjóðlegt fyrirtæki er ómögulegt að vera í rekstri með viðvarandi gjaldeyrishöftum og sérstaklega þar sem við störfum með undanþágum sem hægt er að afnema hvenær sem er. Fyrir fyrirtæki sem starfa á heimsmarkaði er aðgangur að alþjóðlegum gjaldeyri og fyrirsjáanleiki í viðskipta- og lagaumhverfinu mjög mikilvægur.“

Jón Sigurðsson forstjóri bætir við að þrátt fyrir að höftunum yrði aflétt ættu viðskipti sér aðeins stað í krónunum á Íslandi. „Krónan er ekki mynt sem er hægt að eiga viðskipti með neins staðar annars staðar, jafnvel þótt höftunum yrði aflétt,“ segir Jón.



ÁHYGGJUR AF STÖÐUNNI
Forsvarsmenn Össurar eru ekki ánægðir með íslenskt viðskipta- og lagaumhverfi.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Jacobsen segir Ísland verða af talsverðum tekjum af því að Össur sé með öll sín fjármál í gegnum erlend dótturfélög. „Við gætum verið að fá lán frá íslenskum bankum og tekið frekari þátt í íslenskum efnahag. Í dag reukum við höfuðstöðvarnar og erum með verulegan starfsmannafjölda hér en það er eina framlagið sem við getum skilað til landsins eins og staðan er í dag,“ segir Jacobsen og bætir við: „Þetta gengur ekki til lengri tíma. Á þessari stundu er Ísland ekki góður staður til að reka alþjóðlegt fyrirtæki. Þetta er meiriháttar áhyggjuefni og ég vona að það verði

komandi fram með lausn fljótlega.“
Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir aðspurður um ummæli Jacobsens að vísbendingar sem stjórnvöld fái innan úr efnahagslífinu séu í hina áttina. „Fjárfesting er að vaxa, atvinnuleysi er að minnka, hér er meiri hagvöxtur en annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Það er hins vegar alveg rétt að á meðan hér eru gjaldeyrishöft þá eru þau svona eins og skuggi yfir efnahagslífinu. Þess vegna er svo mikilvægt að það næist áfangi á næstu misserum til þess að aflétta þeim,“ sagði Bjarni. fanney@frettabladid.is

Eldhús- og skolvaskar

Á MÚRBÚÐARVERÐI

Bol-604 48x43x18cm
bykkt stáls 0,8mm
7.490
(fleiri stærðir til)

Bol-834 80x48x18cm þykkt 0,8mm
11.990
Mikið úrval af blöndunartækjum.

CR Plast skolvaskur
55x34x21cm með botventili og vatnslás
7.890

Gua 539-1 með veggstálplötu, grind fylgir, 1mm stál
16.990
Botventill og vatnslásar fylgja öllum vöskum

Gua-543-1 vegghengdur, 1mm stál, einnig fánalegur í borð kr. 17.990
19.900

Cisa blöndunartæki
4.990

MURBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

Meiri gæði
Lægra verð
MURBÚÐIN



Botschaft
der Bundesrepublik Deutschland
Reykjavík

Bekanntmachung für Deutsche zur Wahl zum Europäischen Parlament

Am 25. Mai 2014 findet die Wahl der Abgeordneten des Europäischen Parlaments aus der Bundesrepublik Deutschland statt. Deutsche, die außerhalb der Bundesrepublik Deutschland leben und im Bundesgebiet keine Wohnung mehr innehaben, können bei Vorliegen der sonstigen wahlrechtlichen Voraussetzungen an der Wahl teilnehmen. Für ihre Wahlteilnahme ist u. a. Voraussetzung, dass sie

1.1 am Wahltag seit mindestens drei Monaten in den übrigen Mitgliedstaaten der Europäischen Union eine Wohnung innehaben oder sich mindestens seit dieser Zeit dort gewöhnlich aufhalten (auf die Dreimonatsfrist wird ein unmittelbar vorausgehender Aufenthalt in der Bundesrepublik Deutschland angerechnet) oder

1.2 **entweder** nach Vollendung ihres 14. Lebensjahres mindestens drei Monate ununterbrochen in der Bundesrepublik Deutschland¹⁾ eine Wohnung innegehabt oder sich sonst gewöhnlich aufgehalten haben und dieser Aufenthalt nicht länger als 25 Jahre zurück liegt, **oder** aus anderen Gründen persönlich und unmittelbar Vertrautheit mit den politischen Verhältnissen in der Bundesrepublik Deutschland erworben haben und von ihnen betroffen sind;

2. in ein Wählerverzeichnis in der Bundesrepublik Deutschland eingetragen sind.

Diese Eintragung erfolgt nur **auf Antrag**. **Der Antrag ist auf einem Formblatt zu stellen; er soll bald nach dieser Bekanntmachung abgesandt werden.**

Einem Antrag, der erst am 5. Mai 2014 oder später bei der zuständigen Gemeindebehörde eingeht, kann nicht mehr entsprochen werden (§ 17 Abs. 1 der Europawahlordnung).

Antragsvordrucke (Formblätter) sowie informierende Merkblätter sind online auf der Seite des Bundeswahlleiters (www.bundeswahlleiter.de) erhältlich. Sie können auch bei

- den diplomatischen und berufskonsularischen Vertretungen der Bundesrepublik Deutschland,
- dem Bundeswahlleiter, Statistisches Bundesamt, Zweigstelle Bonn, Postfach 17 03 77, 53029 BONN, GERMANY,
- den Kreis- und Stadtwahlleitern in der Bundesrepublik Deutschland

angefordert werden.

Weitere Auskünfte erteilen die Botschaften und berufskonsularischen Vertretungen der Bundesrepublik Deutschland.

1) Zu berücksichtigen ist auch eine frühere Wohnung oder ein früherer Aufenthalt in dem in Artikel 3 des Einigungsvertrages genannten Gebiet (Brandenburg, Mecklenburg-Vorpommern, Sachsen, Sachsen-Anhalt und Thüringen zuzüglich des Gebietes des früheren Berlin (Ost)).



BANKASTJÓRN SEÐLABANKANS Aserta-málið er í uppnámi vegna reglna sem aldrei voru samþykktar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aserta-málið er í uppnámi vegna handvamar Sí:

Seðlabankinn setti reglur án samþykkis

DÓMSMÁL Grundvöllur stórs hluta ákæru sérstaks saksóknara á hendur fjórmenningunum í Aserta-málinu er hruninn. Fjögur ár hafa farið í rannsókn málsins.

Þess hluta ákærunnar þar sem krafist er refsingar fyrir brot á gjaldeyrishöftum verður ekki haldið til streitu samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Ástæðan er sú að sérstakur saksóknari getur ekki krafist refsingar á grundvelli reglna um gjaldeyrismál sem voru settar af Seðlabankanum þann 15. desember 2008. Reglurnar voru í gildi þegar meint brot fjórmenninganna áttu sér stað frá 25. mars 2009 allt til 31. október sama ár.

EKKI er hægt að refsa fyrir brot á reglunum vegna þess að samþykki þáverandi viðskipta- og efnahagsráðherra fyrir reglunum skorti, en bráðabirgðaákvæði í þágildandi lögum um gjaldeyrismál gerði ráð fyrir að slíkt samþykki þyrfti að vera fyrir hendi.

„Ég kannast ekki við að Seðla-

bankinn hafi nokkurn tímann aflað samþykkis fyrir þessum reglum,“ segir fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson.

Árið 2008 aflaði Seðlabankinn samþykkis ráðherra fyrir breytingum á þágildandi reglum sínum, en í stað þess að breyta reglunum setti hann nýjar reglur, án þess að hafa aflað sérstaks samþykkis ráðherrans fyrir því, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Það var ekki fyrr en á mánuðaginn síðastliðinn sem í ljós hafi komið að samþykkið skorti, löngu eftir að málið hafði verið þingfest. Í ljósi þessa er ekki hægt að krefjast refsingar yfir fjórmenningunum fyrir brot á reglunum.

Málinu var vísað frá Héraðsdómi Reykjaness í gær vegna óskýrleika ákærunnar, sem tengist reglum Seðlabankans ekki með beinum hætti.

Sérstakur saksóknari metur nú hvert framhald málsins verður.

HAUSANSCHRIFT:
Laufásvegur 31, 101 Reykjavík

POSTANSCHRIFT:
Pósthólf 400, 121 Reykjavík

INTERNET:
www.reykjavik.diplo.de
E-Mail:
info@reykjavik.diplo.de

TEL: + 354 530 11 00
FAX: + 354 530 11 01

Öffnungszeiten:
Mo – Fr 9 bis 12 Uhr

Geschäftszeiten:
Mo – Do 8 bis 16.30 Uhr,
Fr 8 – 13.30 Uhr



500.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 7.490.000 kr.

Mitsubishi Pajero Instyle 4x4 REJ72
Skráður maí 2011, 3,2TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 65.000 km.
Ásett verð: 7.990.000 kr.



240.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.690.000 kr.

Citroën C3 Seduction YEA15
Skráður maí 2012, 1,6Di dísil, beinsk.
Ekinn 61.000 km.
Ásett verð: 1.930.000 kr.



200.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.490.000 kr.

Nissan X-Trail Elegance KN151
Skráður maí 2006, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 127.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.



250.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.690.000 kr.

Hyundai i20 classic LV851
Skráður ágúst 2011, 1,4i bensín, beinsk.
Ekinn 42.000 km.
Ásett verð: 1.940.000 kr.

NOTAÐIR BÍLAR

MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!



200.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.290.000 kr.

Audi A6 UZ308
Skráður febr. 2004, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 137.000 km.
Ásett verð: 1.490.000 kr.

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband
strax!



470.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 4.190.000 kr.

Ford Kuga Titanium S AWD TKV42
Skráður apríl 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 71.000 km.
Ásett verð: 4.660.000 kr. Í ábyrgð



200.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.990.000 kr.

Toyota Auris MXJ73
Skráður júní 2010, 1,3i bensín, beinsk.
Ekinn 70.000 km.
Ásett verð: 2.190.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN



Skofaðu fleiri
deemi hér!

TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN
ÞINN OG VIÐ GERUM
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.
ENGIN SKULDBINDING

NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.



200.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.590.000 kr.

Toyota Avensis EXE YTV91
Skráður sept. 2009, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 78.000 km.
Ásett verð: 2.790.000 kr.



260.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 3.490.000 kr.

Ford Focus Titanium OLF07
Skráður mars 2013, 2,0TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 36.000 km.
Ásett verð: 3.750.000 kr. Í ábyrgð



400.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 3.550.000 kr.

Ford Escape Limited AWD LDB02
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 66.000 km.
Ásett verð: 3.950.000 kr.



200.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.490.000 kr.

Hyundai i30 Classic TOH76
Skráður júní 2008, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 95.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.



Verð: 9.980.000 kr.

Volvo XC90 Momentum D5 AWD UUV86
Skráður des. 2012, 2,4TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 40.000 km.
Í ábyrgð



190.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.950.000 kr.

Kia Sorrento EX NL348
Skráður nóv. 2005, 2,5TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 138.000 km.
Ásett verð: 2.140.000 kr.



260.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 990.000 kr.

Nissan Primera Acenta PS217
Skráður okt. 2005, 1,8i bensín, sjálfsk.
Ekinn 111.000 km.
Ásett verð: 1.250.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK



Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílar fara
beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ári bílgraininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Verslunarhúsnæði til leigu



Lækjargata 2

Um er að ræða 108,9 fermetra húsnæði á jarðhæð og snýr að Lækjargötu með tilheyrandi hlutdeild í sameign.

Heimilt er að reka þar smávöruverslun s.s. fataverslun, skóbúð, skartgripaverslun, snyrtivöruverslun og gallerí.

Húsnæðið verður til sýnis þriðjudaginn 18. mars kl. 13.00-14.00

Tilboðum um leiguverð ásamt upplýsingum um fyrirhugaða nýtingu skal skila í þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14 fyrir kl. 16.00 fimtudaginn 27. mars 2014.

Nánari upplýsingar á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/leiga

www.reykjavik.is/leiga

Við fjármögnum nýja fjölskyldubílinn

Þegar fjölskyldan stækkar getur nýrri, sparneytnari og öruggari bill gert gæfumuninn. Með faglegri ráðgjöf og góðri þjónustu hjálpum við þér að fjármagna það sem upp á vantar til að þú getir uppfært fjölskyldubílinn.

Við aðstoðum með ánægju.

Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is

Enn engar skýringar á hvarfi farþegaþotunnar:
Vélinni var snúið við

MALASÍA, AP Farþegaþotunni, sem hvarf á flugi frá Kúala Lúmpúr til Kína, var snúið við og flogið aftur yfir Malasíu. Ljóst virðist að kunnáttumaður í flugi hafi snúið vélinni við.

Þeir sem vinna að rannsókn málsins virtust orðnir nokkuð vissir um þetta í gær.

Vélinni virðist hafa verið flogið í áttina að Andaman-eyjum á Indlandshafi, en ekki er vitað til þess að hún hafi lent neins staðar.

Þá hefur kenning bandarísks námsmanns um örlög vélarinnar vakið athygli, en hann telur að sprunga hafi komið á skrokk vélarinnar með þeim afleiðingum að



LEIT HALDIÐ ÁFRAM Leitinn hefur fært yfir á Indlandshaf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sjálfkrafa var slökkt á öllum tækjábúnaði öðrum en þeim sem knúði vélina áfram. Áhöfn jafnt sem farþegar hefðu þá misst meðvitund á skammri stund. -gb / sjá síðu 30



FYRSTU UMRÆÐU LOKIÐ Umdeild þingsályktunartillaga Gunnars Braga Sveinssonar um að draga umsókn Íslands að Evrópusambandinu til baka er komin til umfjöllunar í utanríkismálanefnd Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Þjóðaratkvæði er hugsanlegt

Fjármálaráðherra segir koma til greina að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um ESB-mál. Meginmáli skipti hvaða spurningar yrði spurt. Sumir þingmenn telja að Bjarni hafi rétt fram sáttarhönd. Aðrir eru á öðru máli.

STJÓRN MÁL Þingmenn túlka ræðu Bjarna Benediktssonar, efnahags- og fjármálaráðherra, um þjóðaratkvæðagreiðslu á tvo vegu. Annars vegar að Bjarni hafi verið að rétta fram sáttarhönd, hins vegar að hann og ríkisstjórnin séu á flótta undan tillögu Gunnars Braga Sveinssonar um að draga aðildarumsókn Íslands að ESB til baka. Í ræðu sinni á Alþingi í fyrrakvöld sagði Bjarni að til álita kæmi að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu varðandi ESB.

„Það er enginn sérstakur ásetningur ríkisstjórnarinnar að halda málinu frá þjóðinni,“ sagði Bjarni. Þó væri ekki sama hver spurningin væri ef málið yrði borið undir þjóðina.

„Ég vil gera mjög skýran greinarmun á tvennu, annars vegar því að bera það mál undir þjóðina sem hér er til umræðu í þinginu, að draga aðildarumsóknina til baka, og hins vegar því að spyrja þjóðina hvort nú sé ekki góður tími til að ljúka aðildarviðræðunum. Þetta eru tveir ólíkir hlutir,“ sagði Bjarni. Spurningin í þjóðaratkvæðagreiðslu ætti að snúast um hvort þjóðin væri sammála því að draga umsóknina til baka.

Bjarni sagðist alltaf hafa viljað að þjóðin kæmi að málinu, en á grundvelli þess sem Alþingi ákvæði.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, telur að Bjarni hafi verið að lýsa því yfir að hann

sé reiðubúinn að skoða ýmsar leiðir í málinu, þar á meðal tillögu VG um að gera hlé á viðræðunum og taka þær ekki upp aftur nema að undanangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.

„Ég lít svo á að sú krafa sem er uppi um þjóðaratkvæðagreiðslu sé lýðræðiskrafa. Krafan snýst ekki um að Ísland gangi í ESB. Ég túlka orð Bjarna á þann hátt að aðkoma þjóðarinnar að þessu máli sé tryggð,“ segir Katrín.

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, segir að að lögd verði áhersla á það í vinnu utanríkismálanefndar að ná sáttum.

„Ég ætla að leyfa mér að túlka ræðuna á þann hátt að Bjarni hafi verið að rétta fram sáttarhönd. Það er vel hægt að ná lýðræðislegri lendingu,“ segir Guðmundur.

Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar, horfir allt öðrum augum á ræðuna.

„Ræðan gróf en frekar undan tillöguflutningi ríkisstjórnarinnar. Það talar enginn fyrir þessari tillögu Gunnars Braga eins og hún er lögð fram. Allir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins voru þöglir í umræðunni. Það blasir við að tillagan er munaðarlaus, það vill enginn bera ábyrgð á henni. Tillagan ber í sér svo mikla brigð á gefnum loforðum að hún ber dauðann í sér,“ segir Árni Páll.

johanna@frettabladid.is

ESB-tillögur til utanríkismálanefndar

Fyrstu umræðu um þingsályktunartillögu Gunnars Braga Sveinssonar um að draga umsókn Íslands að Evrópusambandinu til baka lauk klukkan hálf fjögur aðfaranótt föstudagsins. Tillagan fer nú til umfjöllunar í utanríkismálanefnd Alþingis.

Tillaga Pírata um að halda ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu vegna málsins og tillaga Vinstri grænna um að gera formlegt hlé á aðildarviðræðum voru einnig afgreiddar án umræðu og sendar til utanríkismálanefndar.

Umræðan um þingsályktunartillögu Gunnars Braga var löng og ströng á Alþingi. Alls ræddu þingmenn tillöguna í nær 24 klukkustundir.

77 þingráðgjafar voru haldnar og tóku þær nær sjö tíma. Mestur tíminn fór í andsvör, athugasemdir og umræður um fundarstjórn forseta eða hátt 17 klukkustundir.



MEÐ RAUÐA BLÖÐRU Þessir þrjú menn í Ástralíu sýndu íbúum Sýrlands stuðning sinn í verki. ORDICPHOTOS/GETTY

Rauðar blöðrur við Hörpu: Þrjú ár liðin frá því átök hófust

SÝRLAND Í dag eru þrjú ár liðin frá því að átökin í Sýrlandi hófust. Í tilefni af því ætla fólk um allan heim að koma saman og sýna íbúum Sýrlands stuðning sinn í verki.

Samtökin UN Women á Íslandi, Íslandsdeild Amnesty International og ungmennaráð beggja félaga hittast fyrir framan Hörpu kl. 14 í dag. Rauðum blöðrum verður sleppt til himins um heim allan til stuðnings Sýrlendingum. Hægt er að sýna stuðning og taka þátt í herferðinni með því að deila myndum og myndbandi á Facebook, Instagram og Twitter, með leitarorðinu #withsyria. -fb

Njósni Bandaríkjastjórnar: Zuckerberg las yfir Obama

ERLENT Mark Zuckerberg, forstjóri Facebook, segist langþreyttur á persónunjósnum bandarískra yfirvalda. Þetta kemur fram í pistli Zuckerbergs á Facebook.



MARK ZUCKERBERG Zuckerberg segir Facebook eyða mikilli orku í að tryggja öryggi notenda sinna. Það skjóti skökku við að þegar fyrirtæki telji sig vera að vernda notendur fyrir glæpamönnum reynist stærsta ógnin vera stjórnvöld.

Zuckerberg segist hafa hringt í Barack Obama, forseta Bandaríkjanna, og lýst reiði sinni en án árangurs. Langt sé í að stjórnvöld leysi úr málunum. -ssb



PIERRE KARL PELADEAU Byður sig fram í Quebec. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Auðkýfingur í framboð: Sjálfstæði aftur á dagskránni

KANADA, AP Kanadíski auðkýfingurinn Pierre Karl Peladeau hefur ákveðið að bjóða sig fram með aðskilnaðarsinum í Quebec til fylkiskosninga þar, sem haldnar verða 7. apríl.

Tilkynning hans kom á óvart og þykir líkleg til að blása nýju lífi í umræður um aðskilnað Quebec frá Kanada.

Pauline Marois, sem er forsætisráðherra í Quebec og leiðtogi aðskilnaðarsinna, hafði reynt að forðast að gera aðskilnaðarmálið að kosningamáli, en hún leysti upp þing í síðustu viku og boðaði til kosninga. -gb

LÖGREGLA LEITAR VITNA

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar þeirra sem geta gefið upplýsingar um mannaferðir í og við Kirkjuvelli og Árvelli á Kjalarnesi aðfaranótt sunnudagsins 9. mars. Rannsóknin snýr að slæmri meðferð dýra.

Hægt er að hafa samband við lögreglu í síma 444-1000 og í gegnum netfangið sigurdur.petursson@lrh.is.

Norsk kona á rétt á skaðabótum frá ríkinu sem tókst ekki að vernda hana fyrir fyrrverandi eiginmanni:

Flúði ofbeldi í sextán ár og skipti um nafn

ERLENT Norska ríkið var dæmt skaðabótaskyldt vegna þess að ekki tókst að vernda konu sem sætti heimilisofbeldi þar í landi svo árum skipti.

Konan hafði fengið úrskurðað nálgunarbann á fyrrverandi eiginmann sinn. Maðurinn hafði áður verið dæmdur fyrir ofbeldi gegn konunni og börnum þeirra og ítrekað dæmdur fyrir brot á nálgunarbanni. Þetta kemur fram á vefsíðu norska ríkisútvarpsins, NRK.

Konan var á flótta undan manningum í sextán ár þrátt fyrir nálgunarbannið. Maðurinn sendi henni og börnum hennar ítrekaðar líflátshótanir sem varð til

þess að hún flúði heimili sitt og skipti um nafn. Þrátt fyrir ítrekaða flutninga tókst ofbeldismanninum að hafa uppi á fjölskyldunni.

Konan segir við NRK að heppni ein hafi ráðið því að hún lifði ofbeldi af hendi mannsins af.

Hæstiréttur Noregs byggði niðurstöðu sína á ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu og fullyrti að norska ríkið hefði brugðist skyldum sínum. Rúmlega 800 manns í Noregi, mest konur og börn, eru á flótta undan heimilisofbeldi. -ssb



HEIMILISOFBELDI Norsk kona flúði eiginmann ítrekað án árangurs. NORDICPHOTOS/GETTY

Einfalt að skila framtali

Skilafrestur er til **21. mars**



■ Skilafrestur

Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til **21. mars**.

Unnt er að sækja um lengri frest á skattur.is og getur hann lengstur orðið til 1. apríl. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

■ Upplýsingar á framtali

Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum.

■ Auðkenning

Unnt er að auðkenna sig með þrenns konar hætti, þ.e. með rafrænum skilríkjum á debetkorti, rafrænum skilríkjum í gsm síma og með veflykli RSK.

Veflykla má fá senda í heimabanka eða með bréfaþósti.

■ Símaþjónusta í 442-1414

Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:30 til 15:30.

Dagana 21. mars, 31. mars og 1. apríl verður þjónustan í boði til kl. 19:00.

skattur.is

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

✉
rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver 9:30-15:30



Nánari upplýsingar á **rsk.is**

Styrkir

úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu

Þróunarsjóður framhaldsfræðslu auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu, sbr. lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.

Forgangssvið við úthlutun árið 2014 eru:

- Samstarf fræðsluaðila og fyrirtækis/fyrirtækja að skipulagi starfsþjálfunar og þróunar starfsnáms á vinnustöðum.
- Áhersla á nýsköpun, þróun náms og tilraunakennslu fyrir verk- og tæknimenntun í samstarfi við atvinnulífið.
- Hönnun á nýju námi fyrir hópa, þar sem skort hefur á framboð og tækifæri til náms.

Viðmiðin sem Þróunarsjóðurinn gengur út frá við val á verkefnum eru m.a. að þau:

- Ná til þeirra sem falla undir ramma laganna um framhaldsfræðslu
- Mæti sýnilegri þörf fyrir menntunarræði í framhaldsfræðslu
- Inniberi nýjungar í kennsluháttum í framhaldsfræðslu
- Inniberi samstarf

Umsóknarfrestur er til 9. apríl 2014

Eingöngu er tekið við umsóknum á rafrænu formi. Umsóknareyðublaðið, lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og nánari skilyrði má nálgast inn á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, www.frae.is

 FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI



HILMAR VEIGAR PÉTURSSON Framkvæmdastjóri töluleikjaframleiðands CCP.
MYND/CCP

Bókfært tap CCP nam 2,4 milljörðum króna:

CCP fór í gagngert uppgjör við fortíðina

VIÐSKIPTI Þrátt fyrir að tekjur töluleikjaframleiðandans CCP hafi aukist um 17 prósent nam bókfært tap 21,3 milljónum Bandaríkjadala á síðasta ári, eða um 2,4 milljörðum króna. Þetta er í fyrsta sinn frá árinu 2003 sem bókfært tap hefur verið á rekstrinum.

Hilmar Veigar Pétursson framkvæmdastjóri segir þetta bókfærða tap skýrast fyrst og fremst af þróunarkostnaði, sem hafi upphaflega verið eignfærður en í kjölfar áherslubreytinga hjá fyrirtækinu á síðasta ári hafi verið ákveðið að afskrifa hluta hans.

„Þetta er fyrst og fremst þróunarkostnaður sem við höfðum eignfært yfir síðustu ár,“ segir Hilmar. „Við erum að gera upp fortíðina og taka tillit til breyttra forsenda og áherslubreytinga.“ Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fór hluti af þessum kostnaði í að þróa töluleikinn Dust 514, sem settur var á markað fyrir Playstation 3 á síðasta ári, en sá leikur fékk blend-

ari viðtökur en CCP hafði vonast til. Aðspurður sagðist Hilmar hins vegar ekkert vilja sundurgreina nánar þetta bókfærða tap.

Á síðasta ári hafi EVE Online fagnað tíu ára afmæli og áskrifendur leiksins fóru í fyrsta sinn yfir 500 þúsund. Stjórnendur fyrirtækisins hafi því metið það svo að þetta væri rétti tíminn til að fara í djúpa skoðun á rekstrinum.

„Við grófum svolítið djúpt eins og sjá má á þessum tölum,“ segir Hilmar. „En aðalatriðið er að við erum mjög ánægðir með þennan 17 prósent vöxt á tekjum. Ég er sannfærðari en nokkru sinni fyrr um að okkar bestu verk og stærstu tækifæri eru fram undan.“

Tekjur CCP námu 76,7 milljónum Bandaríkjadala á síðasta ári. Framlegðin nam 69,8 milljónum dala, og hafði aukist um 15,5 prósent frá 2012. Þá skilaði CCP 19,8 milljónum dala í EBITDA, eða hagnað án tillits til vaxta, skatta og afskrifta.

-gb

ÞAÐ GETA EKKI ALLIR VERIÐ GORDJÖSS

Það er mikið í mig lagt
www.landrover.is



RANGE ROVER EVOQUE – VERÐ FRÁ 8.770.000 KR.

4x4 - TD4 2,2 dísil, 9 þrepa sjálfskipting. Eyðsla 6,5 l/100 km.*

Þú veist það um leið og þú sérð hann. Það er eitthvað einstakt við Range Rover Evoque. Hönnunin grípur þig samstundis. Útlitið er loforð um ævintýri, þægindi og óbeislaða upplifun. Búnaðurinn er á heimsælikvarða, hvort sem um ræðir aksturseiginleika, fjöðrunarbúnað, drifkerfi eða afl.

Reynsluaktu Evoque og leyfðu honum að heilla þig. Hafðu samband í síma 525 8000 eða komdu í heimsókn.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

BL



Brúðkaups- og blómasýning

LAUGARDAG OG SUNNUDAG - FRÁ 13:00 TIL 17:00



JÓGVAN HANSEN SYNGUR Á LAUGARDAG

GLÆSILEGAR BRÚÐKAUPSSKREYTINGAR OG BRÚÐARVENDIR MEÐ ÍSLENSK BLÓM Í AÐALHLUTVERKI, FJÖLDI SKEMMTILEGRA HUGMYNDA FYRIR ALLSKYNS BRÚÐKAUP. STÓRGLÆSILEG TÍSKUSÝNING, LUKKUPOTTAR OG FJÖLDI ÁHUGAVERÐRA KYNNINGA Á VÖRUM OG ÞJÓNUSTU TENGÐUM BRÚÐKAUPUM.

DAGSKRÁ Á LAUGARDAG:

13:00 JÓGVAN HANSEN OPNAR SÝNINGUNA MEÐ LJÚFUM TÓNUM.

14:00 STÓRGLÆSILEG TÍSKUSÝNING BRÚÐARKJÓLALEIGUNNAR TVÖ HJÖRTU OG HÁRGREIÐSLUSTOFUNNAR HÁR OG DEKUR

15:00 ÞÓR BREIÐFJÖRÐ SYNGUR LÖG OG KYNNIR NÝJA PLÖTU



ÞÓR BREIÐFJÖRÐ SYNGUR Á LAU OG SUN

20%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM BLÓMABÚNTUM
OG POTTAPLÖNTUM

FJÖLDI FALLEGRA ÍSLENSK RÆKTAÐRA BLÓMA
Á BLÓMASÝNINGUNNI
RÓSIR, GERBERUR, TULIPANAR, LILJUR O.FL.

LJÓSMYNDASTOFAN
STÚDÍÓ DOUGLAS

Fresita

ÖKKAR BAKARÍ

Tvö Hjörta
BRÚÐARKJÓLALEIGUN & VERGJUN

Hár & Dekur

HEKLA

BORD FYRIR TVÖ
LAUGAVEGUR 95

KOKKARNIR

heilsa
-hafðu það gott



GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

MÁLNINGAR HELGI



**HÚSASMÍÐJAN
SKÚTUVOGI**

LITIR ÁRSINS

Þórunn Högná
kynnir litakort
ársins og veitir
litaráðgjöf í dag
kl 14-16



**KOMDU
OG FÁDU
LITAPRUFUR
Í NÆSTU
VERSLUN**

Málningarprufa

590 kr.

Blöndum alla liti.
Prófaðu draumalitinn
á lægra verði um helgina

Tilboð gilda í
öllum verslunum
Húsasmiðjunnar.

JOTUN

20% afsláttur

Lady Vegg 10

Einstaklega slitsterk
hágæðamálning, fyrir
stofuna, svefnherbergið og
baðherbergið.

7122223



Veggmálning

6.583 kr.

3 ltr.



Veggmálning

9.995 kr.

10 lítrar

HarpaSjöfn

Sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður.
Þekur vel, sem þýðir færri umferðir
og minna magn af málningu.

7119970

HarpaSjöfn
Aðeins í



Veggmálning

3.995 kr.

ÓDÝRT

Impra veggmálning 10 ltr.

Mött veggmálning til notkunar
innan húss. Gljástig 5, hvít.

7119964

„Elite“ rúllusett

Sett með bakka,
„maxi“ handfangi
og Anlon 25 sm rúllu.

7014822



Rúllusett

995 kr.

25 cm rúlla, bakki
og handfang

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ

Andlitsmálun fyrir börnin Skútuvogi

Sirkus Íslands
málar börnin
laugardag
og sunnudag
kl. 14-16.



BLÓMASÝNING ARSINS



BLÓMAVAL SKÚTUVOGI

BLÓMA SÝNING

ÍSLENSK AFSKORIN BLÓM
MIKILL FJÖLDI TEGUNDA
Íslenskar rósir, liljur, gladiólur,
krýsi, gerberur og túlípanar í
öllum regnbogans litum!

MIKIÐ ÚRVAL AF ÝMSUM PLÖNTUM
Á BLÓMASÝNINGUNNI.

Friðarlilja • Ástareldur • Erika • Flamingóblóm
Kaktusar • Drekatré • Páskalilja,
Kaffibaunatré • Hyasinta • Muskari
Bridal Crown • Hortensía • Orkidea
Kryddplöntur og margar
fleiri tegundir.

Taktu þátt
í að velja
**BLÓM
ARSINS**
Þeir heppnir fá
10.000 kr.
gjafabréf

Túlípanar
10 stk

999 kr

~~1.499 kr~~



Páskaliljur
Tet a tet

299 kr

~~499 kr~~



Rósabúnt

1.199 kr

7 stk.



Alparós

1.599 kr

~~1.799 kr~~



Orkidea

1.599 kr

~~1.990 kr~~



Hortensía

1.599 kr

~~2.190 kr~~

Tilboð gilda í
öllum verslunum
Blómavals.

Kaffi Garður
Skútuvogi
laugardag

Pylsa og Coke

299 kr.

Ís á **99 kr.**



blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

ENDURJALDSLAUS RÁÐGJÖF VIÐ GERÐ SKATTFRAMTALA



Lögfræðipjónusta Lögréttu veitir endurgjaldslosa ráðgjöf við gerð skattframtala í samstarfi við KPMG og Arion banka.

Ráðgjöfin verður veitt laugardaginn 15. mars kl. 13-17 í Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1 í Sólinni (aðalbyggingu) og eru **allir velkomnir**.

Hvað þarf að hafa meðferðis?

- Lykilorð og auðkennislykil til að komast inn í heimabanka
- Veflykil inn á rsk.is
- Verktakamiða síðasta árs (ef við á)

Skilafrestur á skattframtali einstaklinga er til 21. mars.



LAVROV OG KERRY Utanríkisráðherrar Rússlands og Bandaríkjanna í London í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Kerry og Lavrov ræddust við um Úkraínu: Ekkert mark verður tekið á kosningum

ÚKRAÍNA Ekkert mark verður tekið á niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Krímskaga, sem efnt verður til þar á skaganum á morgun.

Þetta fullyrkti John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að loknum fundi hans í London með Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands.

Lavrov sagði viðræður þeirra hafa verið gagnlegar, en ljóst væri að Rússar og Bandaríkjamenn hefðu ekki sama skilning á atburðunum í Úkraínu.

Íbúar á Krímskaga kjósa á morgun um það hvort skaginn eigi

að segja skilið við Úkraínu og sameinast Rússlandi. Almennt virðist talið að meirihluti íbúanna muni samþykka það, en um 60 prósent íbúa skagans eru rússneskumælandi.

Leiðtogar Vesturlanda hafa ítrekað hvatt Rússa til þess að draga herlið sitt frá Krímskaga og hætta að hvetja vopnaðar sveitir Krímverja til dáða.

Vesturlönd segja einnig að þjóðaratkvæðagreiðslan á morgun standist hvorki úkraínsk lög né alþjóðalög og geti aldrei orðið grundvöllur að breytingum á stöðu Krímskaga. - gb

Rússneskt herlið við landamærin

Rússar hafa sent fjölmennt herlið að austurlandamærum Úkraínu. Lavrov utanríkisráðherra segir þó engin áform uppi um að ráðast inn í austanverða Úkraínu, en þar er mestur stuðningur meðal íbúa við nánari tengsl við Rússland. Rússneska utanríkisráðuneytið sagði hins vegar í tilkynningu í gær að átök sem urðu í fyrrinótt í borginni Donetsk sýndu að Úkraínustjórn hefði misst tökin á ástandinu og gæti ekki tryggt öryggi íbúanna. Þetta hefur verið túlkað sem óbein hótun um innrás.

Horft til framtíðar í uppbyggingu raforkuflutningskerfisins

Opinn kynningarfundur Landsnets

Landsnet býður til fundar um stöðu og framtíðaruppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi.

Einnig verður staða jarðstrengjamála rædd og kynnt fyrirkomulag þeirra mála í Danmörku og Noregi.

Fundarstaður: Hilton Reykjavík Nordica, 1. hæð,
20. mars 2014 kl. 9:00-11:30.

Morgunhressing frá 8:30 og á fundi.

Skráning á www.landsnet.is eða í síma 563 9430.

Allir velkomnir!

Dagskrá:

Áskoranir næstu ára

Geir A. Gunnlaugsson, stjórnarformaður Landsnets.

- Grundvöllur bættra lífskjara er aukin verðmætasköpun.
- Dreifing raforku um landið í ljósi umræðu um verndun náttúrunnar.
- Hvaða breytingar þurfa að verða á rekstrarumhverfi Landsnets til að auka hagkvæmni flutningskerfisins.

Þyngri rekstur, ný kynslóð mannvirkja

Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets.

- Óviðunandi rekstur raforkukerfisins - aðgengi að öruggri raforku háð búsetu.
- Nútímalegri hönnun háspennumastra og tengivirkja.

Flutningskerfið þarf að styrkja í sátt við samfélagið

Guðmundur I. Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets.

- Forgangsröð framkvæmda - Sprengisandslína?
- Jarðstrengir - mismunandi útfærslur sem koma til greina á Íslandi.

Stefna Noregs í jarðstrengjamálum

Tanja Midtsian, frá NVE (Orkustofnun Noregs).

- Loftlínur á hærri spennustigum.
- Skipulagsvald raforkumála á einni hendi.

Stefna Danmerkur í jarðstrengjamálum

Jens Møller Birkebæk, frá Energinet.dk.

- Þéttbýlt land sem gengur hvað lengst í heiminum í lagningu jarðstrengja.
- 400 kV í loftinu í dag - gætu farið í jörð í framtíðinni.

Ávarp

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Fyrirspurnir og umræður

Fundarstjóri:

Þorgeir J. Andrésson, skrifstofustjóri Landsnets.

Bein útsending á www.landsnet.is

5
ÁRA
Ábyrgð
Ótakmarkaður
akstur
5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur



Hyundai Santa Fe Sparneytinn lúxusjeppi

Hyundai Santa Fe dísil, 197 hestöfl, sjálfskiptur
Verð frá: 7.450.000 kr.

LED fram- og afturljós / LCD mælaborð / regnskynjarar á framúðu
íslenskt leiðsögukerfi / leðuráklæði / bakkskynjarar / panorama glerþak
rafstýrð sæti með minni / aksturstölva

*Middi vöð uppgefnar tölu framleiðanda um eidsneytisnotkun bensínþéttis í 95 l blönduðum akstri

OPIÐ Í DAG, LAUGARDAG FRÁ 12-16

 NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kaupúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

BL

Hyundai / BL ehf.

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bilaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

ENMEMM / SIA / NMS1797

Stjórnarformaður Össurar gagnrýnir ný stjórnvöld:

Áfram á vöndum stað

Stjórnarformaður þekkingarfyrirtækisins Össurar hf., Niels Jacobsen, var harðorður í garð íslenskra stjórnvalda í ræðu sinni á aðalfundi fyrirtækisins í gær. Þetta er fjórði aðalfundurinn í röð þar sem Jacobsen gagnrýnir harðlega ráðstafanir ríkisstjórnar Íslands og það viðskiptaumhverfi sem alþjóðlegum þekkingarfyrirtækjum er búið.

Rauði þráðurinn í gagnrýni Jacobsens hefur annars vegar verið að gjaldmiðillinn sé ónothæfur, hins vegar að lagasetning sé „fljótfærnisleg, tíð og ófagleg“ og ríkur vilji til að búa til sér-íslenskar lausnir, sem ekki hafa verið reyndar annars staðar.

Vinstri stjórnin tók ekki mark á gagnrýni þessa þekktu áhrifamanns í evrópsku atvinnulífi, ekki fremur en annarra sem gagnrýndu það viðskipta- og fjárfestingarumhverfi sem fyrirtækjum á Íslandi var búið í hennar tíð. Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi forsætisráðherra, talaði um „svartagallsraus“ og gaf ítrekað til kynna að fólkíð sem rekur fyrirtæki á Íslandi skildi bara alls ekki hvað það byggi í rauninni við frábærar aðstæður og gengi vel hjá því.

Svo kom til valda ný ríkisstjórn, sem ætlaði að eyða pólitískri óvissu, hverfa af braut fjandskapar við atvinnulífið og skapa fyrirtækjum hagstætt rekstrarumhverfi. Af hverju ætli Niels Jacobsen ítreki þá ádeilu sína? Getur það verið af því að þrátt fyrir falletti orðin hjá nýju ríkisstjórninni hafi ekkert breytt?

Jacobsen bætti raunar heldur í gagnrýni sína í gær; sagði að Ísland hefði sótt um aðild að Evrópusambandinu og það hefði verið helzta von Össurar um að komast út úr erfiðum aðstæðum óhagstæðs gjaldmiðils og ófyrirsjáanlegs lagaumhverfis. „Því miður eru áhyggjur mínar enn gildar þar sem íslensk stjórnvöld hafa í hyggju að binda enda á umsóknarferlið án þess að sagt hafi verið frá neinni varaáætlun,“ sagði Jacobsen.

Með öðrum orðum væri ekkert plan um að aflétta gjaldeyrishöftunum sem hefðu verið í gildi í á sjötta ár, fyrirtækið byggir hvorki við opið né fyrirsjáanlegt umhverfi og það sem væri verra; ekkert benti til að það myndi breytast. „Þetta gengur ekki til lengri tíma. Á þessari stundu er Ísland ekki góður staður til að reka alþjóðlegt fyrirtæki. Þetta er meiriháttar áhyggjuefni og ég vona að það verði komið fram með lausn fljótlega,“ sagði stjórnarformaður Össurar.

Og hver eru viðbrögð stjórnvalda að þessu sinni – ríkisstjórnarinnar sem er svo mikill vinur atvinnulífsins? Þau eru ósköp svipuð og hjá fyrri stjórn; þetta er allt einhver misskilningur.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir í Fréttablaðinu í dag að skilaboðin úr efnahagslífinu séu í hina áttina; hér gangi allt svona líka ljómandi vel. Gjalddeyrihöftin séu reyndar vandamál og mikilvægt að ná áfanga í að aflétta þeim. Planið um haftalausn, stöðugan gjaldmiðil höfum við hins vegar ekki séð, enda er það ekki til.

Þessi ríkisstjórn virðist álíka skeytingarlaus og sú síðasta um rausið í atvinnulífinu. Talsverðar líkur virðast vera á að Ísland verði áfram vöndur staður fyrir framsæknustu vaxtarbrodda atvinnulífsins og þeir endi með að skjóta rötum annars staðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ertu að leita að innihaldsríku fríi?

- **MUNDO** - ferðaskrifstofa þar sem menntun, skemmtun, menning og þjálfun fara saman, boðar til almenns kynningarfundar í Hannesarholti Grundarstíg 10, miðvikudaginn 19. mars klukkan 17:00.

Allir velkomnir!

MUNDO
www.mundo.is



SPOTTIÐ



AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

Fljótandi utanríkispolitík

Utanríkisráðherra kynnti Alþingi í vikunni nýja Evrópustefnu ríkisstjórnarinnar í snöggu andsvari við umræðu um þá tillögu hans að slíta aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Þessi háttur á kynningu málsins fyrir löggjafarþinginu segir allt sem segja þarf um mat ráðherrans sjálfs á mikilvægi nýju stefnunnar.

Hún felur aðallega í sér áform um að bregðast vel við ýmsum athugasemdum sem fram hafa komið á síðustu árum um framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Ætlunin er til að mynda að hraða sjálfvirkri innleiðingu á reglum sameiginlega innri



markaðarins. Allt sem sett hefur verið á blað um þetta efni er til bóta og ástæðulaust að gera lítið úr því. Ríkisstjórnin á þvert á móti hrós skilið fyrir góð áform um bæt vinnulag. Það sem gerir málið broslagt er að upptalning á framkvæmdaatriðum, sem sinna má betur, hljóti svo hástemmda yfirskrift að hún teljist vera ný Evrópustefna.

Þó að þessi minnisatriði hafi verið í umræðunni um tíma er augljóst að þeim er breytt í

stefnuyfirlýsingu í einhverju fátí og algerlega úr samhengi við allt annað. Það dregur athyglina að þeirri miklu breytingu sem orðið hefur í utanríkismálum. Í stað áratuga stefnufestna koma yfirlýsingar út og suður eftir því hvernig vindarnir blása frá einum tíma til annars.

Alþýðubandalagið og síðar VG hafa átt aðild að fimm ríkisstjórn-um án þess að losnað hafi um þessa stefnufestu. Nú er utanríkispolitíkin hins vegar komin á flot þannig að erfitt er um vik að glöggva sig á markmiðum og leiðum. Og það hlýtur síðan að vera enn erfiðara fyrir þá sem horfa til landsins utan frá.

Býr engin hugsun að baki?

Á síðasta kjörtímabili flutti núverandi utanríkisráðherra ásamt fleiri samherjum sínum tillögu til þingsályktunar um fríverslun við Bandaríkin. Í henni var sérstök áhersla lögð á viðskipti með landbúnaðarafurðir. Málinu hefur ekki verið hreyft eftir að tillögumennirnir komust í ríkisstjórn.

Flutningsmenn skýrðu aldrei út hvers vegna þeir voru hlynntir frjálsum innflutningi á landbúnaðarvörum frá Bandaríkjunum en andvígir kæmu þær frá Evrópu. Reyndar vissu allir að þeir meintu ekkert með tillögunni og

treystu því að hún yrði ekki samþykkt.

Hún var aðeins hugsuð sem svar við þeirri gagnrýni að andstaða við frekara Evrópusamstarf fæli í sér hættu á einangrun. Tillagan var augljóslega sett fram í fátí til að aka seglum undan mótvindi.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þótti ekki ástæða til að minnast á grundvallarþættina í utanríkispolitík landsins eins og aðildina að Atlantshafsbandalaginu og að innri markaði Evrópusambandsins. Þess í stað komu óljósar setningar um leit að nýjum bandamönnum. Af orðalaginu

mátti þó ráða að þar var átt við Kína, Rússland og Indland. Þetta var eftir forskrift forseta Íslands sem lengi hefur barist fyrir því að sveigja utanríkisstefnuna frá Evrópu og Ameríku til þessara landa.

Utanríkisráðherra komst fljótt í vörn með þessa stefnu. Eftir það hefur hann kappkostað að halda því fram að ekki eigi að veikja það samstarf sem staðið hefur um langa hríð. Ástæðulaust er að rengja það. En eftir stendur að ný skref má aðeins stíga í aðrar áttir. Það er erfitt að fá heila brú í þá hugsun sem að baki býr. Kannski er hún engin.

Líka einangraðir í norðrinu

Ríkisstjórnin fékk á sig brotsjó þegar hún ætlaði að láta Alþingi slíta aðildarviðræðunum við Evrópusambandið á dögunum. Ofan í þau kaup komu svo aðgerðir Rússa til að innlima Krímskagann. Þegar þannig var komið þótti utanríkisráðherra rétt að beina athyglinni frá áformum um nýja bandamenn. Gömlum minnislista um bættu framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið var þá í einhverju ódagoti breytt í nýja Evrópustefnu.

Hún veitir aftur á móti engin svör við þeim áskorunum sem við blasa og kalla á stjórnarskrár-breytingar til að halda megi samstarfinu um Evrópska efnahagssvæðið áfram. Það á til dæmis við um nýjar reglur um eftirlit með fjármálastofnunum. Klípa ríkisstjórnarinnar er sú að um leið og hún innleiðir þær falla veigamestu rök, sem hún hefur notað gegn aðild, um koll. Hvaða gildi hefur ný stefna sem ekki geymir leiðarvísi um lausn á málum sem þegar eru komin á eindaga?

Stundum segir utanríkisráðherra að norðurslóðasamstarf eigi að koma í stað nýrra skrefa í Evrópusamvinnu. Nú hafa Færeyingar og Norðmenn skilið Ísland eftir einangrað í makríldeilunni. Einnig á þessum slóðum hefur ríkisstjórninni mistekist að afla bandamanna. Þá er fokið í flest skjól.

Þegar utanríkisstefnan er orðin reikil eins og rötlaust þangið er kominn tími til að ræða markmiðin og leiðirnar í meiri alvöru en gert hefur verið.

Netframtal einstaklinga 2014

Framtalsfrestur einstaklinga er til 21. mars. Hægt er að sækja um viðbótarfrest og er hann lengstur veittur til 1. 4. mánaðar. Að annað hjóna/sambúðarfólks sækir um frest, hann gildir fyrir bæði. Veittur frestur gildir einnig fyrir börn umsækjanda.

> Umsókn um frest.

Rafræn skilríki á korti

Skilríki á debet- eða snjallkorti



Settu kortið í lesarann

Innskráning

> Hvað eru rafræn skilríki?

Rafræn skilríki á farsíma



Skilríki á farsíma

Sláðu inn símanúmer:

Innskráning

Farsíminn þinn þarf að vera með rafræn skilríki

Veflykill


Skilyrtir re

Kennitala*

Veflykill*

> Týndur ve

Beittu nýrri tækni við skattskilin



RSK - Í FORYSTU Í RAFRÆNUM SAMSKIPTUM

Ríkisskattstjóri fer fremstur í flokki í því að innleiða nýjustu tækni í opinberri þjónustu. Þess vegna getur þú núna einfaldað þér skattskilin og auðkennt þig örugglega með rafrænum skilríkjum í farsímanum eða á debetkortinu. Vertu í fararbroddi öruggar auðkenningar á netinu og nýttu þér flýtmöguleika rafrænna skilríkja.

Vandamálið sem enginn talar um

Ljóst er að fjölga þarf hjúkrunarrýmum fyrir aldraða um allt að 1.700 á næstu 15 árum og nemur kostnaður vegna þessa um 54 milljörðum króna. Af þessum fjölda eru um 1.100 á höfuðborgarsvæðinu. Þetta eru staðreyndirnar sem stjórnsmálameinn forðast að ræða, enda aldrei vinsælt að ræða um málefni aldræðra, hóps sem gerir litlar kröfur og er aldrei hávær. Slíkir hópar eru sjaldnast ofarlega í forgangs röðinni.

Miklar breytingar verða á aldursmáttalningu þjóðarinnar á næstu áratugum. Þannig er gert ráð fyrir að þeim sem eru 67 ára eða eldri fjölgi um rúmlega 26.000 á næstu 15 árum, eða um 71% frá því sem er í dag. Talið er að þeim sem eru 80 ára og eldri fjölgi um tæplega 6.600, eða um 55%. Þessar miklu breytingar kalla á aðrar og ólíkar áherslur í heilbrigðismálum, þar sem hugsanlega þarf fyrir þörfum þessa vaxandi hóps.

Flestar fjölskyldur þekkja þann vanda sem skapast þegar þarf að koma öldruðum ættingjum í hjúkrunarrými. Að meðaltali voru um 250 manns á biðlista eftir slíkum rýmum á þriðja ársfjórðungi síðasta árs, og var meðalbið hátt í fjórir mánuðir. Að óbreyttu mun þessi tími lengjast til muna. Niðurskurður undanfarinna ára á framlögum til

SAMFÉLAG



Karl Garðarsson
þingmaður Framsóknarflokksins

→ Niðurskurður undanfarinna ára á framlögum til heilbrigðismála hefur komið illa niður á öldruðum. Þjónusta hefur verið skert og lyfjakostnaður aukist.

heilbrigðismála hefur komið illa niður á öldruðum. Þjónusta hefur verið skert og lyfjakostnaður aukist. Þessu verður að breyta. Nauðsynlegt er að styrkja heimaþjónustu og stoðþjónustu til muna.

Flestir eru sammála um nauðsyn þess að veita auknu fjármagn í heilbrigðiskerfið, sem stendur frammi fyrir auknu álagi á næstu árum, þar sem þjónustan verður ekki síst að taka mið af því að þjóðin er að eldast. Þá hefur rekstur hjúkrunarheimila verið erfiður og daggjöld of lág. Minni heimili hafa átt sérstaklega erfitt.

Unnið er að úttekt á málefnum aldræðra sem gerð verður opinber í byrjun sumars. Málið þolir enga bið. Stjórnvöld verða að taka höndum saman við sveitarfélög og einkaaðila um uppbyggingu hjúkrunarheimila. Við verðum að gera þá lágmarkskröfu að þörfum aldræðra sé sinnt með viðeigandi hætti og að langir biðlistar eftir þjónustu heyri sögunni til. Aldræðir eiga það skilið.

Skrípaleiks- atkvæðagreiðsla á Krím

Þegar fólk er gert að velja milli valkosta undir hótunum um valdbeitingu er það ekki val.

Á morgun, sunnudag, standa íbúar Krímskaga frammi fyrir ómögulegu vali: að kjósa að verða þegar Rússlands, eða að kjósa sjálfstæði – með enga tryggingu fyrir því að rússnesk stjórnvöld muni virða fullveldi sjálfstæðs Krímskaga frekar en þau hafa virt landamæri sjálfstæðrar Úkraínu.

Það er séð til þess að líkurnar séu yfirgnæfandi á að niðurstaðan verði Rússlandi í hag – eins og þegar kastað er upp peningi, og valkostirnir eru: Framhliðin: Rússland vinnur. Bakhliðin: Krím tapar.

Atkvæðagreiðslan er – hver sem úrslit hennar verða – bæði ólögleg í skilningi alþjóðalaga og skýlaust brot á stjórnarskrá Úkraínu. Um það leikur enginn vafi. Atkvæðagreiðslan verður ólögmet. Hvernig gætu kosningar sem haldnar eru í skugga þungvopnaðra rússneskra hermanna, í héraði sem sætir hernámi, verið nokkuð annað?

Spurningar af þessu tagi á að útkljá í frjálsum og sanngjörnum



Stuart Gill
sendiherra Bretlands á Íslandi

þjóðaratkvæðagreiðslum – eins og við munum sjá dæmi um í Skotlandi seinna á þessu ári. En atkvæðagreiðslan á Krím á morgun verður allt annað en frjáls og sanngjörn.

Á síðustu tveimur áratugum höfum við lagt okkur fram um að yfirvinna spennu og vantraust kaldastríðsáranna og viðurkenna hið öfluga og jákvæða framlag Rússlands til alþjóðasamfélagsins – og til hagsældar okkar allra.

Ekki of seint

Heilum vef alþjóðlegra sáttmála og stofnana hefur verið komið upp til að forðast að endurtaka hinar hatrömmu erjur fortíðarinnar og að stuðla að friðsamlegri lausn ágreiningsmála. Stofnanir á borð við ÖSE og Evrópuráðið, sem Rússland er virkur meðlimur í, gegna því hlutverki að aðstoða ríki við að útkljá mál sem varða sjálfsákvörðunarrétt þjóða og vernd minnihlutahópa.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu – framvörður réttmætra kosningahátta – hefur lýst því yfir að atkvæðagreiðslan á Krím

→ Atkvæðagreiðslan er – hver sem úrslit hennar verða – bæði ólögleg í skilningi alþjóðalaga og skýlaust brot á stjórnarskrá Úkraínu. Um það leikur enginn vafi.

sé ólögleg og stofnunin muni ekki senda eftirlitsmenn til að fylgjast með framkvæmd hennar.

Það er þó ekki orðið of seint fyrir Rússland að notfæra sér þessar stofnanir; að taka af alvöru þátt í diplómátskum samninga-umleitunum og sanngjarnri leit að friðsamlegri lausn.

Við skorum enn á Pútín Rússlandsforseta að beita áhrifum sínum í þágu hagsmuna Krímskaga, Úkraínu, Evrópu og Rússlands, og binda enda á þessa deilu.

Mjög mikilvægt fyrsta skref að því marki væri að stjórnvöld í Moskvu ákvæðu að viðurkenna ekki niðurstöðuna úr skripaleiks-atkvæðagreiðslunni á sunnudag. Það liggur fyrir, að hún mun ekki hafa neitt lagalegt gildi. Hún mun ekki hafa neitt síðerfalegt gildi. Og alþjóðasamfélagið mun ekki viðurkenna niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar. Hún ætti ekki að fara fram.

Um goðsagnir í kjúklingarækt

Ritstjóri Fréttablaðsins dregur upp dökka mynd af íslenski kjúklingarækt í leiðara 11. mars síðastliðinn. Þar fjallar hann um allt það neikvæða sem kom fram í skýrslu frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) eftir fyrstu vettvangsathugun í íslenskum alifuglasláturhúsum og kjúklingabúum eftir að matvælaöggjög Evrópusambandsins varð hluti af EES-samningum árið 2011. Engum orðum er eytt í það jákvæða sem kjúklingabændur hafa áorkað á síðustu árum. Íslenskir bændur eru vandvirkir og þykir miður að vera vændir um óvandaða búskaparhætti.

LANDBÚNAÐUR



Jón Magnús Jónsson
bóndi á Reykjabúinu

mjög strangar smitvarnir svo bakterían berist ekki inn í kjúklingahús, því hún finnst mjög víða í umhverfinu. Þetta tókst íslenskum alifuglabændum og afurðir úr mjög fáum hópum þarf núna að frysta vegna kampýlobactersmits (frystingin er skylda og fækkar bakteríum um allt að 90%). Tíðni kampýlobactersmitaðra hópa er einfaldlega með því lægsta sem þekkt er á byggðu bóli. Þá sjaldan sem smits verður vart er kjótið fryst. Í Evrópu er slíkur kjúklingur seldur ferskur. Hér eru strangar reglur um salmonellusmitaða kjúklingahópa. Þeim er einfaldlega fargað.

→ Íslenskir bændur eru vandvirkir og þykir miður að vera vændir um óvandaða búskaparhætti.

kjúklingarækt hér á landi er með því besta sem þekktist. Frystikraftan á líka sinn þátt í að vernda neytendur. Erlendis hafa eftirlitsstofnanir ekki treyst sér til þess að setja frystikröfuna sem skilyrði. Í Evrópu hefur hún verið talin of íþyngjandi fyrir greinina og markaðinn.

Sýklalyfjagjöf er óþörf

Í skýrslu ESA komu ýmsar athugasemdir fram um eftirlit sem Matvælastofnun hefur tekið til greina og gert áætlun um úrbætur. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að heilnæmi íslenskra kjúklinga er gott með tilliti til salmonelli og kampýlobacters og sá árangur sem hér hefur náðst í smitvörnum á síðustu árum hlotið eftirtekt og addáun í nágrannalöndum okkar. Íslenskir kjúklingabændur hafa uppskorið eftir erfiðum og árangurinn er meðal annars sá að sýkingar í mönnum eru afar fátíðar hér á landi eftir neyslu kjúklingakjötis. Áður hefur verið fjallað um notkun sýklalyfja í íslenskum landbúnaði sem er með því minnsta í hinum vestræna heimi. Í innlendi kjúklingaframleiðslu er heilbrigði fuglanna það gott að sýklalyfjagjöf er óþörf. Hreinleiki og heilnæmi íslensks kjúklingakjötis er engin goðsögn.

Tilboðsverð

Bosch uppþvottavél

Fimm kerfi, 13 manna, 44 dB.

SMU 55M12SK

149.900 kr. stgr.



Hlíðasmára 3 | www.bosch.is | Sími 520 3090

Bosch ryksuga

2000 W.

BSD 3020

15.900 kr. stgr.



BOSCH

BÚÐIN



Framkvæmdir í Hofsvallagötu - Vinnufundur með íbúum

Vinnu- og samráðsfundur með íbúum um endurhönnun Hofsvallagötu verður haldinn á Hótel Sögu, þriðjudaginn 18. mars milli kl. 17:15 og 18:45 í salnum Kötlu.

Endurhönnun götunnar og tilheyrandi framkvæmdir eru liður í því að framfylgja nýju aðalskipulagi Reykjavíkur þar sem að öllum ferðamatum er gefið rými á götum borgarinnar. Markmið breytinganna er m.a. að draga úr hraða bílaumferðar, hávaða, bæta öryggi og loftgæði. Fundurinn verður með þjóðfundarsniði þar sem íbúar skipta sér niður á 6-8 manna borð, skrifa niður hugmyndir sínar og merkja á kort af svæðinu. Framkvæmdir verða á þessu ári og eru 150 milljónir ætlaðar til verksins.

Vonumst til að sjá sem flesta!

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur



Reykjavíkurborg

SAMSTÖÐUFUNDUR 3

Fjölmennum á Austurvöll kl. 15-16
laugardaginn 15. mars

Spurningin um aðild að Evrópusambandinu er stærri og mikilvægari en svo að einstakir stjórnmaflokkar eða ríkisstjórnir eigi að ráða svarinu.

Alþingi ber að sýna þjóðinni þá virðingu að leggja framhald aðildarviðræðna Íslands og Evrópusambandsins í dóm allra Íslendinga.

Þess vegna er hafin undirskriftasöfnun á vefnum **Þjóð.is** þar sem skorað er á Alþingi að leita þjóðarviljans.

Alþingismenn starfa í umboði okkar. Látum þá vita hvað við viljum og skrifum undir.

www.pjood.is



JÁ, ÉG VIL
KJÓSA!

HELGIN



Sigmundur Ernir Rúnarsson, skáld

Les ljóð í messu

Í dag ætla ég í spássitúr og sund með nfu ára dóttur minni því mamma er að vinna. Á morgun les ég ljóð í Seltjarnarneskirkju í messunni klukkan 11 en síðdegð fer í búslóðarpökkun því fjölskyldan er að flytja í miðbæinn eftir 18 ára búsetu í Grafarvoginum.



Þóráðs Filipsdóttir, þjálfari og qigong-leiðbeinandi

Sérrí í eftirrétt

Í dag ætla ég út að skokka og halda epískt matarboð í kvöld þar sem borðað verður á gólfinu og sérrí í eftirrétt. Á morgun ætla ég svo að vinna í Sitstretch.com forritinu.



Björn Þorláksson, blaðamaður

Sveitaferð með börnunum

Ég ætla að verja helginni með börnunum mínum þremur því ég er grasekill núna. Kannski skreppum við í Mývatnssveitina og kíkjum í jarðböðin.



Steinunn Valdís Óskarsdóttir, sérfræðingur

Sáning og matarboð

Með hækkandi sól fer maður að stússast í sáningu kryddjurta og grænmetis. Auk þess stendur til ferð í IKEA en toppurinn verður matarboð í kvöld.

Superkaup.is



FESTING FYRIR
SORPTUNNULOK

7 daga tilboð kr. 1.500

m/uppsetningu á Höfuðborgarsvæðinu

Borgarís ehf. Breiðvangur 28, 220 Hafnarfjörður s: 564 6700



SAMEINAST Á TÓNLEIKUM Hjónin Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson ætla að sameina alla fjölskylduna á Café Rósenberg í kvöld. FRÉTTABLAÐID/ARNPÓR

prooptik.is



50% afsláttur

af öllum **Seleste** umgjörðum

Gildir til 24. mars

prooptik
gleraugu

SKEIFUNNI | KRINGLUNNI | SPÖNGINN

Fjölskyldan sameinast á sviðinu í fyrsta sinn

Tónelska fjölskyldan Eyþór Gunnarsson, Ellen Kristjánsdóttir, systurnar Sigríður, Elín og Elísabet og Eyþór Ingi, yngsti bróðirinn, ætla að sameinast á sviði í fyrsta sinn á Café Rósenberg í kvöld. Á boðstólum verður einhvers konar hrærigrautur af þeirra eigin efni í bland við ábreiður.

Álfrún Pálsdóttir
alfrun@frettabladid.is

Við mæðgurnar fengum þessa hugmynd er við vorum að troða saman upp á Rósenberg fyrir ekki svo löngu, að það væri gaman að sameina fjölskylduna á sviðinu," segir Elín Eyþórsdóttir, tónlistarkonan sem kemur úr ansi þekktari tónlistarfjölskyldu.

Elín skipar danssveitina Sísí Ey ásamt systur sínum Elísabetu og Sigríði og foreldrar þeirra eru hjónin Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson.

Drátt fyrir að starfa öll í tónlist er sjaldgæft að þau komi öll fram saman á tónleikum. Í kvöld er komið að því og ætlar Eyþór Ingi, yngsti bróðirinn, einnig að vera með en þetta er frumraun hans opinberlega á sviði með fjölskyldunni.

„Hann er 16 ára og hefur einbeitt sér að raftónlist hingað til. Hann er mjög fær og það er aldrei að vita hvaða hljóðfæri hann grípur í á sviðinu.“

Tónleikarnir fara fram á Café Rósenberg í kvöld og er þeirra eigið efni á dagskránni í bland við ábreiður. Elín segir fjölskylduna ekki hafa verið í neinum ströngum æfingabúð-

Hvað? Tónleikar

Hvar? Café Rósenberg

Hvenær? Klukkan 22

um fyrir tónleikana. „Við erum búin að æfa svona eins og við getum. Svo getur verið að við tökum nokkrar órafmagnaðar útgáfur af lögum okkar í Sísí Ey.“ Það má því búast við miklu stuði frá þessari tónelsku fjölskyldu í kvöld.

Annars er danssveitin Sísí Ey byrjuð að taka upp nýja plötu og segir Elín að næst á dagskrá hjá sveitinni sé að gefa sér tíma til að klára hana. „Ég veit ekkert hvenær hún kemur út en hálfnað verk þá hafið er.“

FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...

Í BÍÓ PARADÍS OG FÁÐU SMJÖRPEFINN AF PVÍ SEM ÞÝSK KVIKMYNDALIST

HEFUR UPP Á AÐ BJÓÐA. Nú standa yfir þýskir kvikmyndadagar þar sem á boðstólum eru sex nýjar

og nýlegar myndir frá Þýskalandi. Myndirnar eru á þýsku með enskum texta.



Á LAGIÐ KINGS AND CROSS með

tónlistarmanninum Ásgeiri Trausta sem er að sigra heiminn þessa dagana en hann sló í gegn á bransahátíðinni South by Southwest í Texas í vikunni.

KLASSÍKA MEISTARA-VERKIÐ LITLA

PRINSINN og hitaðu upp fyrir leikritið sem verður sett upp í Þjóðleikhúsinu í næsta mánuði.



Á VETRARÓLYMPIUMÓT fatlaðra í Sotsjíf sem lýkur á morgun.

PIZZUTILBOÐ

Í Iceland færðu úrval af ljúffengum pizzum.
Kauptu 5 pizzur að eigin vali en borgaðu fyrir 4.



398 STK.
THIN & CRISPY OG DEEP PAN
PIZZUR

5 **FYRIR** **4**



398 STK.
CHICAGO TOWN
PIZZUR



598 STK.
STUFFED CRUST
PIZZUR



898 STK.
CHICAGO TOWN
PIZZUR

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast. Í tilboðinu 5 fyrir 4 er ódýrasta pizzan frí.

OG ALLT HITT TIL AÐ FULLKOMNA KVÖLDIÐ



Rockstar orkudrykkur
500 ml

198



Magnum White/Classic
3 stk.

498




Maxi pizza-olía
með hvítlauk

578



Mars-/Snickers-ís
6 stk.

598



Ben & Jerry's ís
500 ml

788



Coca Cola
12 dósir

998



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA





COSTA tungusófi
Ljóst og svart slitsterkt áklæði.
Stærð: 305/215 x 95 H: 84 cm
Hnakkapúðar seldir sér.

349.990

FULLT VERÐ: 399.990



MORRISSON
borðstofuforbö er
stækkanlegt í 358 cm
með þremur stæk-
kunum sem fylgja.
Hægt er að
stækka í 512 cm.

349.990

FULLT VERÐ: 399.990

MORRISSON borðstofuforbö.
B:100 L:200/358 H:73 cm.
Gegnheil oliuborin eik.



ANDREW Borðstofustólar
Svart og hvítt leður.
TILBOÐSVERÐ: 15.990 KR.
Fullt verð 19.990



16.990

FULLT VERÐ: 19.990

WOODY borðstofustóll.
Margir litir. Hvíttaðar viðarlappir.

**NÝTT
KYNNINGAR
VERÐ!**

VERTU MEÐ OKKUR Á  KOMDU Í HÖLLINA
EÐA HEIMSÓTTU OKKUR Á HUSGAGNAHOLLIN.IS



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili



Í **BORÐSTOFUNNI** Hjarta Páls hætti að slá og hann hneig niður við borðstofuborðið fimm tímum eftir útskrift af spítala. Ástríður reyndi allt sem hún gat til að veita honum fyrstu hjálp en Páll komst aldrei aftur til meðvitundar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Berst gegn þöggun um dauða Páls

Ástríður Pálsdóttir þurfti að berjast hart fyrir því að fá afhentar sjúkraskýrslur eiginmanns síns eftir andlát hans. Hún fékk síðan áfall þegar hún las í gegnum skýrslurnar og uppgötvaði að hann hafði aldrei fengið rétta meðferð við sjúkdómnum sem dró hann til dauða. Baráttan er þó rétt að byrja því nú hefur hún kært Landspítalann fyrir mistök og vanrækslu við meðferðina.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



Astríður missti eiginmann sinn, Pál Hersteinsson, fyrir tveimur og hálfu ári, stuttu eftir sex-tugsafmæli hans. Ástríður og Páll voru gift í tæp þrjátíu ár en þau kynntust í Cambridge þar sem þau stunduðu bæði nám. „Ég fann hann í London. Hann var sannur lífsförunautur og við áttum mörg sameiginleg áhugamál. Vorum bæði líffræðingar, nema hann var stígvélalíffræðingur og ég sloppalíffræðingur,“ segir Ástríður hlæjandi. Við sitjum við skenk í borðstofunni sem er hlaðinn fjölskyldumyndum. Mynd af Páli með fyrsta afa barninu er sérstaklega falleg og grípur augað. „Hún var nýfædd þegar Páll lést þannig að hann náði að verða afi. Síðan hann dó hafa tvö bæst í hópinn. Páll var dásamlegur faðir og hefði notið afahlutverksins í botn.“

Dáinn eftir rúma viku

Páll hafði skipulagt að minnka við sig vinnu rétt fyrir andlátíð en hann var prófessor við Háskóla Íslands. Þau hjónin ætluðu að njóta þess að ferðast og fara í sumarbústaðinn þar sem þau áttu svo margar góðar stundir. Þau plön urðu að engu í september árið 2011. „Hann fékk kvíðverki, fór á spítala og rúmri viku síðar fór hann þaðan út í kistu,“ segir Ástríður en á meðan á sjúkralegu hans stóð datt henni ekki í hug að hann væri í lífshættu því þeim hjónum var aldrei sagt að hann hafði greinst með alvarlegan sjúkdóm.

Andlátíð var Ástríði eðlilega mikið áfall enda bar það brátt að og hafði Páll alltaf verið við góða heilsu. Eftir dauða hans hellti hún sér út í rannsóknir á sjúkdómnum sem Páll hafði verið greindur með. Þá fékk hún annað áfall. „Að mínu mati leik-

ur enginn vafi á að Páll þurfti að líða fyrir endurtekin mistök og vanrækslu starfsfólks Landspítalans.“ Í kjölfarið hóf hún baráttu sem hún stendur enn í; að fá sannleikann um greiningu og lækni meðferð Páls á Landspítalanum upp á yfirborðið. Hún segir þetta erfiðustu baráttu sem hún hafi háð. „Ég ráðlegg engum að fara í þessa vegferð. Þetta er svo sárt. En Páll fékk ekki að berjast og það var ekki barist fyrir hann á spítalanum. Ég fann að ég gat ekki látið kyrrt liggja.“

Mistökina mega ekki endurtaka sig

Til að geta kært mistökina til landlæknis þurfti hún að rökstyðja grun sinn. Fyrir slíkan rökstuðning þurfti hún að fá aðgang að sjúkraskýrslum Páls. En það var ekki einfalt. Eftir fjöldann allan af bréfaskriftum þar sem Embætti landlæknis og stjórn Landspítalans vísuðu hvort á annað segist hún hafa fengið á tilfinninguna að kerfisbundið væri verið að koma í veg fyrir að hún fengi skýrslurnar og beðið væri eftir að hún gæfist upp. „En ég gefst ekki upp. Tilfinningin sem situr í mér eftir síðustu tvö ár er að þetta sé hreinlega yfirhylling en ég vil að spítalinn læri af dauða Páls svo að mistökini endurtaki sig ekki.“ Loks fékk hún skýrslurnar í hendurnar og á borðstofuborðinu liggur stór mappa troðfull af skjölum tengdum málinu. Eftir mikla vinnu við að lesa og reyna að skilja tormelt lækna málið hefur Ástríður kært meðferðina á Landspítalanum til lögreglu. Kæran er í 25 liðum sem lýsa mistökum og vanrækslu við sjúkdómsgreiningu, meðferð og umönnun Páls.

Kolröng meðferð

„Páll fór í skurðaðgerð daginn eftir innlögn. Skurðlæknirinn sem framkvæmdi aðgerðina bar ábyrgð á honum meðan á dvölinni stóð. Í aðgerðarlýsingu segir læknirinn að Páll sé með blóðtappa í bláæðum í meltingarvegi. Hann staðfestir svo þessa sjúkdómsgreiningu í beiðni um ráðgjöf hjá blóðmeinafræðingi þremur

„Ég held að mergur málsins sé að skurðlæknirinn hafi fyllst hroka yfir eigin ágæti. Að hann hafi litið svo á að hann gæti skorið „meiddið“ burt og sent sjúklinginn heim.“



Á **HORNSTRÖNDUM** Páll Hersteinsson eyddi mörgum sumrum á Hornströndum við rannsóknir á refum. Hann var mikill frumkvöðull í rannsóknum á vistfræði og hegðun refa og gaf meðal annars út bókina Agga gagg um veru sína í Ófeigsfirði við rannsóknir.

dögum síðar. Sú ráðgjöf barst ekki fyrir en löngu seinna og ég hef aldrei fengið útskýringu á því. En skurðlæknirinn virðist hreinlega ekki hafa haft fyrir því að ganga á eftir beiðninni eða leita sér upplýsinga með öðrum hætti og því fékk Páll ranga meðferð við sjúkdómnum.“

Þar sem hjónunum var aldrei greint frá sjúkdómnum héldu þau að blóðtapparnir væru tímabundið ástand, eins og þegar fólk fær blóðtappa í flugvélum, og gerðu ráð fyrir að Páll fengi viðeigandi meðferð við þeim. Sjúkdómurinn sem Páll greindist með er aftur á móti mun alvarlegri og með dánartíðni upp á 30 prósent. Með réttri meðferð fer hún niður í sex prósent og skiptir miklu máli hve fljótt er brugðist við. Meðferðin er alltaf sú sama; tafarlaus blóðþyngning í æð í mjög stórum skömmtum. Einnig sýklalyfjagjöf, rúmlega, algjör hvíld á meltingarvegi og gott eftirlit með lífsmörkum. „Páll fékk aftur á móti örlítinn fyrirbyggjandi skammt af blóðþyngningarlyfjum, var látinn taka göngutúra um deildina, tekinn af sýkla-

lyfjum og bara kominn í kjötbollurnar nokkrum dögum eftir aðgerðina. Meðan á spítalavistinni stóð hrakaði honum greinilega, var mjög slappur og veikburða. Ekki nóg með að hann fengi ekki viðeigandi meðferð, hann fékk meðferð sem gerði illt verra. Það er eins og markmiðið hafi bara verið að útskrifa hann sem fyrst.“

Dáinn fimm tímum eftir útskrift

Þegar Páll var útskrifaður viku eftir komuna á spítalann héldu hjónin að búið væri að meðhöndla blóðtappana og því væri þessu ferli lokið. Nú ætti Páll að safna kröftum heima. „Ég þurfti að styðja hann út í bíl þegar hann útskrifaðist og hann var á engan hátt líkur sjálfum sér. Ég hugsaði með mér að hann hefði ekkert að gera heim og ég hef margoft ásakað sjálfa mig eftir dauða hans, fyrir að hafa ekki fylgt eðlisávisuninni.“ Fimm tímum eftir að Ástríður og Páll komu heim fékk hann hjartastopp og hneig niður við borðstofuborðið. Það er sárt fyrir Ástríði að rifja það upp enda upplifði hún sig algjör-

KÆRA ÁSTHILDAR Í 25 ATRÍÐUM**MISTÖK OG VANRÆKSLA VIÐ SJÚKDÓMSGREININGU, MEÐFERÐ OG UMÖNNUN PÁLS Á LANDSPÍTALANUM**

1 Misheppnuð sjúkdómsgreining þrátt fyrir tölvusneiðmyndatöku við innlögn. Endurskoðun á tölvusneiðmyndunum eftir andlát sýnir blóðtappa sem aldrei voru greindir.

2 Skurður í vef í skurðaðgerð sem eykur stórlaga líkur og hættu á nýrri blóðtappamyndun.

3 Of stutt sýklalyfjameðferð miðað við sjúkdómsgreiningu.

4 Alltof líftill skammtur af blóðþynningarlyfi miðað við sjúkdómsgreiningu.

5 Svar við beiðni um ráðgjöf berst ekki fyrr en á útskriftardegi. Sérfræðingar í blóðþynningu sjá aldrei sjúklinginn.

6 Magasonda fjarlægð og fæða gefin þrátt fyrir að rétt meðferð krefjist hvíldar meltingarveggar.

7 Vaninn af súrefni þrátt fyrir ófullnægjandi súrefnismettun sjúklings.

8 Sendur í göngutúra þrátt fyrir að meðferð krefjist algjörrar hvíldar.

9 Einungis eitt storkupróf gert þrátt fyrir að sjúklingur sé greindur með lífshættulegan storkusjúkdóm. Prófið sýnir alvarleg frávík sem ekki er brugðist við með rétttri lyfjagjöf.

10 Sýkingarsvörun í blóðprófum en samt er ákveðið að hætta sýklagjöf.

11 Aðeins ein ræktun gerð á blóði fyrsta daginn. Engin eftirfylgni.

12 Engin blóðpróf tekin síðustu þrjá daga fyrir útskrift.

13 Ekki rannsakad fyrir útskrift hvort blóðtappar finnast.

14 Blóðþrýstingur ekki mældur síðustu dagana þrátt fyrir að sjúklingur hafi sögu um háþrýsting og með staðfestan æðasjúkdóm.

15 Útskrifaður fimm og hálfum degi eftir uppskurð. Samkvæmt vísindagreinum er sjúkráhusdvöl sjúklings að meðaltali 51,6 dagar hjá þeim sem fer í skurðaðgerð vegna dreps.

16 Sjúklingi ekki tilkynnt um að hann sé með lífshættulegan sjúkdóm með hárrí dánartíðni.

17 Sendur heim með versnandi einkenni.

18 Rannsókn á blóði eftir hjartastopp bendir til hjartastopps vegna blóðsýkingar.

19 Hjartaþræðing sýnir engin merki um kransæðastíflu.

20 Nýir og nýlegir blóðtappar finnast við myndgreiningu eftir hjartastoppið. Sjúklingur var sendur heim með bláæðar meltingarveggar fullar af töppum.

21 Dánarvottorð ranglega útfyllt.

22 Sjúklingur fékk ekki réttarfræðilega krufningu eins og hann átti lagalegan rétt á vegna óvænts andláts. Landspítali gerði krufningu á eigin forsendum án þess að fá leyfi aðstandenda.

23 Ekkju sjúklings aldrei tilkynnt um rétt sinn til að kæra meðferðina til lögregluembættisins.

24 Starfsfólk Landspítala tilkynnir ekki andlátið sem óvænt atvik til Landlæknisembættisins.

25 Það tók sex mánuði að fá leyfi fyrir aðgengi að sjúkraskrá. Auk fjögurra mánaða að fá gögnin afhend og ekki víst að öll gögn séu komin. Eitt skipti hafði verið átt við gögnin og nöfn lækna fjarlægð úr skjali.

lega vanmáttuga og vissi að með hverri mínúttunni sem hún beið eftir sjúkraflutningamönnunum minnkðu lífslíkur hans. „Hann komst aldrei aftur til meðvitundar og var heiladaður þegar sjúkrabíllinn kom. Þegar hann var færður á spítalann sást í tölvusneiðmyndatöku að hann hafði verið að hlaða upp blóðtöppum allan tímann sem hann lá á spítalanum. En það var ekki splæst á hann tölvusneiðmyndatöku til að athuga það fyrir útskrift.“

Dánarsök sögð vera hjartastopp

Mánuði eftir andlátið fékk Ástríður fregnir af sjúkdómsgreiningunni frá kunningjum á spítalanum og kynnti sér hana vandlega. Það var þá sem fóru að renna á hana tvær grímur. Enda er margt í gögnunum sem passaði ekki við greininguna og er dánarvottorð Páls eitt dæmi um það. Á vottorðinu stendur að dánarsök sé hjartastopp. „Allir sem deyja, hvort sem það er óvænt, í slysi eða vegna sjúkdóms, fá hjartastopp að lokum. Hjartastoppið var að sjálfsögðu afleiðing, ekki orsök. Ég sýndi breskum læknum dánarvottorðið og þeir sögðu að það myndi aldrei vera tekið gilt þar í landi. En andlátið var afgreitt sem hjartastopp, ekki sem óvænt andlát og því ekki tilkynnt til yfirvalda eða kannað frekar af spítalanum.“

Skurðlæknir giskar á meðferð

Ástríður tengir mistökina á spítalanum ekki við tækjaskort eða manneklu á spítalanum heldur við mannlega þætti sem ekki ættu að vera við lýði á heilbrigðisstofnun. „Ég held að mergur málsins sé að skurðlæknirinn hafi fyllst hroka yfir eigin ágæti. Að hann hafi litið svo á að hann gæti skorið „meiddið“ burt og sent sjúklinginn heim. Hann ber sig ekki eftir upplýsingum, ráðfærir sig ekki við lyflækna og giskar á meðferð. Það er vanræksla að mínu mati.“

Ástríður segir samskiptin við landlækni og Landspítala hafa orðið enn stíðari eftir að hún færði málið til lögreglu. „Þetta er sama fólk og kemur í fjölmiðla og segist vera í svo góðu sambandi við aðstandendur en einu skiptin sem það hefur talað við mig, hvort sem Páll var lífs eða liðinn, er þegar ég hef krafist þess. Þau halda kannski að ég sé einhver læknahrellir en ég lít svo á að ég sé að hjálpa til við að auka öryggi sjúklings. Það ætti líka að vera markmið spítalans og ég furða mig á að ekki skuli koma meira frumkvæði frá þeim og vilji til að upplýsa málið.“

Ein á móti öllum

Ástríður hefur þó vandað sig að vera kurteis og hófsöm í öllum samskiptum. „Ég reyni að gera þetta í anda Páls. Hann myndi segja mér núna að ég þurfi ekkert að bæta í því sannleikurinn segi alla söguna. Ég hef aftur á móti mætt kulda og andstyggð sem hefur látið mér líða eins og að vera lögð í einelti. Upplifunin að vera ein á móti öllum. Hvert einasta kuldalega svar hefur tekið á og ýft upp sorgina. Þetta lengir því vissulega sorgarferlið en réttlætiskenndin drífur mig áfram,“ segir Ástríður sem er hvergi nærri hætt og leggur nú lokahönd á heimasíðu með leiðbeiningum byggðum á eigin reynslu til aðstandenda sjúklings sem deyja á Landspítalanum.



Starfsemi á árinu 2013

Raunávöxtun 5,5%

(Allar fjárhæðir í milljónum króna)

Efnahagsreikningur:	31.12.2013	31.12.2012
Verðbréf með breytilegum tekjum	130.262	111.199
Verðbréf með föstum tekjum	168.855	156.350
Veðskuldabréf	15.271	15.680
Bankainnstæður	19.157	18.978
Kröfur	1.830	1.135
Fasteign, rekstrarfjármunir og aðrar eignir	329	241
Skuldir	- 1.380	- 1.324
Hrein eign til greiðslu lífeyris	334.324	302.259

Breytingar á hreinni eign:	2013	2012
Iðgjöld	13.624	12.548
Lífeyrir	- 10.211	- 9.133
Framlag ríkisins vegna örorku	985	925
Fjárfestingartekjur	28.256	33.087
Fjárfestingargjöld	- 223	- 208
Rekstrarkostnaður	- 415	- 385
Aðrar tekjur	49	45
Hækkun á hreinni eign á árinu	32.065	36.879
Hrein eign frá fyrra ári	302.259	265.380
Hrein eign til greiðslu lífeyris	334.324	302.259

Kennitölur:	2013	2012
Hrein nafnávöxtun	9,1%	12,2%
Raunávöxtun	5,5%	7,4%
Hrein raunávöxtun	5,3%	7,3%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	2,9%	- 4,2%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	2,5%	3,4%
Eign umfram heildarskuldbindingar (%)	- 3,5%	- 4,4%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	26.772	26.073
Fjöldi launagreiðenda	4.330	4.168
Fjöldi lífeyrisþega	17.110	16.328

Afkoma

Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins á árinu 2013 var 9,1% sem jafngildir 5,3% hreinni raunávöxtun. Ávöxtun innlendra hlutabréfa var 18,8% og erlend hlutabréf hækkuðu um 9,3% í krónum. Erend hlutabréf sjóðsins samanstanda af skráðum verðbréfum og óskráðum fjárfestingasjóðum. Til samanburðar hækkaði heimsvísitala hlutabréfa um 13,9%. Raunávöxtun skuldabréfa var 4,4%. Hrein eign samtryggingardeildar í árslok 2013 var 331,4 milljarðar króna og hækkaði um 31,9 milljarða frá fyrra ári. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt eru eignir sjóðsins 3,5% lægri en heildarskuldbindingar í árslok 2013.

Eignir sjóðsins skiptast þannig: Innlend ríkistryggð skuldabréf eru 42,7%, erlend hlutabréf 24,9%, innlend hlutabréf 11,9%, veðskuldabréf 5%, önnur skuldabréf 9%, innlán 5,6% og fasteignasjóðir 1%.

Séreign

Hrein nafnávöxtun séreignardeildar sjóðsins var þannig: Framtíðarsýn I skilaði 8,9% ávöxtun, Framtíðarsýn II skilaði 6,7% og Framtíðarsýn III, sem er verðtrygður innlánsreikningur, skilaði 5,2%. Hrein raunávöxtun var á sama tíma 5%, 2,9% og 1,5%. Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild námu samtals 147 milljónum króna á árinu. Hrein eign séreignardeildar í árslok 2013 var 2.943 m.kr. og hækkaði um 179 m.kr. frá fyrra ári.

Ársfundur 2014

Ársfundur sjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 30. apríl n.k. kl. 17.00 á Grand Hótel Reykjavík. Dagskrá fundarins verður auglýst síðar.

Stjórn sjóðsins:

Heiðrún Jónsdóttir, formaður
Elínbjörg Magnúsdóttir
Kolbeinn Gunnarsson
Þorsteinn Víglundsson

Harpa Ólafsdóttir, varaformaður
Hjörtur Gíslason
Konráð Alfredsson
Þórunn Liv Kvaran

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson




Gildi - lífeyrissjóður
Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

Leiðist störukeppni við sjálfa sig

Margrét Vilhjálmstöttir leikkona hefur mörg járn í eldinum þessa dagana. Hún leikur í Svanir skilja ekki og æfir Eldraunina í Þjóðleikhúsinu, vinnur að uppsetningu vestnorrænnar leiksýningar í Brimhúsinu, sinnir börnum og undirbýr flutninga.

Friðrika
Benónýstöttir
fridikab@frettabladid.is



Við Margrét höfum mælt okkur mót í Brimhúsinu við höfnina þar sem hún undirbýr uppfærslu á stóru verkefni, Fantastar, sem er samvinnuverkefni Íslendinga, Grænlandinga og Færeyinga og verður frumsýnt á Listahátíð í vor. Hún segir undirbúninginn hafa staðið í allt að fimmtán ár og búið sé að vinna í verkinu í þrjú ár. Áhuginn og eldmóðurinn leynir sér ekki þar sem hún teymir mig um húsið á milli fiskikassa og lyftara og sér greinilega fyrir sér eitt-hvað allt annað en ég, enda búið að umskapa umhverfið í huga sér þannig að hún sér fyrir sér fullmótaða sýningu.

Fantastar verður síðasta verkefni Margrétar á Íslandi í bili því strax að því loknu flytur hún til Berlínar þar sem maður hennar, Egill Heiðar Anton Pálsson, er orðinn prófessor við hinn virta leiklistarháskóla Ernst Busch. Með þeim fara börnin þeirra tvö sem þau tóku að sér fyrir tveimur árum.

„Já, við erum að fara, fjölskyldan, þau eru meira að segja að fara á undan mér strax í næstu viku, svo mamma geti unnið allan sólarhringinn. Við erum reyndar von því að vera sitt á hvorum staðnum því Egill vinnur aðallega erlendis, en nú ætlum við sem sagt öll að búa í Prenzlauerberg, búið að finna íbúð og leikskóla, þannig að við erum rosalega spennit. Ég hlakka sérstaklega til að geta verið meira með börnunum, þetta er svo dýrmætur tími og ég vil ekki missa af honum, þau vaxa alltof hratt. Ég sé fyrir mér að fyrst um sinn verði ég aðallega með þeim, reyni að læra þýsku og venjast nýjum aðstæðum.“

Ekki ætlaðu að hætta að leika samt? „Nei, ég ætla að taka mér smá hlé og sjá svo til hvaða verkefni koma til mín. Ég er líka með endalausar hugmyndir að verkum sem mig langar að gera sjálf, en það kemur bara allt í ljós. Og þótt við séum að flytja til útlanda verðum við auðvitað hér með annan fótinn. Hér er allt okkar fólk, vinir og vandamenn, og það er nauðsynlegt að viðhalda tengslunum.“

Var það ekki mikil breyting að vera allt í einu kominn með tvö börn til að sjá um? „Auðvitað er það mikil breyting en þetta var svo ótrúlega langþráð að gleðin yfirskyggir allt annað. Fókusinn breyttist mjög mikið og við sem aldrei höfðum þurft að hugsa um annað en vinnuna erum yfir okkur ánægð. Maður getur ekki endalaust verið í störukeppni við sjálfan sig, hún verður svo hundleiðinleg þegar maður eldist.“

Femínismi og pólitík

Margrét er mikill femínisti og talar sig heita um hversu mjög heimurinn þurfi á kvenlegum áhrifum og sjónarhorni að halda á þessum síðustu og verstu tímum. Hún segir þó nauðsynlegt að yngri konur stígi fram, því við sem eldri erum séum meira og minna mengaðar af gömlum karlveldishugsunarháetti. „Ég uppgötvaði mjög seint að við værum ekki á vaktinni. Mín kynslóð fékk allt upp í hendurnar. Móðir mín sagði mér stöðugt að mér væru allir vegir færir, það væri búið að koma á jafnrétti. Hún fór í gegnum alla söguna með manni og mér leið eins og ég hefði þetta allt í hendi mér; það var búið að gera allt. Síðan kemur þetta rosalega bakslag af því við sofnumum á vaktinni, eins og á reyndar við um alla



MARGRÉT VILHJÁLMSDÓTTIR Fantastar verður síðasta verkefni Margrétar á Íslandi í bili því strax að því loknu flytur hún til Berlínar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

aðra pólitík finnst mér, til dæmis fasismann og rasismann. Við erum ekki að halda við sögunni og passa upp á að hún endurtaki sig ekki. Viðhorfið hefur verið að fyrst búið var að ná árangri í þessum málum þá þyrfti ekkert að tala um þau. Þetta er stórhættulegt. Það tekur svo stuttan tíma fyrir bakslagið að eiga sér stað og allt í einu er eins og við höfum farið hundrað ár aftur í tímann á einni nóttu. Við höfum verið svo líberal og passað okkur að dæma engan, það hafa allir mátt hafa sínar hugmyndir og við höfum bara yppt öxlum yfir röddum sem eru öfgafullar eins og þær væru eitthvað sem myndi ganga yfir. Það er ekki að gerast.“

Eins og sést hefur Margrét miklar skoðanir og er mjög pólitísk en það kom samt á óvart að finna nafn hennar á lista yfir borgarstarfsmenn Reykjavíkurborgar. Hvernig gerðist það? „Ég var aftarlega á lista fyrir Besta flokkinn í síðustu kosningum og datt ekkert í hug að það þýddi að ég yrði í ráðsmennsku fyrir borgina. En svo fengum við svo góða kosningu að ég varð varaborgarfulltrúi auk þess að sitja fyrir flokkinn í samgöngu- og umhverfisráði í fyrra, en í vetur hef ég ekki tekið þátt í starfinu, enda var fjórúmm ráðum steypt í eitt til að spara fyrir hönd borgarinnar sem ríðaði á barmi gjaldþrots. Það er ýmislegt búið að gerast á þessu kjörtímabili þótt fólk hafi kannski ekki séð mikla uppbyggingu, til þess voru einfaldlega ekki til peningar, en það fer vonandi að lagast núna.“

Alltaf með söguna á bakinu Margrét útskrifaðist úr Leiklistarskólanum árið 1994 og hefur síðan leikið hvert stórhlutverkið á fætur öðru. Hún hefur líka sett upp nokkrar sýningar sem leikstjóri, hvernig þróast leiklistaráhuginn í þá áttina? „Ég held nú að það hafi aldrei blundað í mér leikstjóri, en starf leikarans er auðvitað alltaf samvinna og það er alltaf mest gjöfult að vinna með leikstjóra sem býður leikurunum að leggja sínar hugmyndir í púkkið. Það er

líka annað sem fólk veit kannski ekki um leikhúsið að þótt æfingafærlið sé átta vikur þá er maður búið að vera að vinna með textann og sögulegan bakgrunn verksins miklu, miklu lengur. Ég hef stundum sagt að vinna við sum hlutverk sé næstum eins og BArítgerð. Þetta tengist mannfræði, þetta tengist sálarfræði og heimspeki, þetta tengist svo mörgu. Við erum alltaf með söguna á bakinu og þurfum að spegla bæði tíma verksins og samtímann. Þar að auki er maður alltaf að vinna með myndlistarfólki og tónlistarfólki og það var í rauninni ótrúlegt frelsi að fá að vera sá sem leiðir hópinn, eða einn af þeim. Ég hefði örugglega farið í Fræði og framkvæmd sem í dag heitir Sviðshöfundabráut ef það hefði verið í boði þegar ég fór í Leiklistarskólann því mér finnst ekki nógu mikið gert af því að láta allar listgreinar njóta sín í leikhúsunum, við erum oft dálítið stöðluð í forminu. Ég hef líka lært það í mínum sýningum að það borgar sig að hafa marga sterka listræna leiðtoga því að þá fá verkin svo margslungna skírskotun, í stað þess að sýn eins leikstjóra ráði.“

Trúði þessu ekki upp á Dani

Ertu ein að leikstýra Fantastar? „Í rauninni ekki. Ég er með leikmyndahönnuði sem móta mjög mikið listræna sýn í verkinu enda er leikhúsið alltaf samvinna. Það er oftast erfiðara fyrir myndlistarmennina að aðlagast því þar sem þeir eru vanir því að vinna einir, en þegar þeir venjast því þá hefur þetta alltaf tekist mjög farsælega. Núna erum við einmitt að hrinda því sem við erum búin að vera að hugsa síðustu þrjú árin í framkvæmd og ég er óskaplega spennit. Ég vona að þessi sýning veiki fólk til umhugsunar um að vestnorræn samvinna er ekki bara pólitískt mál heldur ekki síður samfélagslegt. Þetta eru grannþjóðir okkar og það er fáránlegt hvað það er lítil samgangur á milli okkar. Við getum veitt þeim svo mikinn stuðning því að umræðan hjá

„Við höfum verið svo líberal og passað okkur að dæma engan, það hafa allir mátt hafa sínar hugmyndir.“

þeim er að mörgu leyti eins og hún var hjá okkur áður en við fengum sjálfstæði.“

Áður en Margrét ákvað hvað hún vildi gera að ævistarfi vann hún um skeið sem flugfreyja og flaug þá oft til Grænlands sem hún segir hafa heillað hana algjörlega. „Þá sá ég í fyrsta skipti þjóð í neyð. Þarna sá maður allar sögurnar sem maður hafði lesið og heyrt um yfirgang nýlenduveldanna raungerast, maður gat eiginlega ekki trúað þessu upp á Dani. En þetta snýst auðvitað allt um auðlindir. Auðlindirnar hér í Norðurhöfum eru gígantískar gullnámur og hafa verið það svo lengi. Þess vegna vilja Danir halda Grænlandi, til þess að missa ekki yfirráðin yfir auðlindunum. Þetta eru miklir hagsmunir og mikil barátta og mér finnst við þurfa að skipa okkur í lið með Grænlandinum og Færeyingum í sjálfsmyndaruppbyggingu. Við erum sjálf enn að glíma við afleiðingar nýlendustefnunnar og það er stórfurðulegt að við skulum ekki samsama okkur þessum þjóðum meira.“

Sögufrík eins og mamma

Margrét er algjör vísukbrunnur þegar kemur að sögu þjóðanna í Norðurhöfum, datt henni aldrei í hug að gerast sagnfræðingur? „Jú, en ég fæ útrás fyrir sagnfræðinginn í vinnunni í leikhúsinu. Reyndar ætlaði ég alltaf í sálar- eða mannfræði og var uppalin í tónlist þannig að mig langaði alltaf að tengja hana við það sem ég væri að gera. Leikhúsið var eiginlega eini staðurinn þar sem ég gat tengt þetta allt saman.“

Foreldrar Margrétar eru Vilhjálmur Auðunn Þórðarson, fyrrverandi flugstjóri, og Sigríður Erla Sigurbjörnsdóttir heitin kennari,

sem hún segir hafa verið mikið kúltúrfólk og óskaplega forvitin um allt sem er skapandi. „Ég fór gríðarlega mikið í leikhús sem barn og mamma tók mig með á allar kvikmyndahátíðir sem boðið var upp á, ég var mikið í dansi, fór á ballettsýningar, var alltaf í tónlistarnámi og þau hvöttu mig bæði áfram í öllu sem mig langaði að gera. Ég er auðvitað bara niðurstaðan úr þessu dásamlega uppeldi, eins og við öll erum. Það var mikill samgangur innan fjölskyldunnar og lagt upp úr því að rækta tengslin og viðhalda sögunni. Mamma var líka alltaf að hamra á sögulegu samhengi og leggja áherslu á að það mætti ekki gleyma því hvaðan rætur manns væru. Hún hafði reyndar enn stærra samhengi en Íslandssöguna því hún elskaði Forngrækkina og var algjört sögufrík, þannig að ég hef það beint frá henni.“

Það er erfitt að tala um mannkynssöguna án þess að talið beinist að hlutverkinu sem Margrét æfir nú í Þjóðleikhúsinu, Elizabeth Proctor í Eldrauninni eftir Arthur Miller sem frumsýnt verður í apríl. Miller skrifaði verkið um McCarthy-ismann og kommúnistaofsóknirnar í Bandaríkjunum á sjötta áratugnum en notaði galdraofsóknir í Salem í lok sautjándu aldar sem dæmisögu. Margrét segir það hafa hrífið sig mest við verkið hversu tímalaut það sé og eigi jafn vel við okkar tíma og þegar það var skrifað. „Ef maður tekur orðið djöfullinn út úr orðræðunni og setur múslimi, femínisti eða eitt-hvert annað orð í staðinn þá er bara eins og þetta sé runnið úr orðræðu dagsins í dag. Það er dálítið skelfilegt að upplifa hversu lítið samskipti okkar hvers við annað hafa breyst síðan á sautjándu öldinni og hversu stutt er í ofstækið og fordómama.“

Og verður það síðasta hlutverk þitt í Þjóðleikhúsinu? „Í bili, já, en eins og ég sagði áðan þá eru útlönd ekki lengur eitthvað rosalangt í burtu þannig að maður veit aldrei hvað gerist seinna meir.“

BÍÓBYLTING

NÚ BJÓÐA HÁSKÓLABÍÓ OG SMÁRABÍÓ
UPP Á FJÖLBREYTTARI VALKOSTI FYRIR BÍÓGESTI

ÞRÍJÁR NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BÍÓ



1

BESTA VERÐIÐ

Gildir alla virka daga fyrir kl. 19.
Komdu í bíó mánudaga til föstudaga fyrir
kl. 19 og þú borgar minna, svo einfalt er það.
Gildir á allar myndir, undantekningalaust.
Sannkölluð bylting!



2

FJÖLSKYLDUPAKKINN

Sparnaðarbylting fyrir íslenskar fjölskyldur.
Ef tvö börn eða fleiri eru í fjögurra manna
hópi þá borga allir barnaverð. Allir, alltaf!
Og við lofum því að barnaverðið er alltaf
það lægsta í verðskránni.



3

GÆÐASTUND

Sérsýningar á völdum myndum eingöngu
fyrir 18 ára og eldri. Fyrir þá sem vilja alls
engna truflun og eru til í að borga aukalega
fyrir það. Engir símar á lofti, ekkert mas eða
fljúgandi poppkorn - og ekkert hlé!



VERIÐ VELKOMIN Í BÍÓ ALLA DAGA

NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING

Misvísandi upplýsingar um dularfullt hvarf farþegaflugvélar

Pegar flug **MH370** frá **Malaysia Airlines** hvarf af ratsjá í góðu veðri síðastliðið laugardagskvöld gat enginn útskýrt hvernig þessi Boeing 777-farþegaflugvél gat horfið, að því er virtist upp úr þurru. Síðan þá hafa misvísandi upplýsingar og alls kyns kenningar verið í gangi um hvarfið án þess að nein sönnunargögn hafi komið fram. Hvað sem því líður, þá er þessi þota með 239 manneskjur um borð enn ófundin.

Freyr Bjarnason
freyr@frettabladid.is

Laugardagur 8. mars

Nokkrum klukkustundum eftir að farþegaflugvél Malaysia Airlines hvarf af ratsjá sagði framkvæmdastjóri Malaysia Airlines, Ahmad Jauhari Yahya, að hún hefði enn verið í sambandi við flugumferðarstjórn um tveimur klukkustundum eftir að hún tók á loft. Síðustu samskiptin hefðu verið klukkan 2.40 um nóttina, 120 sjómíllur austur af strönd Malasíu.

En flugumferðarvefsíðan FlightAware sýndi vélin klifra í 35 þúsund feta hæð áður en hún hvarf af ratsjá klukkan 1 um nóttina, um tuttugu mínútum eftir flugtak. Þá átti vélin að fara inn í vietnamska lofthelgi en gerði það ekki. Flugmennirnir sendu ekki út neyðarkall.


Tólf klukkustundum eftir að vélin hvarf hófu leitarflokkar frá Malasíu, Singapur og Víetnam leit að flaki hennar undan ströndum Víetnams. Kínverjar og Filippseyingar komu fljótlega til liðs við þá. Vietnamskur sjóðliðsforingi sagði að vélin hefði hugsanlega brotlent skammt frá vietnamskri eyju og fréttir bárust af mikilli olíubræk og reykt svæðinu.

Hugmyndum um að hryðjuverk hafi verið framið var varpað fram eftir að Ítalí og Austurríkismaður sögðust ekki hafa verið um borð í vélinni þrátt fyrir að þeir hefðu verið á farþegalistanum.

Sunnudagur 9. mars

Bandaríkjamenn hófu þátttöku í leitinni. Najib Razak, forsætisráðherra Malasíu, sagði að hryðjuverk væri möguleg orsök eftir að fregnir bárust af því að allt að fjórir farþegar vélarinnar hefðu hugsanlega verið með stolin vegabréf.

Víetnamar sögðust hafa fundið flak úr vélinni á meðan Hishammuddin Hussein, samgönguráðherra Malasíu, sagði að hún hefði mögulega snúið aftur til baka til Malasíu. Síðar um daginn kom í ljós að vegabréfum Ítalans og Austurríkismannsins hafði verið stolið í Taílandi. Óttast var að þeir sem notuðu vegabréf þeirra hefðu verið hryðjuverkamenn.



Mánudagur 10. mars

Aharuddin Abdul Rahman, flugmálastjóri Malasíu, sagði að fimm farþegar hefðu skráð sig í flug 370 en ekki farið um borð. Ótti um að hryðjuverk hefði verið framið fékk byr undir báða vængi.

Yfirvöld vísuðu á bug fregnum Víetnama um að flak vélarinnar hefði fundist. Olíubrúkin var sögð hafa komið frá skipi. „Björgunarbátur“ átti að hafa sést undan ströndum Víetnams en þar reyndist vera á ferðinni togvinda þakin þara. Eftirlitsmyndir af tveimur mönnum á leið í flugvélinni með stolnu vegabréfin tvö voru birtar.

Þriðjudagur 11. mars

Fulltrúar Malaysia Airlines sögðu að flugmennirnir hefðu hugsanlega reynt að snúa vélinni við til Malasíu. Leitarsvæðið var stækkað og fleiri leitarflokkar voru sendir á vettvang. Tan Sir Rodzali Daud, yfirmaður malasíska flughersins, sagði að vart hefði orðið við flugvélinni klukkan 2.40 skammt frá eyjunni Pulau Perak á Malakkasundi, sem benti til þess að hún hefði snúið við eins og vangaveltur höfðu verið uppi um. Síðar bar hann þessi ummæli sín til baka.

Hugmyndir um að hryðjuverk hefði verið framið fjörðu að mestu út eftir að Interpol birti upplýsingar um þá sem höfðu stolnu vegabréfin í fórum sínum. Talið var að þeir hefðu verið hælisleitendur en ekki hryðjuverkamenn.

Miðvikudagur 12. mars

Daud sagði að síðasta ratsjármerki týndu flugvélarinnar hefði borist 200 mílum norðvestur af malasíska strandríkinu Penang klukkan 2.15 á laugardegnum. Þetta var þriðja útgáfan af mögulegri staðsetningu vélarinnar áður en hún hvarf. Þetta átti að hafa gerst 45 mínútum eftir að yfirvöld sögðust upphaflega hafa misst samband við vélinni. Daud sagði síðar að ratsjármerkið hefði hugsanlega komið frá annarri flugvél.

Óstaðfestar fregnir bárust um að malasískir sjómenn hefðu séð eitthvað sem leit út eins og björgunarbátur fljótandi í sjónum við austurströnd Malasíu. Peking News sagði frá því að lík hefði fundist á Malakkasundi í björgunarvesti en það reyndist ekki rétt.

Fimmtudagur 13. mars

Í ljós kom að kínverskar gervihnattamyndir sem áttu að sýna flak vélarinnar voru birtar fyrir mistök. Ekki var um brak úr henni að ræða að sögn samgöngumálaráðherrans Hishammuddins Hussein. Hann sagði það rangt að vélinni hefði verið flogið í fjórar klukkustundir eftir að samband rofnaði við flugturninn, eins og fjölmiðlar höfðu haldið fram. Bandaríkjamenn sögðu að nýjar upplýsingar hefðu leitt til þess að leitað verði að vélinni á nýju leitarsvæði í Indlandshafi.

Föstudagur 14. mars

Bandarísk rannsóknarnefnd sagðist hafa upplýsingar um að slöknað hefði á samskiptabúnaði vélarinnar með fjórtán mínútna millibili. Þetta þýddi að vélin hafi ekki lækkað flug sitt vegna bilunar heldur benti samskiptarofið til þess að slökkt hafi verið á búnaðinum handvirkt. Nefndin sagðist fullviss um að hvarf vélarinnar hafi verið meðvitund ákvörðun annars, ef ekki beggja flugmanna flugs 370. Leitinn að vélinni beindist í auknum mæli í átt að Indlandshafi. 57 skip, 48 flugvélar og þrettán lönd tóku þátt.


Kínverjar hvöttu yfirvöld í Malasíu til að birta allar mögulegar upplýsingar sem gætu tengst hvarfi vélarinnar í von um að þrængja leitarsvæðið. Þeir voru orðnir langþeyttir á misvísandi upplýsingum undanfarinnar viku.

Farþegaskráin í Malasíuflugi MH370

- 153 Kínverjar
- 38 Malasíubúar
- 7 Indónesíumenn
- 6 Ástraljar
- 5 Indverjar
- 4 Frakkar
- 3 Bandaríkjamenn
- 2 frá hverju um sig, Nýja-Sjálandi, Úkraínu og Kanada.
- 1 frá hverju um sig, Rússlandi, Taívan og Hollandi.
- 2 menn, annar frá Íran, ferðudust með stolin ítölsk og áströlsk vegabréf.

Heimild: Malaysia Airlines

FIMM DULARFULL FLUGVÉLARHVÖRF



Nicorette fruitmint

Mjúkt, bragðbætt nikótínlyfjatyggi



Auk þess að innihalda nikótín er Nicorette fruitmint bragðbætt með ávaxta- og mintubragði

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

nicorette auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette lyfjatyggi 2 og 4 mg (inniheldur nikótín) er notað til meðferðar við tobaksfíkn. Það dregur úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og auðveldar reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tobaki. **Skammtar:** Börn yngri en 15 ára mega ekki nota lyfjatyggi. Fullorðnir: eitt lyfjatyggi við reykingsþörf. Nota má lyfjatyggi eitt og sér eða samtímis Nicorette Invisi forðaplástri. Skammta skal ákveða út frá hve háður nikótíni viðkomandi er en hámarksdagsskammtur er 24 stk. Mælt er með 2 mg lyfjatyggi fyrir þá sem eru lítið háðir nikótíni en 4 mg fyrir þá sem hafa mikla nikótínþörf eða hefur ekki tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggi. Tyggið hægt og látið lyfjatyggi liggja í munnum þess á milli. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár. Einstaka aðilar geta purft meðferðar í lengri tíma og er hugsanleg áhætta við langtímanotkun umtalsvert minni en áhætta af að reykja. Ráðgjöf og leiðsögn eykur venjulega líkur á því að fólki tækist að hætta. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefna. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skulu einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá sjúklingum sem hafa nýlega farið í kransæðahjúfaáætlun og aðrar æðaaðgerðir eða eru með: alvarlegan háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhöf, krömfíklaæxli, skerta lífrar- eða nýrnastarfsemi, bólgur í vélinda, munni eða koki, magabólga eða virkt skeifugarnar- eða magasár. Lyfjatyggi getur átt til að festast við gerfitt og í mjög sjaldgæfum tilfellum skemmt þær. Nicorette inniheldur bütýlhýdroxytöluen, sem getur valdið ertingu í slimhúðum, og xýllitol, sem getur haft hægðalosandi áhrif. Nicorette Classic inniheldur sorbitól og skulu þeir sem eru með fruktósaþöf ekki nota það. **Aðgát í návist barna:** Ráðlaðir skammtar nikótíns fyrir fullorðna geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið barvarnir ungunum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá og fleygið notuðu tyggi þar sem börn ná ekki til. **Meðganga og brjóstgjöf:** Eingöngu skal nota lyfjatyggi og samræði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgju og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og öndun fóstursins/nýburans. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfshafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NIC/2014-12-F-2



ÓGLEYMANLEGT FERÐALAG MÆÐGNANNA Í GREENSVILLE-FANGELSIÐ Í VIRGINÍU



FJÓRMENNINGARNIR Sóley María og Kristín hér ásamt móður Geirs, Guðrúnu Thorisson, og bróðurdóttur hans, Shelby, en þær hýstu mæðgurnar og fóru með þeim í heimsókn í fangelsið.




JAFNALDRAR Sóley María og Shelby hér fyrir utan fangelsið. Sóley þurfti að fjárfesta í víðum buxum fyrir heimsóknina en sírenur byrjuðu að væla á Kristínu þegar hún tók þessa mynd.



FANGELSIÐ Gestir þurftu að fara í gegnum þrjú öryggishlið til að komast inn í fangelsið sem er umvafið þremur lögum af gaddavír, eða hnífavír eins og Kristín orðaði það.



FYRIR UTAN FANGELSIÐ Kristín ásamt móður Geirs, Guðrúnu, en þær fengu undanþágu til að heimsækja Geir tvo daga í röð og eyddu alls með honum 11 og hálfum klukkutíma sem voru fljótir að líða að þeirra sögn.



16 ÁR Geir hefur setið inni í Greenville-fangelsinu í 16 ár og á 19 mánuði eftir. Þá verður hann sendur beint til Íslands.

Eins og við hefðum alltaf þekkt

Mæðgurnar **Kristín S. Bjarnadóttir** og **Sóley María Hauksdóttir** ferðuðust á dögnum til Bandaríkjanna í fyrsta sinn. Áfangastaðurinn var Greenville-fangelsið í Virginíufylki þar sem pennavinurinn til margra ára, fanginn Geir Gunnarsson, var heimsóttur.

Álfrún Pálsdóttir
alfrun@frettabladid.is



Kristín S. Bjarnadóttir og Sóley María Hauksdóttir eru brosmildar þrátt fyrir að vera ósofnar eftir margra klukkutíma ferðalag þegar þær hitta blaðamann. Planíð var að hvílast á fluginu á leiðinni heim enda um næturflug frá Bandaríkjunum að ræða og fyrir lá að keyra heim í Eyjafjörðinn í framhaldinu en einn farþeginn féll í yfirlíð um borð og það kom í hlut Kristínar, hjúkrunarfræðingsins, að hlúa að farþeganum á leiðinni heim. Hjálpssemi og náungakærleikur mæðgnanna er einmitt ástæða ferðalagsins yfir hafið.

„Þetta byrjaði allt þegar ég sá viðtal við Geir í Kastljósinu árið 2007. Margir spyrja mig af hverju ég sé að þessu, af hverju er ég að gera þetta fyrir ókunnugan mann? En viðtalið var áttakanlegt, þarna eru framin mannréttindabrot alla daga og þetta sat í mér. Ég hugsaði strax að þennan mann vantaði meiri mannlega tengingu út fyrir múrana og sem betur fer voru fleiri en við sem brugðust við,“ segir Kristín.

Sjö ár eru síðan hún og fjölskylda hennar hófu bréfaskipti við Geir Gunnarsson, íslenskan mann sem hlaut tuttugu ára dóm fyrir alvarlega líkamsárás. Geir situr í Greenville-fangelsinu í Virginíufylki og hefur afplánað 16 ár af dómnum. Nítján mánuðir eru eftir en þá snýr Geir aftur til Íslands enda óheimilt að dvelja lengur í Bandaríkjunum.

„Geir er löngu búinn að taka út sína refsingu og er breyttur maður í dag, hann er hlýr og gefandi maður með erfiða reynslu.“

Strangar öryggiskröfur

Eftir margra ára bréfaskiptir hittu þær mæðgur Geir í fyrsta skipti fyrir viku.

Ferðalagið var skipulagt í þaula og búið var að fá undanþágu fyrir mæðgurnar að heimsækja Geir í fangelsið tvo daga í röð. Þær gistu hjá móður Geirs, Guðrúnu Thorisson, og láta vel af dvölinni. Bróðurdóttir Geirs, Shelby Thorisson, var einnig með þeim en þær Sóley María eru jafnaldrar og hafa verið pennavinkonur síðustu misserin.

„Við smullum strax allar saman og nutum samverunnar, vel og innilega.“

Allar fjórar heimsóttu þær Geir í fangelsið saman, heimsókn sem að þeirra sögn var tilfinningarússbani.

„Við vorum bæði spenntar fyrir að hitta Geir en örlítið kvíðnar fyrir því hvað tæki á móti okkur í fangelsinu sjálft,“ segir Sóley María sem þurfti að fjárfesta í víðum



HJÁLPSEMI OG NÁUNGAKÆRLEIKUR Það er margt sem situr eftir hjá mæðgunum Kristínu Bjarnadóttur og Sóleyju Maríu Hauksdóttur eftir ferðalagið vestur um haf.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

buxum vegna heimsóknarinnar en gestir þurfa að fylgja ströngum reglum varðandi fataval og framkomu innan veggja fangelsisins.

„Það var alveg ótrúlegt að koma í fangelsið, í þá auðn og mannlegan kulda sem þar er. Ég var stöðvuð í fyrsta öryggistekkinu af fimm og var látin fara út peysunni,“ segir Kristín. „Síðan var ég gagnrýnd fyrir að það sæst í berar axlirnar á mér. Fleiri öryggisverðir voru kallaðir til og stóðu yfir mér hristandi hausinn. Ég benti þeim ítrekað á það augljósa, að ef ég fengi að vera í peysunni þá sæst ekki í axlirnar. Að lokum var yfirmaður kallaður til og útskýrði fyrir mér að ég hefði haft peysuna þannig að hún væri meira eins og jakki en ekki peysa, því hún hefði ekki verið rennd alveg upp í háls þegar ég sást koma í henni utan af plani. Ég varð að lofa að hafa peysuna rennda upp í höku allan tímann og aldrei koma svona aftur. Þau Guðrún og Geir höfðu varað okkur við duttlungunum þarna, sem snúast um að sýna vald sitt þannig að þetta kom okkur ekki á óvart,“ segir Kristín.

Langbráður hittingur

Þær mæðgur játa því að salurinn sem þær hittu Geir í líkist því sem

sjá má í bandarískum bíómyndum. Stólar og lág borð úr plasti í stórum sal þar sem fangar sitja og taka á móti gestum. „Þetta er til að koma í veg fyrir að eitthvað gerist milli fanga og gesta undir borði. Þess vegna eru borðin bara upp að hnjám,“ segir Sóley María.

Stundin þegar þau hittust loksins er þeim öllum ógleymanleg og einkenndist af tærri gleði og væntumþykju. Geir sagðist hafa lifað á tilhugsuninni um heimsóknina síðustu mánuði. Fyrri heimsóknin varði í sex klukkustundir og daginn eftir náðu þær að dvelja hjá honum í fimm og hálf klukkustund.

„Það var eins og við hefðum alltaf þekkt. Geir var mjög einlægur og innilegur. Þó hann hefði sagt okkur frá kvöldinu örlaguríka í bréfum áður, hafði hann þörf fyrir að fá að fara í gegnum það með okkur aftur, fullur iðrunar og svo innilega meðvitaður um að ekkert væri hægt að taka til baka. Hann var hógvær og sagðist stundum efast um að hann ætti skilið þá hjálpssemi sem hann fær frá fjölskyldu og vinum. Það er mikill einmanaleiki í fangelsinu og margar óskrifadaðar reglur. Það er engum treystandi og engin augnsambönd mynduð,“ segir Kristín.

Mikil þörf fyrir einkalíf

Geir hlakkar til að öðlast frelsið og geta búið einn þegar hann losnar enda er hann aldrei einn í fangelsinu og alls staðar hávaði, meira að segja í heimsóknarsalnum var kliðurinn yfirþyrmandi. Eftir að hafa búið við þær aðstæður í 16 ár, í klefa með tveimur rúmum og klósetti við rúmið, er þörfin fyrir einkalíf orðin mikil. Lífið innan veggja fangelsisins er orðið bærilegra fyrir Geir núna þegar hann sér fyrir endann á dvölinni. Hann hefur láglagunavinnu á lagernum og er búinn að klára tveggja ára grunnnám í viðskiptafræði.

Þær mæðgur segjast ríkari eftir að hafa hitt Geir og hefur Sóley verið beðin um að halda fyrirlestur í skólanum sínum, Brekkuskóla á Akureyri. Og Geir bað fyrir skilaboð til unglönguanna: „Aldrei brjóta af ykkur, aldrei lenda í fangelsi.“

„Samfélagið hefur líka breyst heilmikið síðan Geir var dæmdur, eins og til dæmis tölvunotkun. Geir kann lítið á tölvur og internet, enda ekki haft aðgang að slíku. Það er því gleðilegt að hann er nú byrjaður á tölvunámskeiði sem hluta af undirbúningi fyrir að losna út á næsta ári. Geir hlakkar annars mest til litlu hlutanna, að geta gert allt

”Margir spyrja mig af hverju ég sé að þessu, af hverju er ég að gera þetta fyrir ókunnugan mann? En viðtalið var áttakanlegt, þarna eru framin mannréttindabrot alla daga og þetta sat í mér.“

Kristín Bjarnadóttir
hjúkrunarfræðingur

þegar hann vill, rétt eins og bara að opna dyr sjálfur, hann hefur ekki opnað dyr í 16 ár,“ segir Kristín en þær mæðgur verða meðal fjölskyldu og vina sem verða Geir til stuðnings þegar hann kemur til Íslands á næsta ári.

„Nú förum við á fullt að undirbúa heimkomuna. Hann á náttúrulega ekkert, ekki einu sinni fót. Þegar hann var dæmdur var hann 25 ára gamall og margt hefur breyst.“

Fyrir velunnara Geirs hefur verið stofnaður styrktarveitingur til að undirbúa heimkomu hans. Guðrún, móðir Geirs, og Stella Friðgeirsdóttir, frænka hans, fara með prókúru.

Reikningsnúmer: 515-14-612840
Kennitala: 630307-0900

MYNDAVÉLATILBOÐ FRÁ SAMSUNG

Samsung **GALAXY Tab 2** fylgir með
NX 1000 og NX 210

Kaupauki

SAMSUNG

SAMSUNG NX 1000 { TIL BÆÐI SVÖRT OG HVÍT }



20.3 milljón pixlar
20-50 mm linsa fylgir
APS-CMOS Sensor
8 rammar á sek.
Direct Wi-Fi
I-Function linsa
Lokarahraði frá 1/4000 upp í 30 sek.
ISO 100-12800
Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið
Tekur upp 1080p (30fps) myndbönd (H.264) með hljóði
Hristivörn (DIS og OIS innbyggt)
Verð: 99.900 kr

Samsung
GALAXY Tab 2
7" WiFi spjaldtölva
fylgir með í kaupunum.

SAMSUNG NX 210



20.3 milljón pixlar
18-50 mm linsa fylgir
APS-CMOS Sensor
8 rammar á sek.
Direct Wi-Fi
I-Function linsa
Lokarahraði frá 1/4000 upp í 30 sek.
ISO 100-12800
Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið
Tekur upp 1080p (30fps) myndbönd (H.264) með hljóði
Hristivörn (DIS og OIS innbyggt)

Samsung
GALAXY Tab 2
7" WiFi spjaldtölva
fylgir með í kaupunum.

TILBOÐSVERÐ: 129.900 kr

SAMSUNG NX 20



20.3 milljón pixlar
18-55 mm linsa fylgir
3" hreyfanlegur AMO-LED
APS-CMOS Sensor
Direct Wi-Fi
I-Function
Smart Auto (14 atriði) Panorama, 3D View
Innbyggt flass
Lokarahraði frá 1/8000 upp í 30 sek.
ISO frá 100 - 12800
Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið
Tekur upp 1080p (30fps) myndbönd (H.264) með hljóði
Hristivörn (DIS og OIS innbyggt)

TILBOÐSVERÐ: 179.900 kr

★★★★★
Samsung NX 20
hefur vakið mikla og
verðskuldaða athygli,
hlotið fjölda viður-
kenninga og verðlauna
fyrir háþróaða tækni
og vandaða hönnun.

SAMSUNG NX 300 { TIL BÆÐI SVÖRT OG HVÍT }



20.3 milljón pixlar
18-55 mm linsa fylgir
Tekur allt 8.6 ramma á sekúndu
3.3" AMOLED Touch Skjár
APS-CMOS myndflaga
Direct Wi-Fi
Flas fylgir með
Lokarahraði frá 1/8000 upp í 30 sek.
ISO frá 100 - 25600
Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið
Tekur upp 1080p (60fps) myndbönd (H.264) með hljóði
Hristivörn (DIS og OIS innbyggt)
Þyngd: 284gr.
Verð: 149.900 kr



Þessar glæsilegu og háþróaðu myndavélar frá Samsung bjóða allar upp á þráðlaust streymi mynda með WiFi inn í sjónvarpið og tölvuna – og þannig beinustu leið inn á samskiptamiðla internetsins... Facebook, Twitter, Flickr o.fl. Einnig er hægt að nota Samsung spjaldtölvuna eða Galaxy símann til að stýra myndavélinni þráðlaust og taka myndir.

OPIÐ
LAUGARDAGA
FRÁ 12-16

SAMSUNG

samsungsetrid.is
SETRID

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NEKAUPTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNÆYJUM
SÍMI 481 3333

Harmsaga gæti hent okkur öll

Snorri Engilbertsson og **Elma Stefanía Ágústsdóttir** vöktu mikla athygli er þau frumsýndu leikritið *Harmsögu* síðastliðið haust. Í kvöld stíga þau á svið í Kennedy Center í Washington DC þar sem þessi harmsaga úr Hlíðasmára verður gædd lífi fyrir enskum áhorfendum. Leikararnir eru sammála um að verkið hafi gengið nærri þeim en æfingaferlið gekk ekki snurðulaust fyrir sig.

Ólöf
Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Snorri Engilbertsson og Elma Stefanía Ágústsdóttir leika aðalhlutverk í leikritinu *Harmsögu*. Þau sýndu verkið í Þjóðleikhúsinu í haust við góðan orðstír. Nú halda þau utan, á leiklistarhátíðina World Stages í Washington D.C., höfuðborg Bandaríkjanna, þar sem þau sýna meðal leikhúsfönguðum á borð við Peter Brook. Það er erfitt að leika *Harmsögu* að sögn Elmu og Snorra því verkið gengur nærri þeim. Elma er gift höfundinum, Mikael Torfasyni, og leikritið er byggt á raunverulegu morðmáli. Una Þorleifsdóttir leikstýrði verkinu og John Grant sá um tónlistina.

Úr Hlíðasmára í Kennedy Center
Hvernig hefur það gengið að færa verkið yfir á ensku?

Elma: Við erum ekki að læra þetta upp á nýtt heldur að flytja þetta einhvern veginn bara yfir á annað tungumál.

Snorri: Já, ég fann einhvern hita í vinstra heilahvelinu, svæði sem ég var að nota sem ég hef bara aldrei notað áður. Að yfirfæra svona verk er mjög skrítið – og ég veit svosem ekkert hvernig ég er í ensku.

Elma: Já, við þældum til dæmis í því að breyta nöfnunum yfir í ensk nöfn. En þá var búið að prenta út leikskrána í Kennedy Center. Þannig að við heitum enn þá bara Ragnar og Sigrún og búum í Hlíðasmára í Kópavogi.

En hvernig kom það til að þið voruð valin á þessa hátíð?

Snorri: Það var algjör tilviljun. Konur frá World Stages-hátíðinni heimsóttu Tinnu Gunnlaugs (innsk. blm. Þjóðleikhússtjóra). Það hittist þannig á að þær komust á frumsýninguna. Þær töluðu ekki um að þær væru komnar til að leita eftir verkum á hátíðina.

Elma: Þær voru búnar að loka prógramminu.

Snorri: Svo veit ég ekki hversu löngu seinna kemur póstur til Tinnu og þær vilja fá verkið út.

Harmsaga er eina íslenska verkið á World Stages.

Elma: Svo sýnir Peter Brook kvöldið áður en við frumsýnum.

Snorri: Á sama sviði.

Þannig að hann hitar upp fyrir ykkur?

Snorri: Eigum við ekki bara að orða það þannig?

*Hvaða saga er *Harmsaga*?*

Elma: Í henni eru samskipti á milli tveggja persóna undir smásjá.

Við erum að vinna með hversdagslega hluti. Fólk í samböndum alls staðar í heiminum er að takast á við samskiptaörðugleika og ég held að það skipti engu máli hvert við förum með verkið því það munu alltaf einhverjir tengja.

Snorri: Eftir sýningu vatt mjög góður vinur minn sér að mér. Hann grét og við féllumst í faðma því verkið hafði fengið svo á hann. Að hann hafði áttað sig á því að hann væri á vondum stað í sínu sambandi. Þetta er mesta hrós sem ég hef nokkurn tíma fengið, miklu meira en nokkur góð gagnrýni.

Elma: Verkið fjallar um hið íslenska morð, það er ástríðuglæpur. Ég segi eins og Snorri. Þó að væri ekki nema ein manneskja sem myndi hugsa sig tvisvar um í einhverju mynstri í samskiptum, þá er það þess virði. Oftar en við höldum erum við að leika okkur við dauðann og það er sjokkerandi að sjá það. Og Sigrún og Ragnar

í *Harmsögu* eru bara venjulegar manneskjur.

Raunverulegar tilfinningar

Hvernig er að leika í verki þar sem náðin er svona mikil, bæði ykkar á milli, og svo ertu gift höfundinum, Elma?

Elma: Ég er mjög heppin með mótleikara. Við Snorri kynntumst í skólanum og fórum út í *Harmsögu* saman. Mér hefur alltaf liðið vel að vinna með honum. Varðandi það að eiginmaðurinn skrifaði verkið lít ég á það sem forréttindi. Að fá að vinna með honum og eiga greiðan aðgang að samtali við höfundinn sjálfan um verkið fram og til baka hjálpaði mér að kafa dýpra í karakterinn og sú vinna skilaði sér á sviðinu. Elma heldur áfram:

Mér fannst á vissan hátt þægilegt að hafa Mikka þarna, af því að það gengur nærri manni að leika þetta, jafnmikið að Snorra og mér. Það skiptir engu máli þótt maður reyni að setja upp vegg gagnvart því, vegna þess að maður gengur í gegnum raunverulegar tilfinningar.

Snorri: Ég bið kærustuna mína (innsk. blaðamanns Harpa Einarsdóttir fatahönnuður) oft að lesa á móti mér og það var allt í einu orðið óþægilegt. Ég vil ekki að hún eigi eitthvað skylt við Sigrúnu eða að ég sem kærasti eigi eitthvað skylt við Ragnar. Tilfinningin þegar maður er að fara að sýna *Harmsögu* er eins og við séum að fara að stíga upp í bíl sem við vitum að er að fara að lenda á vegg.

Hjónabandsráðgjafi sendi pör á *Harmsögu*

Elma: Ég veit um hjónabandsráðgjafa sem sendi pör á *Harmsögu*. En maður veit líka sjálfur, ef maður lendir svo í rifrildi, sérstaklega eftir að vera búinn að leika þetta svona oft, að það borgar sig ekki að rifast.

Snorri: Já. Það er kominn einhver litur, eitthvert bragð, sem kemur í hausinn á mér ef ég finn að ég er að fara inn í rifrildi sem hefur aldrei verið svona sterkt áður – og ég segi við sjálfan mig: Nei, ég ætla ekki að fara inn í þetta. Það mun ekki hjálpa.

Læsti sig inni á klósetti og grét í alvöru

*Hvernig var að vinna með *Una Þorleifsdóttur leikstjóra* í hennar fyrsta verki í stóru húsi? Og hvernig var umgjörðin í kringum *Harmsögu*?*

Elma: Það var frábært í einu orði sagt.

Snorri: Una kenndi okkur Elmu, og mér hefur alltaf þótt mjög vænt um hana. Hún er auðmjúk og æðrulaus og laus við öll leiðindi sem tengjast egó.

Snorri: Svo var dramatúrginn okkar, Dóri DNA, algjör lykilmáður í hópnum. Hann er svo mikill peppari. Þegar við vorum búin að velta okkur upp úr handritinu heilu dagana, lyfti hann stemningunni upp.

Elma: Einu sinni rifumst við Snorri í alvöru. Ég fór að gráta og læsti mig inni á klósetti. Þá var það Dóri sem bjargaði deginum.

Snorri: Ég kalla það nokkuð gott að það hafi bara verið ein svona uppákoma í öllu ferlinu.

Þau hlæja.

„Þetta er ömurlegasta sýning sem ég hef séð“

En það eru ekki allir sem kunnu að meta sýninguna?

Snorri: Nei, svo sannarlega ekki. Ég man eftir einum manni í salnum sem sagði hátt og snjallt yfir alla sýninguna: „Þetta er ömurlegt. Þetta er ömurlegasta sýning sem ég hef séð.“



VERKIÐ GEKK NÆRRI ÞEIM Leikararnir Snorri og Elma Stefanía rifust einu sinni í alvörunni á æfingaferlinu í *Harmsögu* og Elma endaði grátandi inni á klósetti en þá var það það dramatúrginn, Dóri DNA, sem bjargaði deginum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Elma: Þetta var mjög erfitt, að sitja undir frammköllum, af því að ég held að það muni alltaf vera fólk sem fílar ekki það sem maður gerir og hefur skoðanir á því sem manni sjálfum líkar ekki. Það er allt í lagi og fólk má alveg mynda sér þannig skoðanir á því sem það er að sjá, en það er ofboðslega vont að fá það í andlitið – sérstaklega þegar maður er svona, eins og í þessu verki, nakkinn á sviði.

Þegar hann byrjaði, þá vorum við í senu þar sem ég er að byrja að labba á móti Snorra og ég horfði

í augun á honum og við tókum ákvörðun án þess að segja nokkuð: Kúlum á þetta. Í staðinn fyrir að stoppa sýninguna, kveikja ljósinn og biðja hann um að fara út.

En hvað er fram undan hjá leikurunum tveimur?

Elma: Ég er að leika Abigail í Eldrauninni eftir Arthur Miller. Verkið verður frumsýnt í apríl á Stóra sviði Þjóðleikhússins þannig að ég fæ nokkurra daga frí frá æfingum til að stökkva út með *Harmsögu*.

Snorri: Ég er að leika í Litla

prinsinum sem verður líka frumsýnt í apríl í Kúlunni – en ég er reyndar í frí þessa dagana því mótleikkona mín var að eignast barn. En við æfum á kvöldin.

Elma: Ég var einmitt að ræða það við Snorra og Unu, að ég er að leika hlutverk núna sem er annars vegar hin vonda Abigail í Eldrauninni og hins vegar Sigrún. Þetta eru algjörar draumarullur, en ég verð að viðurkenna að um daginn horfði ég öfundaraugum á krakkana í Spamalot sem eru að syngja og dansa í sínum hlutverkum.

Tilfinningin þegar maður er að fara að sýna *Harmsögu* er eins og við séum að fara að stíga upp í bíl sem við vitum að er að fara að lenda á vegg.

Snorri Engilbertsson leikari

Markhönnun ehf.

nettó

Kræsingar & kostakjör

-40%

GRISAFILLE
Í ORANGEMARENINGU
KÍLÓVERÐ
ÁÐUR 2.498

1.499,-

KJARNAFÆDI

LAMBAFRAMHRYGGJASNEIÐAR
FERSKT
KÍLÓVERÐ
ÁÐUR 2.589

1.994,-

-37%

GRÍSAKÓTELETTUR
HUNANGSMARINERÁÐAR
KÍLÓVERÐ
ÁÐUR 2.379

1.499,-

GOÐI

-40%

KALKÚNASNEIÐAR
M/LEMMONGRAS MARINERINU
KÍLÓVERÐ
ÁÐUR 2.498

1.499,-

FRANSKAR KARTÖFLUR
1 KG
VERÐ PER PAKKA
ÁÐUR 379

299,-

NESTLE ROLO
3X52 GR
VERÐ PER PAKKA
ÁÐUR 399

299,-

-25%

NESTLE TOFFEE CRISP
4 PAKK
VERÐ PER PAKKA
ÁÐUR 399

299,-

APPELSÍNUR
SPÆNSKAR
KÍLÓVERÐ
ÁÐUR 238

119,-

-50%

HRÍSKÖKUR
ÓDÝRT FYRIR HEIMLIÐ
LJÓSAM EÐA DÖKKAR
VERÐ PER PAKKA
ÁÐUR 294

249,-

MÖNDLUMJÓLK
BLUE DIAMOND
STYKKJAVEÐ
ÁÐUR 398

279,-

-30%

PECANSTYKKI
BAKAD Á STAÐNUM
STYKKJAVEÐ
ÁÐUR 498

139,-

-30%

Tilboðin gilda 13. -16. mars 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Fallegustu nýbyggingar landsins

Álfrún Pálsdóttir
alfrun@frettabladid.is



Ýmislegt spennandi hefur gerst í íslenskum arkitektúr á síðustu árum. Fréttablaðið fékk vel valinn hóp fagaðila til að velja fallegustu nýbyggingar landsins sem eiga það sameiginlegt að vera byggðar eftir árið 2007. Sundlaugin á Hofsósi er þar efst á blaði þar sem byggingin er talin einstaklega vel heppnuð og bera virðingu fyrir náttúruyrðinni í umhverfinu.



MYND/RAFNI SIGURDSSON

1. Sundlaugin á Hofsósi – Arkitektar: Basalt / VA: Jóhann Harðarson, Marcos Zotes Lopes, Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, Stefánía Sigfúsdóttir, Sigríður Sigþórsdóttir (2010).

☞ Arkitektúr sem í sjálfu sér er upplifun. Falleg lausn þar sem virðing er borin fyrir umhverfi og náttúru. Unnið er vel með samspil þess náttúrulega og manngerða og góð tilfinning fyrir hlutföllum, efnum, notkun og tilgangi. Byggingin er högvær í landslaginu en myndar um leið sterkt samspil við umhverfið, haf og land.

Elísabet V. Ingvarsdóttir

☞ Laugin og þjónustuhúsið eru hugvittsamlega felld inn í landið. Í einfaldleik sínum nær mannvirkið að magna áhrif umhverfisins þar sem vatnsflötur laugarinnar kallast á við hafflöt Skagafjarðar og eyjarnar við sjónarrönd.

Pétur H. Ármannsson

☞ Sundlaugin á Hofsósi eftir Basalt arkitekta. Tekin í notkun 2010. Mögnuð bygging þar sem sundlaugin nánast snertir hafið og sjónsteyptir veggirnir flæða meðfram umhverfinu.

Freyr Einarsson

☞ Sundlaugin við Hofsósi býður upp á einstaka upplifun. Auðmýkt gagnvart umhverfinu og landslagi fjarðar, fjalla og Drangeyjar einkenna verkið. Öll staðarmyndun er til fyrirmyndar og upphæfur fallegt útsýnið, en sjónrænt rennur sundlaugarvatnið og sjórinn saman í eitt þegar horft er frá laugarkerinu í átt til Drangeyjar. Bygging og landslag fléttast saman í sannfærandi heild og þakið á byggingunni rennur inn í bæjarumhverfið og myndar skemmtilegt útsvæði.

Sigrún Birgisdóttir



FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

2. Háskólinn á Akureyri, skipulag og kennsluhúsnæði, 4. áfangi. Arkitektar: Gláma-Kím arkitektar (2010–2012)

☞ Eldri og yngri byggingar mynda sannfærandi heild þar sem mikil alúð er lögð í mótun rýmis og öll útfærsluatriði. Sterk grunnhugmynd að skipulagi bygginga, samsett úr minni einingum sem unnt var að byggja í hóflegum áföngum.

Pétur H. Ármannsson

☞ Háskólinn á Akureyri er byggður við og utan um eldri byggingar að Sólborg í nokkrum áföngum. Einstaklega vel hefur tekist til við flæði milli eldri og nýrri byggingarluta og að skapa umhverfi sem þjónar vel háskólasamfélaginu. Sérstaka verksins felst í hversu vel hefur verið unnið með að skapa heildrænt yfirbragð með vandaða útfærslu á rýmum og efnisvali ásamt því að viðhalda vönduðum vinnubrögðum á löngum framkvæmdatíma.

Sigrún Birgisdóttir

Álitsgjafar:

Elísabet V. Ingvarsdóttir - Hönnunarfræðingur/hönnuður og kennari

Pétur H. Ármannsson - Arkitekt

Freyr Einarsson - Sjónvarpsstjóri 365 miðla

Sigrún Birgisdóttir - Deildarforseti hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands



FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

3. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ – Arkitektar: Aðalheiður Atladóttir og Falk Krüger hjá a2f Arkitektum (2014)

☞ Fyrst og fremst athyglisverð bygging sem þjónar vel tilgangi sínum, tekur mið af umhverfinu og er byggð með vistvæn sjónarmið að leiðarljósi. Skipulag rýma og tengsl þeirra á milli bera vott um góðan skilning á starfseminni og eru hvetjandi til nýbreytni og sveigjanleika í kennsluháttum. Efnisval er áhuga-vert jafnt utan sem innan, hljóðvist er áberandi góð og eiga verk Bryndísar Bolladóttur sem skreyta skólastofur og önnur rými sinn þátt í því.

Elísabet V. Ingvarsdóttir



MYND/AUÐUNN

4. Safnasafnið á Svalbarðsströnd – Arkitekt: Ragnheiður Ragnarsdóttir (2007)

☞ Falleg heildarlausn þar sem gott samspil er á milli tveggja eldri húsa við nýja byggingu sem tengir þær saman. Hún hefur að geyma óvænta og áhugaverða þætti sem skapa sjónræna upplifun með samspili við gróinn garðinn í kring. Vandað verk þar sem góður skilningur er á starfsemi safnsins og verkefni í heild og vel unnið með samspil einkarymis og safns.

Elísabet V. Ingvarsdóttir



MYND/AUÐUNN

5. Kaffihúsið í Lystigarði Akureyrar – Arkitektar: Kollgáta-Logi Már Einarsson og Ingólfur Freyr Guðmundsson (2012)

☞ Bygging sem nær að tengjast viðkvæmu, sögulegu umhverfi með góðum hlutföllum og vönduðu efnisvali. Heildarform hússins vísar til eldri byggingar á Akureyri en um leið ber útfærsla þess samtíð sinni vitni.

Pétur H. Ármannsson



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

6. Háskólatorg – Arkitekt: Hornsteinar arkitektar í samvinnu við Teiknistofu Ingimundar Sveinssonar (2007)

☞ Velheppnuð bygging og skipulag sem virkar mjög vel, ekki síst fyrir kúltúrinn í Háskólanum. Tengingin við gömlu byggingarnar er snjöll og býr til skemmtilegt flæði sem sameinar allar deildir á torginu sem hefur valdið straumhvörfum fyrir menningu Háskólans.

Freyr Einarsson

HJÓLHÝSASÝNING UM HELGINA



Mikið úrval
af litlum
hjólhýsum




Hobby De Luxe Easy 400 SFe
Kr. 3.875.000



Hobby Prestige 495 UL
Kr. 4.595.000



Adria Action 361 LH-P
Kr. 3.875.000



Sprite Alpine Sport 370 EK
Kr. 3.495.000




Hobby Excellent 460 UFe
Kr. 4.295.000



Adria Altea 472 LU
Kr. 3.995.000



Adria Aviva 390 PS
Kr. 2.995.000



Sprite Cruiser 460 SR
Kr. 3.995.000

Við sýnum mikið úrval af litlum hjólhýsum á frábæru verði.
Húsin eru auðveld í drætti, létt og henta nánast hvaða bíl sem er.
Þú sparar eldsneyti og nýtur hámarksþæginda í ferðalaginu.
Opíð laugardag og sunnudag frá 12 til 16 - Verið velkomin.

Hobby

ADRIA



VÍKUR
V • E • R • K



KJÚKLINGA-VEISLA!



1,2 kg
749 kr. kg

899

kr. stk.

Danpo heill danskur kjúklingur, frosinn, 1,2 kg

13% afsláttur

1998 kr. kg

Verð áður ~~2298~~ kr. kg

Krónu kjúklingabringur ferskar

698 kr. kg

Krónu blandaðir kjúklingabitar

GODI

449 kr. pk.

Ungnauta hamborgarar, 2 stk., 120 g

2 stk. 120 g

40%
afsláttur

ØKONOMIKØB

Neutral

STORVASK

0% optísk hvídt
0% farvestoffer
0% parfume

%

7,3 kg

1499 kr. pk.

Verð áður ~~2499~~ kr. pk.
Neutral þvottaefni, 7,3 kg

62
þvottar



36
kr./stk.

33
kr./stk.

31
kr./stk.

25
kr./stk.

2899 kr. kassinn.

Pampers Baby-Dry Mega Pack



Nýtt

Tresemme
Sjampó, 400 ml 999 kr.
Purr sjampó, 200 ml 899 kr.
Hársprey, extra hold, 500 ml 899 kr.

FRÁBÆR KAUP!



799 kr. pk.

Papco Fífa Wc, 9+3 stk.



399 kr. pk.

Papco páska eldhúsrúllur, 3 stk.



199 kr. pk.

Allra blautsalernispappír, 60 stk.

60
stk.

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

Mikilvægt að taka á húsnæðisvandannum

Óskar Bergsson, oddviti framsóknarmanna í Reykjavík, segir að húsnæðisvandinn verði meðal stærstu mála í komandi borgarstjórnarkosningum. Hann vill Reykjavíkflugvöll áfram í Vatnsmýrinni og taka á rekstrarvanda borgarinnar. Hann telur ekki að ESB-umræðan muni hafa áhrif á gengi flokksins í kosningunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

FYRSTA VERK SEM BORGARSTJÓRI:

☞ Fyrsta mál á dagskrá væri að gera Reykjavík að borg tækifæra.

MÖGULEGT MEIRIHLUTASAMSTARF:

☞ Ég byrjaði í pólitík í Reykjavíkurlistanum þegar Sjálfstæðisflokkurinn var felldur 1994. Ég er búinn að vinna með vinstri mönnum í borginni og hægri mönnum. Framsóknarflokkurinn er miðjuflokkur. Þannig að ég held að það verði málefnið sem ráði för og úrslit kosninganna.

REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR:

☞ Reykjavíkflugvöllur er miðstöð innanlandsflugs á Íslandi. Hann er lífæð höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar og það eru ótrúlega miklir möguleikar sem felast í flugvöllinum. Ég skil ekki alltaf af hverju menn líta á flugvöllinn sem einhvern sérstakan óvin. Það eru mörg hundruð störf í kringum völlinn og hann skapar gríðarlega möguleika á mörgum sviðum.



ESB-umræðan er ekki jafn óþægileg fyrir okkur og samstarfsflokkinn. Þetta er umræða sem er í gangi og hún er hávær. En hún á eftir að ganga yfir og ég held að hún muni ekki hafa áhrif á úrslit kosninganna. Ég held að menn verði að horfa á það hvað þessi ríkisstjórn er að gera sem er skuldaleiðrétting, afnám verðtryggingar, hallalaus fjárlög og 2% verðbólga. Mér finnst að það sé verið að skamma núverandi ríkisstjórn fyrir það sem gamla ríkisstjórnin, sem hóf þessar viðræður við ESB, hefði átt að gera. Hún hefði átt að spyrja þjóðina áður en lagt var af stað. Þá stæðum við ekki uppi með þetta vandamál í dag," segir Óskar.

Vantar húsnæði fyrir venjulegt fólk

Óskar segir að húsnæðisvandinn verði meðal stærstu mála í komandi kosningum. „Ég held að ástandið á húsnæðismarkað-

um sé tilkomið vegna þess að síðastliðin sex ár hefur nánast ekkert verið byggt af húsnæði í Reykjavík nema kannski í Skuggahverfinu sem er ekki fyrir þennan hefðbundna kaupendahóp. Við þurfum að byggja meira af venjulegu húsnæði fyrir venjulegt fólk. Við teljum að það sé best að gera það þar sem við getum lagt fram ódýrustu lóðirnar. Er ég þá að tala um Úlfarsárdalinn sem núverandi meirihluti er búinn að taka út úr aðalskipulagi því hann vill leggja meiri áherslu á byggðina nær miðborginni. Lóðaverð er hins vegar talsvert hærra í miðborginni og það mun hafa áhrif á fasteignaverð. Við teljum að til þess að geta boðið venjulegu fólk upp á venjulegt húsnæði þurfum við að gera það líka í úthverfunum. Við þurfum líka að taka tillit til kröfu þeirra um þéttingu byggðar. Við sjáum það fyrir okkur að það sé ekki í Vatnsmýrinni þar sem flugvöllurinn er. Við viljum að hann verði áfram


þar. En það eru þéttingarreitir á Laugaveginum sem eru tilbúnir, á Hafnarsvæðinu og svo á svæðinu frá Hlemmi austur Laugavegin, Suðurlandsbrautina og að Skeifunni. Við teljum að Skeifan komi vel til greina sem þéttingarsvæði í framtíðinni," segir Óskar.

Vill taka á hallarekstri

Óskar telur nauðsynlegt að taka til hendinni þegar kemur að rekstri borgarinnar og segir mögulegt að ná fram hagræðingu án þess að hækka gjöld á borgarbúa. „Ég mun taka á [hallarekstrinum] með svipuðum hætti og ég gerði í hruninu 2008 til 2010. Þá var ég formaður borgarráðs og við sáum fram á gríðarlega mikla erfiðleika í fjármálum. Ekki bara hjá borginni heldur hjá landsmönnum og hjá ríkinu. Við gerðum þverpólitíska aðgerðaáætlun þar sem allir flokkar komu að og gerðum áætlun út kjörtímabilið. Það var áætlun

sem gerði ráð fyrir að engar gjaldskrár yrðu hækkaðar. Útsvarið yrði ekki nýtt í botn og grunnþjónustan yrði varin. Við ákváðum að fara í verklegar framkvæmdir og sem dæmi get ég nefnt Sleggjuna sem er síðasti áfangi Helligheidarvirkjunar sem var farið í eftir hrun. Við spöruðum í innkaupum og starfsmenn borgarinnar tóku fullan þátt í þessu með okkur og stóðu sig frábærlega. Svo var ráðningarbann sem þýddi að það var bannað að ráða í störf sem losnuðu nema að fara í gegnum ákveðið starfatorg sem var starfrækt þá. Þegar við skoðuðum útkomuna úr þessu eftir eitt og hálf ár þá hafði fækkað um þúsund starfsmenn hjá borginni. Við erum að tala um kostnaðarlið sem er 3 til 6 milljarðar á ári bara í fækkun starfa. Ég er ekki að segja að við myndum gera það nákvæmlega svona en í þessa veru myndi ég fara inn í hagræðingu hjá borginni," segir Óskar.

MENNTUN OG FYRRI STÖRF



Höskuldur Kári Schram
hoskuldur.schram@365.is



visir.is

Viðtalið við Óskar er hægt að sjá í þættinum **Pólitíkin á visir.is**.

STJÓRN MÁLAPÁTTAKA

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



KVENNAKÓR Í KÓPAVOGI

Kvennakórinn Vox feminae flytur íslensk sönglög og Vínarljóð í Salnum í Kópavogi í dag kl. 16. Einsöngvari með kórnum er Sigrún Pálmadóttir sópran, Kristján Karl Bragason leikur á píanó og Hafdís Vigfúsdóttir á flautu. Listrænn stjórnandi er Margrét Jóhanna Pálmadóttir.

NÁMSADSTOD.IS

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl

Upplýsingar og innritun á namsadstod.is allan
sólarhringinn. - Öll skólastig. - Reyndir kennarar.

Nemendajónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Astmi og lungnaþemba

skerðir súrefni í blóði.

Hvað gerir SUPERBEETS?

Örvar Nitric Oxide framleiðslu strax.

30% meiri súrefnisupptaka

30% æðautvíkkun betra blóðflæði,

réttur blóðsykur aukin fitubrennsla,

20% meira þrek, orka og úthald.

SUPERBEETS Rauðrófukristall

100% lífrænt og því fullkomlega öruggt.

Fæst í apótekum, heilsuþúðum, World Class og Sportif.



Umboð: www.vifex.is



HAIR VOLUME

Ný uppfinning sem hefur gefið góða raun segir Birna Gísladóttir, sölu-
stjóri hjá Icecare. Hair
Volume eflir hárvöxt,
styrkir og þykkir hárið.
Hjálpar til við að koma í
veg fyrir grá háir.

Innihald: Elfting
(horsetail extract),
epla-extract, hirsí
(millet extract),
amínósýrur, L-Cysteine
og L-methionine,
bíótín, pantótenatsýra,
sink og kopar. Aðeins
ein tafla á dag.

LÍFLEGRA HÁR MEÐ HAIR VOLUME

ICECARE KYNNIR Hair Volume styrkir og þykkir hárið.

Tek af mér allhiðamúrverk og viðgerðir innan sem utanhúss. Snyrtileg og góð þjónusta. S. 846 7622.

LEKUR PAKIÐ ?

Pakpappalagnir / Pakviðgerðir. Á steyp og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og virusheinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjórnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

AH-RAF
Dyrasímakerfi, töfluskripti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/ tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Trésmíði


TRÉSMÍÐI
Smíður með réttindi getur bætt við sig verkefnum s.s viðhald, húsviðgerðir, parket, innréttingar, nýsmíði ofl.
Uppl. í s. 898 9602

INNRETTINGAR.IS
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

Önnur þjónusta

Blekhyllki.is
Ódýr blekhyllki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

Til sölu



NÝJAR VÖRUR FRÁ PARÍS
Kjöll 6.990,- margir litir Mikið úrval af ermum Hárskraut í miklu úrvali Opíð til 10-22 alla virka daga. Laugardaga 10-20 Sunnudaga 13-20 Súpersól Hólmaseli 2 109 Reykjavík 587-0077 567-2077 Erum á facebook

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

LEIRNÁMSKEIÐ 19 MARS.
WWW.GLIT.IS
GLEIRBRÆSLA, LEIRMÓTUN, LEIRSTEYPA, GLERSKARTGRIPIR OG SKARTGRIPAGERÐ. MIKIÐ ÚRVAL AF SKARTGRIPAÆFNI.
ERUM Á FACEBOOK.COM/GLITEHF
GLIT
Glit ehf. Krókahlí 5, 110 Rvk. sími 587 5411

XPRENT
-mettir allt!
Hafðu samband við okkur ef þig vantar: bílamerkingar inni- og útimeirkingar striga- og ljósmyndaprentun prentun á gsm hlustur limmiða á vegg texta á veggj o.fl.
www.xprent.is
Xprent - Sundaborg 1 - 104 Rvk. - s. 777 2700 - xprent@xprent.is

HVÆLLUR.COM
Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum
Viðgerðir Breytingar Þjónusta
Smíðjuvegur 30, 200 Kópavogur

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

BROT BORTÆKNI
SÖGUN • BORUN
DRÖG • REYNSLA
www.bortakni.is
STEYPUSÖGUN KJARNABORUN NIÐURRIF
S: 892 7544

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?
Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótörhjóla og snjósléðasætum. Húsbílaþklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.
• Tekur venjulegt GSM SIM kort.
• Hægt að þarfa mynd eða hlusta svæði.
• SMS og MMS viðvörn í síma og netf.
• Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
• Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
• Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
• Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

SPARAÐU BENSÍN!
Metan upp færðu bílinn þinn
Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu - sparið með Metan Lán til allt að 48 mánaða
VélRás Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Til sölu

Lyklar



Mikið úrval
Opíð í dag laugardag
frá 10:00 til 14:00

Stofnað 1988
Neyðarþjónustan
Lásasmíðun
Skútuvegur 11 • s: 510-8888



Þjóðlagagítarpakkí kr:23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengir stilliflauta og kennsluforrit. Gítarinn ehf./Stórhöfði 27 S:552-2125, www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is



Til sölu alsjálfvirk kaffibaunavél sem beintengd er við vatn. Lagar kaffi, kakó, kaffi latté, cappuccino, sviss mokka og latte machiatto. Vél í toppstandi og lítur vel út. Verð: 85.000 kr. Upplýsingar í síma 898-2130



Til sölu þrjú 20ft gámar. Parket á gólfum og eldhúshorn m. ísskáp, vask, skápum. Mjög snyrtilegir og góðir gámar sem henta sem skrifstofuástaða, sumarhúsið eða ofl. (seljast allir í einu). Keyptir nýir árið 2012. Vinsamlegast sendið fyrirspurnir á sffice@stolt.com

ÓDÝR HEIMILSTÆKI

Pvottavélar, þurrkarar, ísskáp og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

V/ FLUTNINGA ERLENDIS

Búslóð til sölu, m.a. Samsung ísskápur, AEG pvottavél og þurrkari, reiðhjól, hljómlötusafn o.fl. Nánari upplýsingar í síma 8605190 / 6933793 e. kl 13

FERDAPJÓNUSTUADILAR I

Húsgögn og fleira til sölu

Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrifborðsstólar, borðstólu-/eldhúsbörð, eldhússtólar, fataskápar, eldvarnar-hurðir, hitakútar og fl. Allt notað en vel með farið og í mjög góðum gæðum.

MJÖG GOTT VERÐ

Nánari upplýsingar gefur Mhann s. 891-8604, s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfelleh.is

Óskast keypt

KAUPI GULL I

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leiðið til fagmanns og fáðið góð ráð.

Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Skúfhólkar óskast

Kaupum gamla skúfhólka. Friða frænka gsm. 8042223

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

Opíð alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin) Upplýsingar í síma 661 7000.

Hijóðfæri



Harmonikur og harmonikkugeisladiskar í úrvali. Tökum harmonikkur í umboðssölu. Borsini Super star. www.egtonar.is Sími 824 7610 & 660 1648.

skemmtanir



Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

LEIKIR HELGARINNAR:

LAUGARDAGURINN 15. MARS
12:35 HULL CITY - MAN. CITY
14:50 EVERTON - CARDIFF CITY
14:50 STOKE CITY-WEST HAM UNITED

SUNNUGADURINN 16. MARS
13:20 MAN. UNITED - LIVERPOOL
15:50 TOTTENHAM - ARSENAL

http://www.facebook.com/cafecatalina

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgartilboð • Veislusalur til útleigu

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Verslun



WE-VIBE II, III OG IV

Unaðstæki ársins fyrir þör mörg ár í röð. Viamax fullnægjarkremið sem virkar o.fl. 50 Shades of Grey vörurnar og allt það vinsælasta í dag. Millifærsla, greiðslukort og netgró. Sendum um allt land www.hush.is

Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Fritt lífstillamat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Nudd

Slökunar nudd og heilun í Garðabæ tímapantanir í síma 782 4566

Byð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opíð til 21 á kvöldin. 105 Rvk/Ármúli S. 894 4817.

Námskeið



NORSKA - ICELANDIC - STUNDASKRÁ:

NORSKA I & II - NORSKA f. heilbrigðisgeira, ENSKA f. fullorðna. ICELANDIC - ÍSLENSKA f. útlendinga. Byrja/Starting: 7/4, 5/5, 2/6, 30/6; Morgna/Síðdegi /Kvöld. Mornings/ Afternoons/Evenings. 4 vikur/5 x í viku- 4 weeks/5 days a week. Aukatímar: STÆTÖL, EDL, EFN. www.iceschool.is. Fullorðinsfræðslan- IceSchool, Ármúli S. s.588 1160.

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Evar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Dýrahald




Yndilegir papillon hvolpar til sölu m/ættbók frá HRFI. Efnilegt got frá reyndum ræktanda. Uppl í s: 8240115 og á royalice.weebly.com



LANGAR PIG Í HUND?


Hundaræktarfélag Íslands er aðili að FCI, alþjóðasamtökum hundaræktarféлага, sem tryggir rekjanleika ættbóka, beitir sér fyrir hreinræktun og kynbótum hundategunda. HRFÍ stuðlar að góðum samskiptum á milli hundeigenda, yfirvalda og almennings. Leitaðu upplýsinga á vefsíðu félagsins, www.hrfi.is



Shitzu rakki leitar eftir heimili! Upplýsingar í s. 6910938



Schäfer rakkar til sölu, tveir eftir. Barngóðir og yndislegir. Tilbúin til afhendingar. Hreinræktaðir og ættbókafærðir. Foreldrar með Topp mjaðmir og olnboga. Foreldrar eru meistarinn Yasko og Kötlur Birta. Upplýsingar í síma 8625579 eða liljan79@gmail.com



SHAHER HVOLPAR

Hvolparnir eru tilbúin til afhendingar Gjósukuræktun stígahæsta schäferættun ársins 2013. Ættin skartar innfluttum úrvallmeisturum uppl. 690 0907 /faxi@simnet.is http://gjokuhundar.weebly.com/

Húsnæði í boði

R-109.Til leigu 2ja herb kj.íbuð í rólegu hverfi. Reglusemi skilyrði. Verð 115 þús. S.6951790

Til leigu 2ja herbergja 60fm kjallarabúð í þrjúli á frábærum grónum stað í Kópavogi. Stutt í sundlaug, verslun o.fl. Fin íbuð fyrir reglusaman, reyklusan einstakling eða par. Gæluðyr ekki leyfð. Leiguverð 110.000. Uppl. 694-4150.

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

HERBERGI TIL LEIGU Í DALBREKKU, KÓPAVOGI.

Til leigu snyrtileg, 15 m2 herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, pvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó. Verð frá 55.000 á mánuði. Available now! 15m2 rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaurants and buses.Price from 55.000.

Uppl. gefur Sverrir í s. 661-7000

WWW.LEIGUHERBERGI.IS

Dalshraun 13 Hafnarfirði Funahöfða 17a-19, Reykjavík Smíðjuvegi 68-72 Kópavogi VERÐ FRÁ 45.000 á mån. Rent a room price from 45.000 kr. per month.

gsm 824 4535

leiga@leiguherbergi.is

Atvinnuhúsnæði



Til leigu 175 fm.á Smíðjuvegi .70 fm. Kæli/frystiklefi. Hentar til matvælavinnslu. Uppl. 660 5600

Mjög gott 210 fm atvinnuh. til leigu við Melabraut í Hafnarfirði. Tvær innkeyrsluhurðir, hentar vel fyrir léttan iðnað eða heildisölu. Laust strax. Uppl. í s. 8939678

Til leigu ca.85fm iðnaðarhúsnæði / verslunarh./skrifst. við Dalveg í Kópav. Uppl. í s. 893 3475.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUHÚSNÆÐI/ BÍLSKURAR TIL SÖLU

Tveir samliggjandi bílskurar í Móhelli 4E til sölu úr prótabúi. Stærð hvors bílskúrs er 26,3 fermetrar. Tilboð óskast. Nánari upplýsingar veitir Halldór Reynir Halldórsson hdl., Forum lögmonnum, S: 562-3939

GEYMSLULOUSNIR.IS

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

Gisting

ÆTLAR ÞÚ TIL DANMERKUR Í SUMAR?

Nýuppgerður, vel staðsettur bóndabær á Miðsjálandi til leigu viku í senn - Gisting fyrir 8 manns í 4 herbergjum - stutt í allskyns afþreyingu. www.oevej18.dk Ásgeir Páll : 004522122252

Atvinna í boði

LEBOWSKI BAR / AÐSTOÐ Í ELDHÚS

Óskum eftir aðstoðarmanni í eldhúsi við að elda og afgreiða bestu hamborgara í heimi. Sumarvinna einnig í boði. Umsóknir sendist á: info@lebowskibar.is

LEIKSKÓLINN SKERJAGARÐUR

Bauganesi 13 101 rvk auglýsir eftir metnaðarfullum leikskólakennara eða leiðbeinanda sem hefur brennandi áhuga á að vinna með ungum börnum. Íslenska skilyrði. Framtíðarstarf. Nánari upplýsingar sendist á: skerjagardur@skerjagardur.is

Atvinna óskast

Smiður óskar eftir vinnu, vanur byggingavinnu, flislaðgn, málnu & gipsvinnu. S. 846 3632.

Söluumaður (Íslenskur) vanur dreifingu og framstillingu á vörum í verslanir, óskar eftir vel launuðu starfi. 10 ára reynsla. Get hafði störf strax. S: 867-1715

Einkamál

ÉG HLUSTA

Ef ykkur liggur eitthvað á hjarta, þá get ég hlustað og hjálpað ykkur. Hringið í s. 901 5550

til sölu

FRAMLEIÐSLA Á BIO_DIESEL

Til sölu nýtt framleiðslu unit fyrir Bio Diesel olíu unnið úr repjuolíu. Getur framleitt 5000 – 6000 lítra á sólarriing. Evrópu vottuð. Framl.kostn pr. líter kr. 125.-Gott verð.

Uppl. í síma 773-4700 Óskar.

Fyrirtækjasala Ísl. • S: 520-3500 • atv.is

fasteignir

GLÆSILEG HEILSÁRSSHÚS



Er að hefja smíði á þessu húsi. Hús með mikla íburði, góð einangrun, hitaspirall í gólfi, stórt milli loft, klætt með bjálkaklæðningu að utan, stallað stál á þaki. Innfelldar rennur, k-gler í öllum fögum. Húsið er 64 fm + 20fm loft, samtals 84 fm. Einnig til teikningar af stærri húsum ef vill.

Upplýsingar í s. 894 0048 Halli, halliparket@gmail.com eða renna í kaffi á Suðurlandið.

veiðileyfi

Veiðileyfi

Eigum örfáar stangir lausar í neðri hluta Ytri Rangár (Hólsá) sumarið 2014

Svæðið nær frá því fyrir neðan Djúpósnef að og með Borginni, stærstur hluti svæðisins hefur tilheyrð svæði 1 í Ytri Rangá síðustu ár. Veiðistaðir á svæðinu eru m.a. Staurhylur, Straumey og Borg. 4 stangir sem seljast yfirleitt saman. Hagstætt verð er á veiðileyfum og frábær veiðivon.

Leyfilegt agn er fluga fram að hádegi 14. september, en fluga, maður og spönn eftir það. Veiðihús fylgir svæðinu þar sem menn sjá um sig sjálfir.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur í síma 861-7400, gundisig@gmail.com


ICELANDAIR

1011
Fljótlegt og þægilegt

Coca-Cola

Domino's

SPORT 2
enski boltinn



Stórleikir á sunnudag!

Fótboltaveisla af bestu gerð á sunnudag í Enska boltanum. Tvö sigursælustu lið Englands, Manchester United og Liverpool, mætast í stórleik og svo er grannaslagur á milli Arsenal og Tottenham í höfuðborginni. **Toppbaráttan hefur aldrei verið jafn spennandi.**

SPORT 2 Sunnudag kl. 13:20

MAN. UTD. – LIVERPOOL

SPORT 2 Sunnudag kl. 15:50

TOTTENHAM – ARSENAL



180.000 kr.
sparnaður
á 36 mánuðum

Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 auk 4 íþróttarása, fjölda hliðarrása og internet og heimasími í 3 ár, á aðeins 11.990 kr. á mánuði. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

11.990 kr. + 0 kr.

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Sportpakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

SKEMMTILEGUR OG LITRÍKUR SKÓBÚNAÐUR FRÁ GÖTUTÍSKU PARÍSARBORGAR



CHANEL-STÍGVÉL



PRADA-SKÓR



LITRÍKIR SOPHIE WEBSTER-HÆLAR



MANOLO BLAHNIK-HÆLASKÓR



ÁBERANDI BRIAN ATTWOOD-STÍGVÉL



KRYDDHILLA Kjörin leið til að geyma kryddjurtirnar og gefa tónum vegg líf í leiðinni.

FYLGSTU MEÐ ...

Diyordie.elledecoration.se

Þessi sænska blogg síða er undirsíða sænska tímaritsins Elle Decoration. Eins og nafnið gefur til kynna snýst innihald bloggsíðunnar um hluti sem hægt er að búa til sjálfur. Einnig er vakin athygli á hönnun frá ungum og upprennandi merkjum og innblástur gefinn til að flikka upp á húsgögn heimilisins. Góð síða fyrir handlagna fagurkerann.



FLIKKAÐ UPP Á Gamalli kommóðu gefið nýtt líf með málningu og pensli.

YFIRHEYRSLAN ARNAR DAN KRISTJÁNSSON LEIKARI

Skotinn í Ellen Page

- Hvað halda margir um þig sem er alls ekki rétt?** Ég hef ekki hugmynd um hvað fólk heldur um mig og ég er ánægður með að vera laus við að hafa áhyggjur af því.
- Hvað kæmi fólki sem kynntist þér mest á óvart?** Hvað ég er góður ferðafélagi.
- Hvað kemur út á þér tárnum?** Hundurinn Roði í furðulegu háttalagi hunds um nótt og myndir í anda Broken Circle Breakdown.
- Hvað gerir þig pirraðan?** Þegar fólk snuðar sig um einlægni til þess að þykjast vera siðmenntað.
- Hvað er fyndnast í heimi?** Oddur bekkjarbróðir og prump.
- Er líf á öðrum hnöttum?** Það hlýtur að vera, mig langar allavegana ekki til þess að loka á möguleikann. Mér er í raun alltaf illa við það þegar fólk lokar á möguleika og þá sérstaklega þegar einhverjir gera það fyrir þig.
- Hvert er fallegasta hljóð sem þú hefur heyrt?** Söngur Sigríðar.
- Hvað gerirðu þegar allir aðrir eru sofnaðir?** Horfi á heimildarmynd, spila FIFA eða vafra á Vísindavefnum.
- Hvaða frægu persónu ertu skotinn í?** Ellen Page, hún er góð leikkona, klár, ákveðin og veit hvað hún vill ásamt því að segja úreldum gildum að fokka sér.
- Ef þú mættir taka eina bók, eina plötu og eina bíómynd með þér á eyðieyjuna, hvað yrði fyrir valinu?** Blái Hnötturinn eftir Andra Snæ því ég á eftir að lesa hana og langar til þess, Spiegel im Spiegel eftir Arvo Pärt til að halda geðheilsunni og Festen eftir Thomas Vinterberg til þess að minna mig á að það sé kannski bara fínt að vera á eyðieyju.
- Hver er fyrsta minning þín?** Myndir og frásagnir annarra trufla mig núna því ég man ekki hvort ég man hlutina eins og þeir voru í alvöru. Minningar mínar brenglast svo

→ Góður ferðafélagi

Leikarinn Arnar Dan Kristjánsson leikur í leikritinu Furðulegt háttalag hunds um nótt.

Hann útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands vorið 2013. Aðrir leikarar í verkinu eru meðal annarra Þorvaldur Davíð Kristjánsson, Brynhildur Guðjónsdóttir, Nína Dögg Filippusdóttir og Bergur Þór Ingólfsson. Leikstjóri er Hilmar Jónsson.

auðveldlega en ætli það sé ekki heimþrjármanían sem blossaði alltaf upp í mér þegar ég gisti hjá félögum mínum.

12 Hvað verður þú að gera eftir fimm ár? Vonandi að halda áfram að segja sögur sem skipta máli hvort sem það er í gegnum leikhús eða bíó.

13 Shakespeare eða Tsjekov? Shakespeare.

14 Hver var æsku-hetjan þín? Shaun White, Benedikt Brynleifsson, Magga mom og Alexander Popov.

15 Er ást í tunglinu? Já, hún er hvergi og alls staðar, það er okkar að finna hana.

”Mér er í raun alltaf illa við það þegar fólk lokar á möguleika og þá sérstaklega þegar einhverjir gera það fyrir þig.



Löður er með **rain-x** á allan bílinn

- Rain-X býður upp á fullkomna yfirborðsvörn
- Rain-X verndar bílinn, eykur útsýni og öryggi
- Hreinn bíll eyðir allt að 7% minna eldsneyti

Aldrei löng bið!

Opið allar helgar á Fiskislóð 29
8:00-19:00 virka daga og 10:00-18:00 um helgar

Við erum á sex stöðum á höfuðborgarsvæðinu
www.lodur.is - Sími 544 4540



TÆKI FRÁ UPPHAFI TIL ENDA

Hvert sem markmiðið er þá hefur Philips hágæða snyrtitæki fyrir höfuð, andlit og líkama!



1000 krónur af öllum seldum Philips rakvélum, skeggsnyrtum og hárklippum í marsmánuði renna til Krabbameinsfélagsins



PHILIPS
sense and simplicity

 **Heimilistæki** ht.is
UMBODSMENN UM LAND ALLT

PEGAR TYRKLAND VAR AÐ HVERFA

FLÆKJUSAGA

Illugi Jökulsson rifjar vel þekktu hjásögu frá árinu 1920, en þá var framtíð Tyrklands mjög óráðin eftir fyrri heimsstyrjöldina. Það munaði furðulega litlu að þetta stóra land yrði límað alveg sundur.



Svona vildi það til: Hann sat í mestu rólegheitum að snæðingi um hádegisbil og átti ekki von á öðru en að þessi dagur yrði eins og flestir aðrir dagar, fríðsæll og tíðindalítil. Sólin skein mildilega í garðinum við konungshöllina; þótt það væri komið fram í október bólaði lítið á haustinu og ennþá heyrðist suðið í engisprettunum innan um vínviðar-runnana og ólífutrén. Hann ákvað að leggja sig eftir matinn. En þá heyrði hann allt í einu skerandi neyðaróp, hann leit snöggt í kringum sig, þessa rödd hefði hann þekkt hvar sem er. Ópið virtist koma úr skógarlundu þar skammt frá og hann brá við skjótt og hentist á staðinn eins og fljótt og fæturnir gátu borið hann. Heyrnin hafði ekki brugðist honum, það var enginn annar en bróðir hans sem hafði æpt og ekki að tilefnislausu. Á marmaralögðum stíg milli trjána hafði ráðist að bróður hans risavaxinn hundur og náð í hnakkadrambið á honum, hundurinn urraði og beit og sér til skelfingar sá hann blikka á næstum fagurrautt blóð bróður síns þegar hundströllið nánast fleygði honum til og frá. Og rakkinn var reyndar ekki einn á ferð, með honum var þungbúni

ungi maðurinn sem hann hafði svo oft séð á vappi eftir stígunum milli trjána eða bregða fyrir í gluggum konungshallarinnar, og þessi maður kom nú askvaðandi með blikandi silfurstaf á lofti, og bjóst til að ljúka því verki sem hundurinn hafði hafið, sem sé að ganga endanlega frá bróður hans, varnarlausum, skelfingu lostnum og blóðugum.

Í þessum hamagangi gat hann ekki orðað þá hugsun hvort hann ætti að gæta bróður síns en þess þurfti ekki, eðlisávisunin tók völdin, á augabragði æddi hann bróður sínum til varnar, stökk upp að manningum með stafinn á lofti og beit hann eins fast og hann gat í lærið.

„Láttu hann bróður minn vera, drullu-hálesturinn þinn!“ hefði hann æpt ef hann hefði kunnað að tala, en úr því hann kunni það ekki hélt hann bara áfram að bita, tennurnar smugu gegnum klæði mannsins sem var farinn að æpa hástöfum á hjálp, svo óvænt var árásin, og þá komu fleiri menn hlaupandi með barefli á lofti og allt var komið í uppnám, hundurinn sem bar ábyrgð á þessu öllu lúskraðist burt en hann og bróðir hans sáu sér þá leik á borði að sleppa burt, bróðir hans alblóðugur en samt ennþá ekki dauður úr öllum æðum, og þeir tóku tilhlaup og stukku eins og eldibrandar upp í næsta tré þar sem hvorki hundar né menn gætu náð til þeirra.

Þannig vildi það sem sagt til. Þannig réðust örlögin.

Apakötturinn örlagavaldur

Hvaða örlög? Jú, örlög milljóna manna. Það var ekki minni maður en Winston Churchill sem hélt því fram að þessi litli atburður í trjágarðinum við konungshöllina nærri Aþenu hefði kostað milljón mannlíf, og margar milljónir lentu á vergangi og hróktust endanlega frá heimilum sínum. Og það



ALEXANDER I

má líka færa fyrir því rök að þessi sami atburður hafi orðið til þess að landamærin í Anatolíu (eða Litlu-Asíu öðru nafni eða Tyrklandi) eru nú um stundir eins og sést á litla kortinu hér á síðunni, en urðu ekki eins og umbrotsmaður hefur góðfúslega teiknað upp fyrir mig á stærra kortinu: Tyrkland þínu-lítið, Grikkland nær meðfram allri Eyjahafströndinni og allt til Kýpur, Sýrland miklu stærra en nú er, Armenía heimikið veldi við Svartahaf; hið ógæfusama Kúrdistan gæti jafnvel hafa orðið til!

Og ef hundkvikindið hefði ekki gert þessa árás og söguhetja okkar ekki bitað unga þung-



GÍBRALTARIPI

ANATOLÍA Í ÖÐRUM HEIMI



búna manninn sem hann óttaðist að myndi murka lífið úr bróður sínum, ja, þá má vel halda því fram að Istanbúl héti nú aftur Konstantínópel eins og í árdaga og hún væri því ekkert endilega tilbúningur, sú auglýsing hér á síðunni um páskaferðina til höfuðborgar Grikklunds við Hellusund (!) sem ég fékk umbrotsmanninn líka til að útbúa.

En hver varð þá slíkur örlagavaldur í lífi þjóðanna í Anatolíu? Jú, svona leit hann út. Hann var apaköttur af makakí-tegund, nánar tiltekið er tegundin kennd við Gíbraltar. Hann og fáeinir Gíbraltarapar aðrir, þar á meðal sá sem ég leyfi mér alveg út í loftið að kalla bróður hans, höfðu verið fluttir í garð sumarhallar kóngsins yfir Grikklandi, en sá hét Alexander I um þær mundir, og þetta gerðist í október 1920. Alexander hafði verið úti að ganga í hallargarðinum með sinn

stóra þýska fjárhund þegar hundurinn réðst á einn Gíbraltarapann og fór að tuska hann duglega til. Þá kom Alexander vissulega þjótandi en það var fjarri því að hann ætlaði að hjálpa hundinum sínum að salga aparæflinum; þvert á móti ætlaði kóngur að bjarga lífi apans með því að reka hundinn á brott. En hinn apinn, sá

sem kom þjótandi bróður sínum til bjargar, hann skildi ekki aðstæður og réðst því af djörfung á Alexander og beit hann illilega nokkrum sinnum. Þjónar kóngsins komu þá með slætti miklum, og aparnir tveir voru snöggrir að láta sig hverfa.

Þrátt fyrir apabitið bar Alexander sig vel fyrst á eftir. En svo fór að versna í því, sýking kom í sárið og blóðeitrun, og á þeim pensillínlausu tímum var slíkt alvörumál. Þrem vikum seinna dó Grikkjakóngur.

Og þá tóku örlögin að spinna sinn óvænta vef út frá apabitinu.

Perlan rifin úr höndum Tyrkja

Langafi Alexanders Grikkkjakóngs var Kristján IX Danakóngur, sá er færði okkur Íslendingum „frelsisráð úr föðurhendi“. Sonarsonur Kristjáns var Konstantín I sem varð Grikkkjakóngur 1913. Hann var menntaður í Þýskalandi og mágur Vilhjálms II keisara. Er fyrri heimsstyrjöldin braust út vildi valdamikill forsætisráðherra Grikkja, Eleftherios Venizelos, að landsmenn skipuðu sér í lið með Bretum og Frökkum gegn Þjóðverjum og Tyrkjum sem voru saman í bandalagi. Fyrir Venizelosi vakti ekki síst að krækja í lönd af Tyrkjum, erkióvinum Grikkja frá gamalli tíð, en Tyrkjaveldi stóð þá höllum fæti. Konstantín I var enginn vinur Tyrkja en þeim mun hlyntari Þjóðverjum. Hann beitti sér fyrir því að Grikklandi yrði hlutlaust en reyndi að þoka landinu nær Þýskalandi er leið á stríðið. Bretar beittu sér þá fyrir því að Konstantín var rutt úr hásetinu árið 1917 og fór hann í útlegð til Sviss, en til kóngs var dubbaður Alexander sonur hans. Hann var 23 ára, hafði litla hæfileika og litla menntun til að stýra landi, enda mála sannast að hann var aldrei annað en leppur Breta og Venizelosar. Það hlutskipti líkaði honum illa, en fékk ekki að gert, nánast innilokaður í Tatoi-höllinni skammt norður af Aþenu.

Meðan Alexander I ríkti þannig að nafninu til lauk fyrri heimsstyrjöldinni með því að Þjóðverjar og bandamenn þeirra biðu lægri hlut. Mikil togstreita hófst um hvað verða skyldi um Tyrkjaveldi og í friðarsamningum sem Tyrkir voru neyddir til að samþykkja í ágúst 1920 var ríki þeirra skorið rækilega niður við trog. Það átti aðeins að ná yfir hluta af miðri Anatolíu og norðurströndinni við Svartahafið. Í austri áttu Armenar og

ANATOLÍA Í ÞESSUM HEIMI



Kúrdar að fá lönd af Tyrkjum, og nýtt Sýrland líka, kringum tyrknesku borgina Izmir átti Grikkland að fá mikið svæði en þá borg kölluðu Grikkir frá fornu fari Smyrnu. Og Istanbúl og nágrenni átti að vera á ábyrgð alþjóðasamfélagsins, sú mikla perla hrifin úr höndum Tyrkja!

En af því Alexander I dó, þá fór þetta allt út um þúfur. Um það leyti missti Venizelos tókin á landstjórninni og Grikkir kusu að kalla Konstantín I aftur til konungs. Og þá fór í verra, því Konstantín taldi sig vera mikinn herforingja og kjörði að láta kné fylgja kvíði gagnvart Tyrkjum. Ný lota í stríði þjóðanna hófst og þótt Tyrkir væru illa á sig komnir var oflátungsháttur Konstantíns slíkur að hann klúðraði því stríði illilega. Grikkir

misstu að lokum allar þær lendur í Anatolíu sem samningurinn 1920 hafði tryggt þeim, mannfall varð ógurlegt í stríðinu, og þjóningar fólks lítt bærilegar. Og Istanbúl, sem alþjóðasamfélagið hefði sjálfsagt afhent Grikkjum að lokum ef þeir hefðu ekki skotið sig svona illilega í fóttin, sú merkilega borg varð áfram tyrknesk og heitir ennþá Istanbúl. Og svo risu Tyrkir upp á afturlappirnar, eftir að sigrast á hinum fífljarfa Konstantín I og mönnum hans, að þeir endurheimtu líka lönd sín í austri: Armenía og Sýrland fengu öngvar sneiðar af Tyrklandi, og Kúrdistan varð auðvitað ekki til.

Og allt þetta út af apakettinum sem beit kónginn! Þetta er auðvitað hjásaga í öllu sínu veldi – maður veit aldrei nákvæmlega hvað hefði gerst ef apinn hefði ekki bitað Alexander, en það er samt eitthvað töluvert til í þessu!

Hvað varð um apann? Æjú, við vitum það. Eftir að kóngurinn var bitinn, þá fóru þjónar kóngsins á kreik, veiddu apana báða og lögðu þeim. En þá var það orðið of seint.

Páskaferðir 2014



Ferðaskrifstofan Grikklundsferðir stendur fyrir frábærum ferðum til höfuðborgar Grikklunds, Konstantínópel.

Sérstök áhersla verður að þessu sinni lögð á að skoða slóðir Tyrkja sem réðu borginni þangað til fyrir tæpum 100 árum. Þá „prýddu“ íslamskar bænakallssúlur m.a.s. dómkirkjuna fögru, Hagia Sophia!

Sími: þrjár langar, tvær stuttar.

Öflugri og fegurri hverfi

Hverfissjóður Reykjavíkur auglýsir eftir styrkumsóknum til verkefna sem stuðla að einhverjum eftirtalinnna þátta í hverfum borgarinnar:

- Bættu mannlífi og eflingu félagsauðs
- Fegurri ásýnd borgarhverfa
- Auknu öryggi í hverfum borgarinnar
- Samstarfi íbúa, félagasamtaka eða fyrirtækja við borgarstofnanir.

Hægt er að sækja um styrki til verkefna í einu eða fleiri hverfum eða almennt í borginni. Einstaklingar, hópar, félagasamtök og stofnanir geta sótt um.

Hámaksupphæð styrkja er 700.000 krónur.

Umsóknarfrestur er til miðnættis þriðjudaginn 15. apríl 2014



Nánari upplýsingar eru á vef Reykjavíkurborgar - www.reykjavik.is/hverfissjodur

“Sér til skelfingar sá hann blikka á næstum fagurrautt blóð bróður síns þegar hundströllið nánast fleygði honum til og frá. Og rakkinn var reyndar ekki einn á ferð, með honum var þungbúni ungi maðurinn sem hann hafði svo oft séð á vappi eftir stígunum milli trjána eða bregða fyrir í gluggum konungshallarinnar.

KARLAKÓRINN HEIMIR & KRISTINN SIGMUNDSSON



Tónleikar í Miðgarði

laugardaginn 3. maí kl. 20.30

Forsala aðgöngumiða hefst

fimmtudaginn 20. mars

í Blóma- og gjafabúðinni, Sauðárkróki

og í KS Varmahlíð

Tónleikar í Eldborgarsal Hörpu

sunnudaginn 4. maí kl. 16.00

Miðasala á harpa.is,

midi.is eða í síma 528 5050

www.heimir.is



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



KJARNAFÆÐI

1398
kr. kg.

KJARNAFÆÐI **Lambalæri**
ferkst Með íslenskum villijurtum.



798
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Frosið lambasúpukjöt **FROSID**



1298
krónur kg.

Nautaveislu **Nautgripahakk frá Spáni**



1498
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. **Lambalæri í sneiðum FROSID**

BÓNUS FERSKUR GRÍSABÓGUR



595
kr. kg.

Netó fjárir: 25.02.14
Mýnd: 2,73 kg
Netóvegis: 1 100 g
Dra: 204 kcal / 100 kcal
Fet: 11.0 g
Úr af metlaði steyjur: 4.0 g
Kollas: 0.4 g
Stein afstakur: 0 g
Protein: 20.4 g
Salt: 0.1 g
Orustand: Íslenskt
www.nvinnvirkar.is



67
kr. 250ml

EUROSHOPPER **Orkudrykkur**
með og án sykurs



1259
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. **Heilt lambalæri FROSID**



759
kr. 4 stk.

NAUTAVEISLU **Fjórir hamborgarar**
með hamborgararbrauði



229
kr. 300g



298
kr. 350g

EUROSHOPPER **Frosnar pizzur Margaherita/Salami**



198
krónur 2 ltr.



1598
kr. kg.

ÍSLANDSLAMB **BLANDAÐAR GRILL**
Lambalærisneiðar



1398
kr. kg.

ÍSLANDSLAMB **GRILL**
Lamba-sirloinsneiðar



198
kr. 170gr


DORITOS **Snakkið**
fjórar gerðir 170g. pokinn

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00

BÓNUS EKKERT BRUÐL



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



FRJÁLS VERSLUN Bónus er **vinsælasta** fyrirtæki á Íslandi árið **2014**

Árleg könnun Frjálsrar verslunar

ÁRLEG KÖNNUN
FRJÁLSRAR VERSLUNAR:
**BÓNUS AFTUR
Í FYRSTA SÆTIÐ**

Fyrirverndi stjórnsýslu Í könnun fjólfjar verslunar um vinsælastu fyrirtæki, Bónus, skipti aftur upp í toppsætið en Óssur varmið þráð undanfarna fjögur ár. Enginn hefur hafur náð toppsætið sína eftir í þessari könnun og Bónus. Þetta er í áttrunda árgjöf sem fyrirtækið hefur náð þess vinsælasta og bestu vöru sína milli fjögur ára þar í fyrsta. Bónus hefur náð þess vinsælasta og bestu vöru sína milli fjögur ára þar í fyrsta. Bónus hefur náð þess vinsælasta og bestu vöru sína milli fjögur ára þar í fyrsta.

LISTINN 2014 FRJÁLS VERSLUN
Vinsælastu fyrirtækin
Spurt: Vildir þú nefna eitt til þrjú íslensk fyrirtæki sem þú hefur jákvætt viðhorf til?

	2014	RÖÐ	2013	RÖÐ	BREYTING
BÓNUS	15.2%	1	9.7%	4	5,5%
Óssur	9,3%	2	15,3%	1	-6,0%
Ícelandair	7,9%	3	10,0%	3	-2,1%
Marel	5,7%	4	12,4%	2	-6,7%

*Takk fyrir stuðninginn!
Starfsfólk Bónus*

Verðlækkun á Pampersbleium í Bónus

Pampers

2598
krónur kassinn

Midi 104 stk. 2598 kr. Aðeins 25 KR.STK	Junior 80 stk. 2598 kr. Aðeins 33 KR.STK	Maxi + 80 stk 2598 kr. Aðeins 33 KR.STK	Maxi 86 stk. 2598 kr. Aðeins 31 KR.STK
---	--	---	--

Gott verð á kaffi í Bónus



659 kr. 500gr
698 kr. 500gr
595 kr. 500gr
498 kr. 400gr
398 kr. 500gr
398 kr. 10 stk.
349 kr. 36 stk.

GEVALIA 500G MERRILD 500G BKI 500G LÚXUS DILETTO 400G BÓNUS 500G

René Kaffihylki tvær teg.
Euroshopper Kaffipúðar 36 stk.
Aðeins 10 kr. kaffibollinn

BÓNUS EKKERT BRUÐL



**AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00**

MÁLASKÓLAR MEÐ KILROY



Málaskólar um allan heim!

Góð kennsla, þjónusta við nemendur, afþreying, íþróttir, skemmtun, sem og gisting að eigin vali.

Lærir helling - skemmtir þér konunglega

Við hjá KILROY leggjum mikla áherslu á að skólarnir okkar séu með fyrsta flokks kennslu. Það er þó staðreynd að það skiptir líka máli að njóta sín og skemmta sér. Því er einnig lögð áhersla á félagslíf.

Málaskólarnir eru frábærlega staðsettir

Lang flestir eru miðsvæðis eða mjög vel staðsettir upp á afþreyingu og hentugleika.

Viltu vita meira?

Hafðu samband við ferðaráðgjafa okkar í gegnum netfangið ferdir@kilroy.is eða í síma: **517-7010**.



KILROY

S:517-7011 kilroy.is

SNJALLSJÓNVARP FRÁ Panasonic



Fæst hvítt eða sífurlítuð!

39"

42"

GLÆSILEG HÖNNUN

Tækið er glæsilega hannað með örþunnum ramma utan um skarpan LED skjá. Vandað, umhverfisvænt og í orkuflokki A+

Panasonic TXL39E6

119.990

VERÐ ÁÐUR 149.990

Panasonic TXL42E6

129.990

VERÐ ÁÐUR 169.990


Framúrskarandi myndgæði

100Hz Backlight Blinking tryggir flóktlausa mynd og Vreal Smart örgjörvinn gerir alla myndvinnslu óaðfinnanlega.

Viera Connect WiFi snjallsjónvarp

Með nýjstu Panasonic tækni er boðið upp á allt það besta í samhæfni við net og tölvur. Með „My Home Screen“ getur notandinn aðlagð að sínum þörfum hvað birtist á

skjánum. Swipe & Share 2.0 gerir svo einfalt að senda myndir og myndbönd frá spjaldtölvum og snjallsímum yfir á tækið og Microsoft Smooth Streaming technology hámarkar gæði efnis sem náð er í gegnum netið.



„It offers excellent picture quality with good upscaling, deep black levels and natural colors, and packages it up in an attractively slim design“ cnet – Editors choice

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



MERKISATBURÐIR

- 1493** Kristófer Kólabúss kemur til baka til Spánar úr fyrstu Ameríkuferð sinni.
- 1905** Bæjarsíminn í Reykjavík er formlega opnaður. Leikið er á fiðlu í símann af tilefninu.
- 1953** Þjóðvarnarflokkur Íslands er stofnaður. Flokkurinn starfar í áratug.
- 1956** Söngleikurinn My Fair Lady er frumsýndur á Broadway.
- 1961** Suður-Afríka segir sig úr Breska samveldinu.
- 1964** Leikkonan Elísabeth Taylor og leikarinn Richard Burton ganga í hjónaband.
- 1983** Litlu munar að farþegaþota frá Arnarflugi og herflugvél rekist á rétt við Vestmannaeyjar.
- 2006** Bandarísk stjórnvöld tilkynna ríkisstjórn Íslands um þau áform sín að kalla allar orrustuþotur sínar og björgunaryfirur heim frá Keflavík.

ÞETTA GERÐIRT 44 F.KR.

Fyrirsát Júlíusar Sesars

Pegar nokkrir fyrrverandi félagar hins rómverska herforingja Júlíusar Sesars óttuðust að hann ætlaði sér að afnema lýðveldið og skipa sjálfan sig konung lögðu þeir á ráðin um að myrða hann. Fyrirsátin átti sér stað á þessum degi 44 f.kr. þegar Sesar var á leið inn í samkomuhús öldungaráðsins en þá var hann stunginn til bana af sínum eigin þingmönnum.

Allt að sextíu háttsettir menn tóku þátt í samsærinu en á meðal þeirra var Brútus, sonur hjákonu Sesars.

Segir sagan að þegar Sesar sá Brútus meðal samsærismanna hafi hann mælt: „Einnig þú, barn?“ Samkvæmt öðrum heimildum féll hann án þess að mæla orð. Shakespeare leggur Sesari lokaorðin ódauðlegu í munn: „Et tu, Brute?“ sem er latína og þýða má: „Þú líka, Brútus?“





KARL JÓHANN GUÐMUNDSSON
leikari, þýðandi og orðsnillingur,
lést aðfaranótt 3. mars á dvalarheimilinu Grund. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 17. mars, kl. 15.00.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Soffía Lára Karlsdóttir
Sigríður Helga Karlsdóttir
Steingerður Sigurjónsdóttir

Garðar Hansen




Innilegar þakkir færur við öllum sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför okkar kærur

HLÍFAR ERLENDSDÓTTIR
Hátúni 10a, Reykjavík.

Sérstakar þakkir sendum við því starfsfólki í heimahlyningu sem annaðist hana með hlýju, virðingu og vináttu.

Jóna María Eiríksdóttir
Kristján Hjaltested
Gerður, Frank og börn.

Reynir Þorsteinsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

STEINUNN J. STEINSEN

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð laugardaginn 1. mars. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 20. mars kl. 13.00.

Rúnar Steinsen
Steinn Steinsen
Anna Steinsen
Ragnheiður Steinsen
Rakel Steinsen

Guðrún Guðmundsdóttir
Ásta María Björnsdóttir
Sigurður Már Einarsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR
Lækjasmára 8, Kópavogi,

lést á Hrafnistu, Kópavogi, 27. febrúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Margrét Valsdóttir
Erla Valsdóttir

Jón H. Karlsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Granithöllin Legsteinar

Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Granithöllinni

Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888 www.granithollin.is



LÍFSSTÍLL AÐ VERA SKÁTI Júlíus Aðalsteinsson, verkefnastjóri Bandalags íslenskra skáta.

Skáti fyrir lífstíð

Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri Bandalags íslenskra skáta, var heiðraður með teiti í gær fyrir tuttugu ára starf hjá skátunum.

„Þetta er svolítið merkilegt að starfsmaður í frjálsum félagsamtökum nái tuttugu ára starfsaldri og því vildum við fagna því með óvæntu teiti þar sem samstarfsmenn, sjálfboðaliðar og aðrir sem hafa unnið með honum í gegnum tíðina mættu og gerðu sér glaðan dag,“ segir Dagbjört Brynjarsdóttir, upplýsingafulltrúi Bandalags íslenskra skáta.

Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri Bandalags íslenskra skáta, hefur unnið fyrir æsku landsins síðastliðin tuttugu ár. Starf hans hefur verið

margþætt í gegnum árin en hann hefur unnið að stuðningi við skátaroringja, aðstoðað við að stofna ný skátafélög í öðrum sveitarfélögum og sinnt öllum tengslum Bandalagsins við skátafélögin í landinu ásamt öðru.

Æskulýðsstarf skáta hefur verið starfrækt á Íslandi í hundrað ár en var fyrst stofnað í Bretlandi árið 1907. Dagbjört segir að markmið starfsins snúist um að þroska börn og unglinga til að verða sjálfstæðir einstaklingar með því að prófa og upplifa aðstæður sjálf.

„Þetta á alltaf að vera skemmtilegt og spennandi félagsstarf með áskorunum til að prófa eitthvað nýtt. Við setjum okkur markmið og gerum okkur grein fyrir því að við löbbum ekki á Everest á einum degi. Náttúrunni berum við virðingu fyrir og skiljum ekki eftir okkur spor.“ Dagný segir fjöldatölur skáta um allt land fremur stöðugar en á sumrin sé mikil aðsókn vegna ýmissa sumarnámskeiða. „Að byrja í skátunum verður í raun eins konar lífsstíll fyrir lífstíð,“ segir hún.

marinmanda@frettabladid.is



†
Faðir okkar og bróðir,
GYLFI GUNNARSSON
þyrluflugmaður,
lést 19. október síðastliðinn í Sebring á Flórída eftir skammvinn veikindi. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Fyrir hönd aðstandenda,
Sigrún Gylfadóttir
Hanne Sundt
Gerður Gunnarsdóttir
Gauti Gunnarsson
Sigurður Ólafur Gunnarsson
og fjölskyldur.



†
Ástkær faðir minn, afi, langafi og bróðir,
GUÐMUNDUR HALLDÓR SNÆHÓLM
lést þann 28. febrúar á Víflsstöðum. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Við þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

Hrefna Gróa Snæhólm
Sunneva Jónsdóttir Snæhólm
Guðmundur Ómarsson
Óttar Þór Ómarsson Snæhólm
Tryggvi Ómarsson
og langafabörn,
Arnar Freyr Stefánsson
Kristófer Jón Stefánsson
Hrefna Karen Stefánsdóttir
Edda Snæhólm

Ómar Ólafsson
Stefán Halldór Fannbergsson



FOR THE WAY IT'S MADE

Frá ofnum til helluborða. Frá ísskápum til hrærivéla.

Tilfinningin er eins og þú sért í atvinnueldhúsi.
Þú kemur með hæfileikana, ástríðuna og hugmyndaflugioð.

Tækin frá Kitchenaid koma þér nær fullkomnun. Alltaf.
Gerum það gómsætt. Gerum það einstakt í sameiningu.

Komdu og kynntu þér málið.

KitchenAid



*Opið virka daga 9-18
og laugardaga 11-15*



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Afmælisdagur Poison-stjörnu

Bandaríski tónlistarmaðurinn og lagahöfundurinn Bret Michaels fagnar 51 árs afmæli sínu í dag. Hann er helst þekktur sem stofnandi og meðlimur metal-hljóm-sveitarinnar Poison. Undanfarið ár hefur meira farið fyrir honum í sjónvarpi en Michaels kom fram í Bachelor Pad-þáttaröðinni þar sem einhleypir koma saman í



leit að ástinni. Þar lét hann ljós sitt skína og söng lagið Every Rose Has It's Thorn. Michaels var orðaður við leikkonuna Pamelu Anderson um skeið og fyrir stuttu tók hann þátt í hinni vinsælu bandarísku þáttaseríu The Apprentice undir stjórn milljóna-mæringsins Donalds Trump.



Elskulegur eiginmaður,
faðir, tengdafaðir og afi,

**GUÐMUNDUR JÓHANN
HALLVARÐSSON**
tónlistarkennari og fararstjóri,
Karfavogi 34, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 11. mars. Útför fer fram frá Digraneskirkju þann 21. mars kl. 13.00.

Anna Margrét Jónsdóttir
Lilja Dögg Guðmundsdóttir
Hallvarður Jón Guðmundsson
Elfa Rún Guðmundsdóttir
Vala Baldursdóttir
Elvar Már Ólafsson
Helge Haahr
og barnabörn.



Innilegar þakkir færur við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við fráfall elskulegrar móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

SIGRÍÐAR S. KRISTJÁNSDÓTTUR
Hamrahlíð 17, Reykjavík.

Ása Sæmundsdóttir
Sæmundur Bjarklind
Benedikt Bjarklind
Arnar Bjarklind
og langömmubörn.

Björn Bjarklind
María Bjarklind
Rakel Ýr Jónsdóttir
Margrét Jóhannudóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

BJÖRN ÓMAR JÓNSSON
Suðurhlíð 38d, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 11. mars. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 19. mars kl. 15.00. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en þeim er vilja minnst hans er bent á líknardeildina í Kópavogi.

Kristbjörg Þórðardóttir
Sigríður Benný Björnsdóttir
Þóra Kristín Björnsdóttir
Birna Björnsdóttir
Þórður Björnsson
og afabörnin.
Flóki Pálsson
Þröstur Már Sigurðsson
Elva Sigtryggisdóttir



Hjartans þakkir til allra sem sýndu samúð, hlýhug og kærleik við andlát og útför okkar elskulegu

KRISTÍNAR KÁRADÓTTUR
Naustabryggju 57.

Sérstakar þakkir sendum við öllu því góða fólki sem annaðist hana í veikindum hennar.

Albert Sigtryggsson
Sigurður H. Hlökkversson
Hlín Hlökkversdóttir
Sigtryggur Albertsson
Arnar Albertsson
Atli Þór Albertsson
Aðalheiður Ísleifsdóttir
og barnabörn.

Þorbjörg Sigurðardóttir
Guðmundur Jón Tómasson
Ragnheiður Sóley Stefánsdóttir
Inga Björg Stefánsdóttir
Anna Ósk Ólafsdóttir



Ástkær kona mín, systir og mágkona,
JÓHANNA MAGNÚSDÓTTIR
lést 11. mars.

Óskar Margeirsson
Skúli Þór Magnússon
Árni Magnússon

Guðrún Jóhannesdóttir



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall föður okkar, tengdafaðir og afa,

**HILMARS SÆVALDS
GUÐJÓNSSONAR**

Pétur S. Hilmarsson
Axel Viðar Hilmarsson
Snorri Freyr Hilmarsson
og barnabörn.

Margrét K. Sverrisdóttir
Ásdís Ingbórsdóttir
Anna Söderström



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

STEINUNN JÓHANNESDÓTTIR
frá Hvammi, Hnífsdal,
síðast til heimilis á Hrafnistu í Hafnarfirði,

lést þriðjudaginn 4. mars. Útför hennar fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði mánudaginn 17. mars kl. 13.00.

Sverrir Jóhannesson
Guðmundur G. Jóhannesson
Jóhannes B. Jóhannesson
og fjölskyldur.
Eva Lillerud
Guðrún H. Hauksdóttir



Alúðarþakkir til allra sem auðsýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

HÓLMFRÍÐAR FINNSDÓTTUR
frá Straumfjarðartungu.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Brákarhlíðar í Borgarnesi fyrir einstaklega góða umönnun og hlýju.

Valgeir Ingólfsson
Guðbjörg Ingólfssdóttir
Finnur Ingólfsson
Páll Ingólfsson
Þórður Ingólfsson
Haraldur Ingólfsson
Steinunn Ingólfssdóttir
Baldur Ingólfsson
ömmu- og langömmubörn.

Jóhanna Þ. Björnsdóttir
Gunnar Ragnarsson
Guðríður Ebba Pálsdóttir
Brynja Þórhallsdóttir

Helgi Valur Friðriksson
Guðrún Helga Helgadóttir



Elskuleg móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

SIGRÚN SIGURÐARDÓTTIR

lést 27. febrúar.
Útför fór fram í kyrrþey.

Sigurður Rúnar Sigurðsson
Jóhann Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.
Ágúst Birgisson
Agnes Elva Guðmundsdóttir



Ástkær systir okkar og föðursystir,
STEINUNN JÓNSDÓTTIR
Melgerði 39, Kópavogi,

áður til heimilis í Granaskjól 3, Reykjavík, lést á krabbameinsdeild Landspítalans þann 11. mars sl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 21. mars kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnst hennar er bent á styrktarsjóð Steinars Mána Guðmundssonar, 0537-14-405600, kt. 640811-0210.

Guðmundur Kjalar Jónsson
Guðmundur Ingvar Jónsson
Guðmundur Örn Ingvarsson
Lilja Kjalarsdóttir
Íris Kjalarsdóttir
Guðmundur Gíslason
og aðrir aðstandendur.



Hugheilar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar yndislegs eiginmanns míns, ástkærs föður, tengdafaðir og afa,

RAGNARS GÍSLASONAR
skólastjóra,
Efstalundi 4, Garðabæ.

Sérstakar þakkir færur við Guðmundi Rúnarssyni lækni og starfsfólki deildar 11G á Landspítalanum við Hringbraut.

Ingibjörg Gunnarsdóttir
Gunnar Bjarni Ragnarsson
Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir
Ragnheiður Þórdís Ragnarsdóttir
og barnabörn.
Jónatan Fjalar Vilhjálmsson
Úlfar Linnet



Ástkær móðir okkar,
**JÓHANNA GUÐRÚN
BALDURSDÓTTIR**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði laugardaginn 1. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

F.h. aðstandenda,
Baldur Öxdal Kjartansson
Haraldur Kjartansson



Innilegar þakkir færur við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför okkar ástkæra

**ZÓPHANÍASAR MAGNÚSAR
MÁRSSONAR**
Meltröð 4, Kópavogi.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólkinu á Sunnuhlíð fyrir hlýhug og góða umönnun.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn og faðir,

SIGURBJÖRN TORFASON
(Bjössi)

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 6. mars. Útför hans fer fram í Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 18. mars kl. 15.00.

Alda Finnbogadóttir
Torfi Sigurbjörnsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, uppeldisbróðir, tengdasonur og mágur,

KRISTJÁN ÓSKARSSON
tónlistarmaður,
Fannaöld 121, Reykjavík,

lést á líknardeildinni í Kópavogi 12. mars. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 20. mars kl. 13.00. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnst hans er bent á Minningarsjóð líknardeildarinnar í Kópavogi.

Marilyn Herdís Mellik
Eva Ósk Kristjánsdóttir
Kristján Indriði Kristjánsson
Óskar Indriðason
Margrét Erla Guðmundsdóttir
Kristjana Bjargmundsdóttir Mellik
Róbert Mellik
Karen Mellik
frændsystkini og fjölskyldur.
Órvar Daði Marinósson
Guðríður Guðmundsdóttir



Elsku eiginmaður minn og yndislegi pabbi okkar,

EINAR ÞÓR EINARSSON

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 13. mars.

Steinunn Þórhallsdóttir
Fannar Þór
Steinar Þór
Ágústa Ósk



33 1/3

STEREO

Pressun
Prisma
HafnarfirðiÍslensk
tónlist
2013

Hlustendaverðlaunin 2014 - 21. mars í Háskólabíói

HLUSTENDAVERÐLAUNIN

Í Háskólabíói föstudaginn 21. mars.
Í beinni útsendingu og í opinni dagskrá á Stöð 2.

Fram koma: Kaleo, Emilíana Torrini, Lay Low, Steinar, Dikta,
Jón Jónsson, Skálmöld, Leaves, Friðrik Dór, Steindi Jr. og Bent.

Kynnar: Sverrir Þór Sverrisson og Saga Garðarsdóttir.

Miðaverð aðeins kr. 2.500 | Miðasala á Miði.is





KL. 19:45

Ísland Got Talent

Leitin heldur áfram að hæfileikaríkasta atriði landsins þar sem sigurvegarinn fær 10 milljónir króna.

Meiriháttar sunnudagur

KL. 13:00

Mín skoðun Mikael Torfason

Sanngjarn og heiðarlegur umræðuþáttur um þjóðmál og fréttir líðandi stundar í umsjá Mikael Torfasonar.



KL. 19:10

Sjálfstætt fólk

Björg Guðrún Gísladóttir, hefur nú skrifað sögu sína sem er um hylðjúpa sorg og óbilandi lífskraft í skugga sárrar fátæktar.



KL. 20:35

Mr. Selfridge

Dramabættir um auðmanninn Harry Selfridge leikinn af Jeremy Piven.



KL. 21:25

The Following

Önnur þáttaröðin af þessum magnaða spennutrylli með Kevin Bacon í aðalhlutverki.



KL. 22:15

Banshee

Spennuþáttur um hörku-tólið Lucas Hood sem er lögreglustjóri í smábænum Banshee.



KL. 07:00-20:00

Barnaefni alla daga

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



SUDOKU

LÉTT

6	8		9			1	4
		7		6	3		
	5			8	1	6	
8			7	4		3	
4						2	
	9		2		5	8	
			3				6
1	6	3			7		8
2	7	8					

LÉTT

6	9		1			3	8	5
7	8			9				2
					3			
	4		3		8	1	6	9
			4					7
1						8		
5	4	8	2	7		9	1	
			4		5			
				1				

MIDLUNGS

PUNG

			5	9			1
		6		3		7	4
8			1				5
	1						
		3					4
	7	9		1	2		8
			7			4	2
	8	1			6	5	
							6

9	8	4	1	5	6	2	3	7	1	6	9	4	7	3	5	8	2
1	2	6	3	4	7	9	5	8	5	8	3	6	9	2	7	1	4
5	7	3	2	8	9	1	4	6	7	2	4	5	8	1	6	3	9
3	9	8	4	2	5	6	7	1	8	7	5	9	4	6	1	2	3
2	4	7	8	6	1	3	9	5	9	1	2	8	3	7	4	5	6
6	5	1	7	9	3	4	8	2	3	4	6	1	2	5	8	9	7
7	6	2	9	3	8	5	1	4	2	5	7	3	1	4	9	6	8
4	1	9	5	7	2	8	6	3	4	9	1	2	6	8	3	7	5
8	3	5	6	1	4	7	2	9	6	3	8	7	5	9	2	4	1

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli



HANDAN VIÐ HORNID

Eftir Tony Lopes



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SPAKMÆLI DAGSINS

„Ég elska að efast og líka að vita.“

Dante Alighieri

KROSSGÁTA

LÁRÉTT
2. ryk, 6. persónufornafn, 8. blóðhlaup, 9. gogg, 11. ullarflóki, 12. dútl, 14. smámjaka, 16. samtök, 17. kopar, 18. óðagot, 20. grískur bókstafur, 21. framkvæma.

LÓÐRÉTT
1. stjórnarumdæmis, 3. kringum, 4. flutningaskip, 5. traust, 7. gáta, 10. rotnun, 13. gerast, 15. einsöngur, 16. ái, 19. í röð.

LAUSN
1. ár, 16. af, 19. m.n. 5. tr, 7. getraun, 10. fúl, 13. ske, 15. LÓÐRÉTT: 1. lén, 3. um, 4. farskip, 18. fún, 20. p, 21. inna. 11. rd, 12. stúss, 14. ríkka, 16. aa, 17. LÁRÉTT: 2. dúft, 6. ég, 8. mar, 9. nef,

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

SKÁK

Gunnar Björnsson

Walter Browne (2.444) vakti gríðarlega athygli á N1 Reykjavíkurskáknotinu. Í lokaumferðinni vann hann Dag Ragnarsson (2.105).

Svartur á leik



1. Bg6! Svartur á ekkert gott svar þar sem 1.m... fxc6 er svarað með 2. Dxe6+ og 3. Dxc8. Glæsilega teft hjá Browne sem tefldi fjórlega nú sem endranær. Browne hlaut 7 vinninga, var aðeins hálfum vinningi frá verðlaunasæti. www.skak.is Áskorendamótið - Anand vann Aronian.



DORMA
- býður góða nótt
**TAXFREE
VERÐ**
119.440
FULLT VERÐ 149.900

CLASSIC sófi
turkisblátt áklæði.

SILO SVEFNSÓFI með tungu



DORMA
- býður góða nótt
**TAXFREE
VERÐ**
111.472
FULLT VERÐ 139.900

Stærð: 228x162 H: 83 cm.
Svefnsvæði 140x190 cm.
Rúmatageymsla í tungu.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

NATURE'S COMFORT
heilsurúm



Verðdæmi →
120x200 cm

DORMA
- býður góða nótt
**TAXFREE
VERÐ**
95.536
FULLT VERÐ 119.900

**NÝTTU
TÆKIFÆRIÐ
LÝKUR Í DAG
LAUGARDAG**



- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Aldrei að snúa
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Steyptar kantstyrkingar
- Sterkur botn
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Burstaðar stállappir

FLORIDA tungusófi



DORMA
- býður góða nótt
**TAXFREE
VERÐ**
143.344
FULLT VERÐ 179.900

Stærð: 250 x 200 x 90 cm H: 70 cm.
Slitsterkt ljós- og dökkgrátt áklæði.



EASY
hægindastóll
með skemli

DORMA
- býður góða nótt
**TAXFREE
VERÐ**
69.900
FULLT VERÐ 89.900

TILVALDAR FERMINGARGJAFIR

TURIFORM Sængurföt

DORMA
- býður góða nótt
**TAXFREE
VERÐ**
FRÁ KRÓNUM
6.295



WINTERTIME SÆNG

30% dúnn – 70% smáfiður
1000 gr. 140x200 cm



DORMA
- býður góða nótt
**TAXFREE
VERÐ**
12.669
FULLT VERÐ 15.900

DORMA
- býður góða nótt

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söliverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.

Jói Fel

BAKARÍ

Kökur og kruðurí að hætti Jóa Fel



RÓSATERA MEÐ
FRÖNSKU HINDBERJA-SMJÖRKREMI



BROSKALLAR



GULRÓTARTERTA



BAILEYS-TERTA

SÍMI: 588 8998
www.joifel.is

MENNING



VOX FEMINAE Kórinn ætlar að flytja mörg af sínum uppáhaldslögum á tónleikum Ljóð og leikur í dag klukkan 16.

Flutti frá Bonn heim til Bolungarvíkur

Sigrún Pálmadóttir sópran sem er nýflutt til Íslands eftir 15 ára búsetu í Þýskalandi syngur einsöng með kórnum Vox feminae í Salnum í Kópavogi í dag.

„Ég ætla að taka lagið. Það er í fyrsta sinn sem ég kem fram opinberlega eftir að ég flutti heim,“ segir Sigrún Pálmadóttir sópran-söngkona glaðlega, nýkomin úr flugi frá Ísafirði til að syngja með kvennakórnum Vox feminae í Salnum klukkan 16 í dag.

Sigrún hefur búið í fimmtán ár í Þýskalandi og var fastráðin við óperuna í Bonn í áratug en flutti nýlega á æskulóðir sínar í Bolungarvík og kennir nú við Tónlistarskóla Ísafjarðar. „Þetta var stórt stökk,“ viðurkennir hún. „En við hjónin erum bæði að vestan og ákváðum að prófa að setjast þar að.“ Hún upplýsir að eiginmaðurinn, Birgir Örn Birgisson, sé að vinna hjá Orkubúi Vestfjarða og einnig að þjálfa úrvalsdeildarlið í körfubolta. Synirnir tveir, Ólafur Pálmi, þriggja ára, og Magnús Baldvín, átta ára, séu í leikskóla og skóla í Bolungarvík.

Magga Pálma örlagavaldur

Það er vorbragur á tónleikum Vox feminae. Kórinn mun flytja þar mörg af sínum uppáhaldslögum, íslensk sönglög í bland við alþekkt Vínarljóð eftir Brahms, Schubert og fleiri þekkt tónskáld. Yfirskriftin er Ljóð og leikur. Kristján Karl Bragason leikur með á píanó og Hafðís Vigfúsdóttir á flautu. Þau hafa leikið saman sem dúó um árabil.

Listrænn stjórnandi tónleikanna er Margrét Pálmadóttir en hún er viss örlagavaldur í lífi Sigrúnar. „Ég flutti frá Bolungarvík sextán ára og fór í Flensburg í Hafnarfirði. Þar kynntist ég Möggu Pálma sem stjórnaði kór skólans og hún á mikinn þátt í því að ég fór í minn fyrsta söngtíma,“ lýsir Sigrún og kveðst líka hafa fyrst sungið opinberlega sóló með Vox feminae. „Fyrsta kórmappan sem ég keypti mér er með í för núna. Magga sagði mér að taka hana með!“ segir Sigrún hlæjandi.

Bæði í skóla og vinnu

Eftir eitt ár í Tónlistarskólanum á Akureyri og þrjú ár í Söngskólanum í Reykjavík hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur lá leið Sigrúnar í tónlistarháskólann í Stuttgart. Þar fór hún í ljóðadeild og óperudeild og var að ljúka mastersprófinu þar samhliða því að byrja að vinna í Óperunni í Bonn árið 2001.

„Þýskaland er náttúrliga mekka



SÖNGKONAN

„Fyrsta kórmappan sem ég keypti mér er með í för núna,“ segir Sigrún sem ætlar að syngja einsöng með Vox feminae í Salnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

óperunnar og fyrir klassísku söngvara er algerlega toppurinn að búa þar. Þar eru líka svo góðar samgöngur og auðvelt að hoppa upp í lest eða flugvél þegar maður þarf að skreppa í söngferðir,“ segir hún. Hún kveðst hafa sungið á tónleikum í Bandaríkjunum og í Stokkhólmi og einnig víða í Þýskalandi. „Ég var mest í Bonn en hef sungið í öðrum óperuhúsum líka. Einu sinni söng ég í Dresden. Þar var ég í hlutverki Serbinettu í óperunni Ariadne auf Naxos. Óperuhúsið í Dresden er mikilfengleg bygging. Eitt þeirra húsa sem voru eyðilögð í stríðinu en svo var það byggt upp aftur, stein fyrir stein.“

Hingað til Íslands skrápp Sigrún líka að utan og söng á sínum heimaslóðum fyrir vestan, með Sinfóníunni á nýárstónleikum og hlutverk Violettu í La Traviata hjá Íslensku óperunni 2008. „Mér fannst afar skemmtilegt að taka þátt í óperuuppfærslu hér á Íslandi,“ segir hún brosandi.

Tekur tíma að aðlagast

Stundum er talað um að söngur


Þýskaland er náttúrliga mekka óperunnar og fyrir klassísku söngvara er algerlega toppurinn að búa þar.

og fjölskyldulíf samræmist illa en Sigrún segir mann sinn ávallt hafa stutt hana vel í hennar námi og starfi. Hann hafi getað hliðrað til svo hún gæti sungið jafn mikið og hún gerði en hann vann í Þýskalandi sem körfuboltaspilari, körfuboltaþjálfari og rafvirki. „Við höfðum auðvitað enga ættingja til að passa eina og eina helgi,“ segir hún. En nú er það breytt því drengirnir eiga ömmu og afa í Bolungarvík og Sigrún segir þá njóta þess. Sá eldri sé þó með mikla heimþrá til Þýskalands. „Magnús Baldvín er Þjóðverji inn að beini og hlakkar mikið til að fara í frí til Þýskalands. En Ólafur Pálmi finnur minna fyrir því. Það tekur samt auðvitað sinn tíma fyrir alla að aðlagast nýjum aðstæðum.“

gun@frettabladid.is

GÓMSÆTAR GJAFABÆKUR

ÓMÓTSTÆÐILEGT ÚRVAL AF
GÓÐUM GJAFABÓKUM



Vildarverð kr. **13.999,-**
Verð áður kr. 15.999,-
Náttúran - Leiðsögn í máli og myndum



Vildarverð kr. **2.499,-**
Verð áður kr. 3.999,-
Myndlist í þrjátíu þúsund ár



Vildarverð kr. **9.999,-**
Verð áður kr. 11.499,-
Íslenskir málshættir
& Íslensk orðtök
Saman í pakka



Verð kr. **7.499,-**
Verð áður kr. 7.999,-
Stafræn ljósmyndun
- skref fyrir skref



Verð kr. **4.999,-**
Íslenskur fuglavisir



Verð kr. **5.999,-**
Saga listarinnar



Verð kr. **5.999,-**
Eitt þúsund tungumál



Ástarljóð Davíðs Stefánssonar | Gæfuspor - Gildin í lífinu
Íslensk kvæði | Íslensk orðsníld - Fleg orð
Vildarverð kr. **2.199,-** stk
Verð áður kr. 2.499,-



Vildarverð kr. **14.999,-**
Allar sögurnar af ævintýrum
Tinna í einum pakka.
Complete Adventures of Tintin



Verð kr. **7.999,-**
Heitasti pakinn í dag!
John Green - the Collection



Verð kr. **5.499,-**
Allar bækurnar saman á dúndurverði!
Divergent Series Box Set

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

PENNINN

Eymundsson
Stofnunin frá 1873

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá 15. mars til og með 31. mars eða á meðan birgðir endast.

Aðalfundur VR 2014

verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, miðvikudaginn 26. mars nk. og hefst kl. 19:30.

Dagskrá:
Hefðbundin aðalfundarstörf
Innborgun í VR varasjóð
Lagabreytingar

Við hvetjum félagsmenn til að mæta.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

VR

ENDURGJALDSLAUS RÁÐGJÖF VIÐ GERÐ SKATTFRAMTALA

Lögfræðipjónusta Lögrétta veitir endurgjaldslausu ráðgjöf við gerð skattframtala í samstarfi við KPMG og Arion banka.

Ráðgjöfin verður veitt laugardaginn 15. mars kl. 13-17 í Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1 í Sólinni (aðalbyggingu) og eru **allir velkomnir**.

Hvað þarf að hafa meðferðis?

- Lykilorð og auðkennislykil til að komast inn í heimabanka
- Veflykil inn á rsk.is
- Verktakamiða síðasta árs (ef við á)

Skilafrestur á skattframtali einstaklinga er til 21. mars.



Skers gerir það gott í BNA

Aðstandendum vestfirsku kvikmyndarinnar Skers hefur verið boðið að sýna hana á tveimur virtum kvikmyndahátíðum í Bandaríkjunum í apríl. „Gríðarleg viðurkenning fyrir sveitalubbana,“ segir leikstjórinn.

Aðstandendum stuttmyndarinnar Skers eftir Eyþór Jóvinsson hefur verið boðin þátttaka á tveimur virtum og eftirsóttum kvikmyndahátíðum í Bandaríkjunum, Tribeca Film Festival og Aspen Shortfest. „Það er gríðarleg viðurkenning fyrir okkar starf, sveitalubbanna að vestan, að komast í hóp þeirra bestu með Óskarsverðlaunastjórnunum og öðru fagfólki úti í hinum stóra heimi,“ segir Eyþór stoltur. „Þetta er fyrsta mynd sem ég leikstýri og geri handrit að einn, en Gláma kvikmyndafélag er fimm manna hópur sem hefur gert nokkrar stuttmyndir saman.“

Skers er sannsöguleg vestfirsk stuttmynd sem gerist í Arnarfirðinum og fjallar um ferðamann sem siglir út í Gíslasker, en fljótlega áttar hann sig á því að það var kannski ekki svo góð hugmynd.

Það er vestfirski kvikmyndafélagið Gláma sem stendur á bak við myndina, en Eyþór skrifaði handritið og leikstýrði eins og áður sagði. Aðalhlutverk er í höndum Ársæls Níelssonar. Kvikmyndafélagið Gláma sérhæfir sig í vestfirskri kvikmynda- og heimildarmyndagerð og hefur áður gefið út vestfirskan stuttmynda-hryllings-þrífleik ásamt því að vera með nokkrar heimildarmyndir í vinnslu, meðal annars um Fjallabræður og Act Alone.

Myndin var aðeins eina helgi í tókum og útlagður kostnaður var undir 1.500 dollurum, eða innan við 200.000 krónur. Hópurinn á bak við myndina var aðeins skipaður sex mönnum, þá eru með taldri leikarar, leikstjórn, tóku-



LEIKSTJÓRINN Eyþór Jóvinsson er að vonum stoltur af framgangi kvikmyndarinnar Skers.

→ Staðreyndir um Tribeca og Aspen

- Tribeca er haldin í New York 16.-27. apríl 2014
- 3.074 stuttmyndir voru sendar inn til þátttöku á Tribeca, aðeins 58 voru valdar til sýninga í ár
- Skers er eina íslenska myndin á hátíðinni
- Skers verður sýnd 5 sinnum á hátíðinni
- Áætlaður gestafjöldi á hátíðinni er á bilinu 400.000-500.000
- Aspen Shortfest er haldin í Aspen 8.-13. apríl 2014
- Áætlaður gestafjöldi á hátíðinni er ca. 30.000
- Árið 2013 voru yfir 2.800 stuttmyndir sendar inn, en aðeins 83 valdar til sýningar

maður, eftirvinnsla og tónlist. Athyglisverð staðreynd er einnig að enginn í hópnum hefur neina menntun á sviði kvikmyndagerðar, aðeins brennandi áhuga, að sögn Eyþórs. fridrikab@frettabladid.is

Verdi í Grindavík

Óp-hópurinn flytur dagskrána Verdi og aftur Verdi á menningarviku í Grindavíkarkirkju á morgun.

Nú gefst Grindvíkingum tækifæri til að sjá „Verdi og aftur Verdi“ sem hefur slegið rækilega í gegn í vetur. Sýningin verður á dagskrá menningarviku Grindavíkur og fer fram í Grindavíkarkirkju á morgun klukkan 15.

Tíleflni sýningarinnar var 200 ára afmælisveisla tónskáldsins Verdis. Í sýningunni býður Verdi sjálfur, túlkaður af Randveri Þorlákssyni, áheyrendum til afmælisveislu og rifjar um leið upp hitt og þetta frá ævi sinni á milli þess sem flutt eru atríði úr verkum skáldsins.

Sveinn Einarsson leikstýrir sýningunni og Antonia Hevesi bregður sér í gervi hljómsveitarinnar með aðstoð flygilsins. Söngvarar eru þau Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópran, Egill Árni Pálsson tenór, Erla Björg Kára-dóttir sópran, Hörn Hrafnsdóttir mezzó-sópran, Rósalind Gísladóttir sópran, Sigríður Aðalsteinsdóttir mezzó-sópran, og Valdimar Hilmarsson barítón. Gestasöngvari er Jóhann Smári Sævarsson bassi.

- fsb





KÁTUR KÁRI Það var létt yfir æfingunni sem ljósmyndarinn leit inn á í Langholtskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Carmina Burana klassískt popp

Dómkórinn og kór Menntaskólans í Reykjavík, ásamt drengjum úr kór Kársnesskóla, einsöngvurum og undirleikurum flytja Carmina Burana í Langholtskirkju á morgun, sunnudag, klukkan 17 og 20.

„Ég þarf að slökkva á útvarpinu. Það má náttúrulega ekki fréttast að virðulegur organisti sé að hlusta á popp á Bylgjunni,“ segir Kári Þormar dómorganisti hlæjandi þegar hringt er í hann vegna tónleikanna Siðlausra söngva sem hann stjórnar tvívegis í Langholtskirkju á morgun. Þar verður flutt tónverk Carls Orff, Carmina Burana, sem Kári segir reyndar klassíska popptónlist og fjalla um fallvattleika gæfunnar.

„Þetta er tilraunaverkefni,“ segir Kári. „Við erum með Dómkórinn í Reykjavík og kór Menntaskólans í Reykjavík, um 45 manns í hvorum hópi, og þriðja kynslóðin er drengir úr Skólakór Kársness,“ lýsir hann og segir hafa heppnast vel að steypa þessum kórum saman. Það sé ekkert sjálfgefið.

Alls taka yfir 100 manns þátt í

flutningnum. Með kórnum syngja einsöngvararnir Hallveig Rúnarsdóttir sópran, Þorbjörn Rúnarsson tenór og Jón Svavar Jósefsson bassabarítón og undirleikur er í höndum píanóleikaranna Helgu Bryndísa Magnúsdóttur og Kristins Arnar Kristinssonar auk sex manna slagverksveitar.

Kári er stjórnandi Dómkórsins og MR-kórsins og segir forna hefð fyrir samstarfi þeirra. „Pétur Guðjohnsen, fyrsti dómorganistinn, sem fæddist fyrir um 200 árum, var fyrsti söngkennari Lærða skólans, forvera MR. Martin Hunger dómorgainsti endurreisti svo kór MR á sínum tíma og tengir í raun þessa þrjá kóra saman því hann studdi líka vel við Kársneskórinn sem konan hans, hún Þórunn Björnsdóttir, stjórnar.“

gun@frettabladid.is



HÖFUNDURINN Stóru börnin eru fyrsta leikrit Lilju Sigurðardóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stóru börnin snúa aftur

Sýning Lab Loka á Stóru börnunum eftir Lilju Sigurðardóttur verður sýnd aftur í Tjarnarbíói.

Leiksýningin Stóru börnin eftir Lilju Sigurðardóttur, sem frumsýnd var 2. nóvember síðastliðinn, snýr aftur í Tjarnarbíói í mars vegna mikillar eftirspurnar. Fjórum aukasýningum hefur verið bætt við, nánar tiltekið 20., 21., 22. og 23. mars.

Sýningin hlaut mikið lof gagnrýnenda og var meðal annars valin leiksýning haustsins af Símoni Birgissyni í Djöflaeyjunni. Þá gaf Jón Viðar Jónsson sýningunni fjórar stjórnur

í Fréttablaðinu og valdi Rúnar Guðbrandsson leikstjóra ársins.

Í uppsetningu Lab Loka fer úrvalslið leikara með hlutverkin undir stjórn Rúnars Guðbrandssonar, það er að segja þau Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Birna Hafstein og Stefán Hallur Stefánsson.

Aðstandendur sýningarinnar vilja undirstrika að þar sem kynferðislegur undirtónn er í verkinu telst það ekki við hæfi barna.



Ragnheiður

Ragnheiður – ópera eftir Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson

NÝ SÝNING 28. MARS KOMIN Í SÖLU!

Úr ummælum gagnrýnenda:



Framúrskarandi sviðsetning stórfenglegrar óperu ... Gæsa húð hvað eftir annað ... Bravissimo

– Jónas Sen, Fréttablaðið

Stórkostlegt

– Dagný Kristjáns, Djöflaeyjan

Tær snilld

– Hugrún Halldórsdóttir, Stöð 2

Söguleg stund

– Silja Aðalsteins, TMM

Ótrúleg upplifun...frábær sýning... stórkostleg tónlist

– Lísja Pálsdóttir, RÚV



Glæsileg frumraun ... fagmennska, fágun og öryggi

– Hlín Agnars, DV

Ummæli Óperugesta á netmiðlum:

Stórkostlegt kvöld...fallegasta og stílhreinasta óperusýning sem ég hef séð á Íslandi í langan tíma

– Kristinn Sigmundsson, óperusöngvari

Sannkallaður stórviðburður í íslenskri menningarsögu

– Jakob Frimann Magnússon, tónlistarmaður

Magnað meistaraverk –tónlistarsögulegur viðburður

– Eiður S. Guðnason, sendiherra

6 stjörnu sýning, sem enginn má missa af

... **STÓRKOSTLEGT!!!**

–Gerrit Schuil, píanóleikari

ÞÓRA EINARSDÓTTIR
VIÐAR GUNNARSSON
ELMAR GILBERTSSON
JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON
ELSA WAAGE
GUÐRÚN JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR
BERGPÓR PÁLSSON
ÁGÚST ÓLAFSSON
BJÖRN INGIBERG JÓNSSON

KÓR OG HLJÓMSVEIT
ÍSLENSKU ÓPERUNNAR



15. MARS KL. 20 - UPPSELT

16. MARS KL. 20 - UPPSELT

22. MARS KL. 20 - UPPSELT

28. MARS KL. 20 - NÝ SÝNING

29. MARS KL. 20 - UPPSELT

6. APRÍL KL. 20 - LAUS SÆTI

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á HARPA.IS
MIÐASÖLUSÍMI 528 5050



ÍSLENSKA ÓPERAN

ÓPERUKYNNING FYRIR SÝNINGU: Höfundar óperunnar kynna verkið fyrir sýningu í boði Vinafélags Íslensku óperunnar kl. 19:15 hvert sýningarkvöld.

BLÁSKJÁR

eftir Tyrfing Tyrfingsson

„Galsafengin og frumleg ádeila“
H.A. - DV

„Framvindan er fánægleg, myndin og áhugaverð....
Bláskjár er verk sem heldur áhorfendum á tánum.“
S.G.V. - Mbl.

„Frábærllega skemmtilegt
og skrifað af miklum skáldskap“
G.S.E. - Djófaeyjan.

„Bráðskemmtileg og sterk sýning þar sem
leikarar fara á kostum í vel skrifuðu verki.“
F.B. - Fbl.

★★★★★

Allra síðustu sýningar!
lau 15/3 kl. 20 örfá sæti sun 16/3 kl. 20 lokasýning

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhús.is

Óskabörn
Ógæfunnar

Borgarleikhúsið



Furðulegt háttalag hunds um nótt

LEIKHÚS ★★★★★

Borgarleikhúsið

Leikarar: Þorvaldur Davíð Kristjánsson, Bergur Þór Ingólfsson, Brynhildur Guðjónsdóttir, Jóhanna Vígdís Arnardóttir, Nína Dögg Filippusdóttir, Jóhann Sigurðarson, Arnar Dan Kristjánsson, Sigurður Þór Óskarsson og Maríanna Clara Lúthersdóttir.

Jakob Bjarnar Grétarsson

„Sjónræn og vel gerð sýning, vel leikin en sagan stendur ekki vel undir svo langri sýningu – sem hlýtur að skrifast á leikgerðina.“

LAUGARDAG

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

LAUGARDAGUR 15. MARS 2014

Sýningar

14.00 Opnun málverkasýningar Erlu Þorleifsdóttur og Stefáns Bjarnasonar í anddyri Grensáskirkju, í dag frá 14.00 til 17.00.

15.00 Listamannaspjall í tengslum við sýninguna Hljómfall litar og línu, Hafnarhúsi. Dodda Maggý ræðir við gesti um verk sitt DeCore (aurae) á sýningunni.

Bókmenntir

10.30 Árleg barna- og unglingabókaráðstefna í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í dag kl. 10.30 til 13.30. Aðgangur ókeypis.

Tónlist

16.00 Perlur og pilsaþyrtur er yfirskrift tónleika sem Kvinnakór Kópavogs stendur fyrir í Kaldalónssal í Hörpu þann 15. mars. Fluttar verða léttar og sígildar dægurperlur frá miðri síðustu öld sem voru fyrst fluttar af vinsælum dægurlagastjörnum þess tíma. Stjórnandi kórsins er Gróa Hreinsdóttir. Undirleikur er í höndum Árna Heiðars Karlssonar á píanó og Birgis Bragasonar á bassa. Haldnir verða tvennir tónleikar kl. 16.00 og kl. 20.00. Miðaverð kr. 3.000.

16.00 Kvinnakórinn Vox feminae flytur íslensk sönglög og Vínarljóð í Salnum í Kópavogi laugardaginn 15. mars kl. 16.00 Einsöngvari með kórnum er Sigrún Pálmadóttir sópran, Kristján Karl Bragason leikur á píanó og Hafdís Vígfúsdóttir á flautu. Listrænn stjórnandi er Margrét Jóhanna Pálmadóttir.

20.00 Perlur og pilsaþyrtur er yfirskrift tónleika sem Kvinnakór Kópavogs



stendur fyrir í Kaldalónssal í Hörpu þann 15. mars. Fluttar verða léttar og sígildar dægurperlur frá miðri síðustu öld sem voru fyrst fluttar af vinsælum dægurlagastjörnum þess tíma. Stjórnandi kórsins er Gróa Hreinsdóttir. Undirleikur er í höndum Árna Heiðars Karlssonar á píanó og Birgis Bragasonar á bassa. Haldnir verða tvennir tónleikar kl. 16.00 og kl. 20.00. Miðaverð kr. 3.000.

22.00 SúEllen heldur áfram að fylgja eftir plötunni Fram til fortíðar sem kom út síðasta sumar. Hljómveitin hélt vel heppnaða tónleika á Græna hattinum síðasta haust og ætla nú að heimsækja okkur aftur. Dagskráin samanstendur af bestu lögum sveitarinnar frá 1987-2004 og að sjálfsgöngu lögum af nýju plötunni ásamt einhverju óvæntu. Tónleikarnir fara fram á Græna hattinum Akureyri og hefjast klukkan 22.00.

22.00 Ellen Kristjánsdóttir, Eyþór Gunnarsson og dætur þeirra skemmta á Café

SUNNUDAG

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SUNNUDAGUR 16. MARS 2014

Félagsvist

14.00 Félagsvist í Breiðfirðingabúð sunnudaginn 16. mars kl. 14. Allir velkomnir.

Sýningar

15.00 Listamaðurinn Berglind Jóna Hlynsdóttir spjallar við gesti um sýninguna en hún hefur m.a. í verkum sínum afbakið pólitískar táknmyndir og vörumerki, til að mynda lógó föllnu íslensku bankana. Hún veltir fyrir sér rétti fólks til að takast á við táknmyndir fyrirtækja í umhverfinu. Gestaspjallið hefst kl. 15 og fer fram á íslensku. Aðgangur er 1.300 kr. Sýningin fer fram í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum.

15.00 Sunnudaginn 16. mars kl. 15 tekur Haraldur Jónsson þátt í leiðsögn og ræðir við gesti um verk sín á sýningunni H N I T í Hafnarborg. Í framhaldi af leiðsögninni verður fluttur gjörningurinn L I T sem Haraldur hefur unnið í tengslum við sýninguna. Sunnudagur 16. mars er jafnframt lokadagur sýningarinnar, en sýningin er opin frá 12-17 alla daga fram að sýningarlokum.

20.00 Síðasta sýning á Ómar æskunnar með Ómari Ragnarssyni verður í Gaflaraleikhúsinu sunnudaginn 16. mars kl. 20.00. Sýningin er bráðfyndin úttekt Ómars á æskuárum sínum, Reykjavík stríðs- og eftirstríðsára, og algeng einstaklega skemmtilegum og sérkennilegum einstaklingum sem höfðu áhrif á hann í æsku, og mótuðu viðfangsefni hans, fólk og fyrirbæri, síðar meir. Þessi kvöldstund með Ómari er einstök sýn á líf þessa ástmögurs þjóðarinnar og skemmtun á heimsmælikvarða.

Kvikmyndir

15.00 Kl. 15 verður Spaðadrottningin (Pikovaja dama), ópera Tsjaikovskijs sýnd í MÍR, Hverfisgötu 105. Listamenn Kírov-óperunnar í Pétursborg, einsöngv-

arar, hljómsveit, dansarar og kór, flytja undir stjórn Valeríjs Gergiev. Myndin tekin á sýningu óperunnar í Marinskij-leikhúsinu um 1990. Óperan er byggð á skáldverki rússneska þjóðskáldsins Alexanders Púshkin. Aðgangur er ókeypis.

Kynningar

17.00 Andrea Jónsdóttir leikur og kynnrir lög af Hljómplötum á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8, sunnudaginn 16. mars kl. 17.00.

Tónlist

12.00 Auður Gunnarsdóttir, sópran, og Ragnheiður Steindórsdóttir, leikkona. Á efnisskrá tónleikanna eru verk eftir Jón Ásgeirsson, Atla Heimi Sveinsson, Robert Schumann, Johannes Brahms, Serge Rachmaninoff og Franz Liszt. Tónleikaröðin er skipulögð af Jónasi Ingimundarsyni píanóleikara sem minnst þess á árinu að fimmtíu ár eru liðin frá því hann hóf þátttöku í opinberu tónlistarlífi. Miðaverð er 2.900 krónur og fara þeir fram í Salnum í Kópavogi.

12.15 Kammersveit Reykjavíkur, sem í ár fagnar 40 ára afmæli sínu, flytur Schubert-oktettinn á hádegistónleikum í Kaldalóni sunnudaginn 16. mars kl. 12.15. Tónleikarnir taka um klukkustund. Miðasala á harpa.is, almennt miðaverð 2.000 krónur en 1.000 fyrir nema, eldri borgara og atvinnulausa.

14.00 Danski bassaleikarinn Richard Andersson flutti til Íslands síðastliðið haust. Hann hefur tekið drjúgan þátt í starfsemi djassins á Íslandi og starfað með fjölmörgum íslenskum djassleikurum. Í september síðastliðnum kom hann á fót vikulegum djasskvöldum á Hressó á sunnudagskvöldum þar sem rjóminn af íslenskum djassleikurum hefur spilað. Má þar nefna Eyþór Gunnarsson, Scott McLemore, Snorra Sigurðsson, Óskar Guðjónsson, Hilmur Jensson, Matthías Hemstock, Einar Scheving, Agnar M. Magnússon, Jón Pál og Jól Pálsson. Tónleikarnir fara fram í Hljóðbergi í Hannesarholti. Miðaverð er 2.000 krónur.

16.00 Sinfóníuhljómsveit Norðurlands býður upp á lífandi tónlist við kvikmyndina Innflytjandinn eftir Chaplin. Í

DÝRARÍKIÐ HOLTAGÖRÐUM

STÆRSTA OG SKEMMTILEGASTA GÆLUDÝRAVERSLUN LANDSINS

NÝ SENDING FRÁ CAMON ENN MEIRA ÚRVAL AF ÓLUM, TAUMUM OG BEIÐSLUM FYRIR HUNDA, KETTI OG KANÍNUR

FULLT AF NÝJUM LEIKFÖNGUM OG SPENNANDI VÖRUM SEM GAMAN ER AÐ SKOÐA

DÝRARÍKIÐ
Holtagörðum ... fyrir dýravini

GÆÐIN SKIPTA MÁLI

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins Sími 568 66 68 Opni 11 - 18 virka daga / 12 - 18 um helgar

UR



Rosenberg í kvöld klukkan 22.00
23.00 Pálmi Hjaltason skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8, laugardaginn 15. mars kl. 23.00. Aðgangur er ókeypis.

23.59 Það er komið að því að Papar mæti að nýju á Enska barinn í Hafnarfirði. Síðast var algerlega sjúklega gaman og er ekki von á minna fjöri nú. Sem fyrr eru Papar fjölbjódlegir, fjölbreyttir, ómótstæðilegur og frekar hressir. Bergsveinn Arilússon forsöngvari hljómsveitarinnar biður fyrir góðar kveðjur til allra Hafnfirðinga og annara þeirra sem ætla að mæta. Hann sem og aðrir meðlimir Papa munu taka fánlega vel á móti ykkur og skemmtanahjólíð mun rúlla langt fram á nótt.

23.59 Íslandsvinurinn og stórstjarnan Klaas kemur fram á Players Keflavík í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur.

SG-hljómplötur 50 ára

Ný safnplata er komin út á vegum Senu og inniheldur 75 dægurlög frá SG-hljómplötum. Svavar Gestsson vann mikið brautryðjanda- og hugsjónastarf.

Hálf öld er liðin frá því að fyrsta plata SG-hljómplata kom út. Það var í júní 1964, en síðasta platan kom út tuttugu árum síðar í árslok 1984. Fimm tíu árum eftir að Svavar Gestsson hóf hljómplötuútgáfu eru mörg þeirra laga sem komu út undir merkjum SG-hljómplata ennþá vinsæl.

„Við hefðum getað fyllt heila safnplötu með hverjum flytjanda á nýju plötunni, það er svo mikið

af flottum listamönnum þarna,“ segir Jónatan Garðarsson, tónlistarsérfræðingur og rokksögukennari, en hann tók þátt í að velja lög in á safnplötuna sem kom út á vegum Senu fyrir skömmu.

Á safnplötunni SG-hljómplötur er að finna 75 bráðskemmtileg dægurlög af útgáfum SG-hljómplata. Listamenn á borð við Fjór-tán fóstbræður, Þorvald Hall-dórsson, Helenu Eyjólfsdóttur,

Savanna tríóið, Þrjú á palli, Ómar Ragnarsson, Sextett Ólafs Gauks og Svanhildi, Hauk Morthens, Elly og Villa Vilhjálms, Ragnar Bjarnason, Hljóma og fleiri má finna á plötunni. „Þetta safn sýnir hversu fjölbreytt tónlistin var sem Svavar Gests kaus að gefa út. Hann vann ómetanlegt brautryðjanda- og hugsjónastarf sem seint verður fullþakkað,“ útskýrir Jónatan.

- glp



FJÖLBREYTT TÓNLIST Jónatan Garðarsson, tónlistarsérfræðingur og rokksögukennari, tók þátt í að velja lög in á plötuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



The power to do more

Viltu losna við aukakílóin?

Dell Latitude E7440 – Létt og öflug fartölva fyrir kröfuharða.



Þjónustuábyrgð Dell (DBS)

Þessari vél fylgir „Dell Branded Services“ sem tryggir betri og fljótari þjónustu.

Hámarks fjárfesting

Nýtir sömu tengikví og spennubreyta og áður.



1,6 kg

Físlétt og faguð, vegur ekki nema 1600 grömm.

2,1 cm

Ótrúlega nett og 33% þynnri en forveri hennar.

16 GB

Sérlega öflug og hraðvirk, allt að 16GB vinnsluminni.

13 klst.

Rafhlaðan endist í allt að 13 tíma. Fer m.a. eftir stillingum.

Hringdu í síma **440 9010** eða sendu póst á sala@advania.is og fáðu upplýsingar um þessa frábæru vél.

Velkomin í verslanir okkar:

Guðrúnartún 10, Reykjavík

Opið mán. til fös. frá 8 til 18
 Lau. frá 12 til 16

Tryggvabraut 10, Akureyri

Opið mán. til fös. frá 8 til 17

advania.is



UR

Hömrur í Hofi á Akureyri.

19.30 Kammermúsíkkúbburinn býður upp á fjölbreytta tónleika í vetur. Kammermúsík af ýmsum toga er flutt af fremstu tónlistarmönnum landsins. Í Norðurljóssal Hörpu óma perlu tónbókmenntanna í bland við ný, íslensk verk, allt frá sellósvítum Bachs til nýrra verka eftir Báru Grímsdóttur, Daníel Bjarnason og Elínu Gunnlaugsdóttur.

Félagsstarf

19.00 Spilað verður bridge í Breiðfirðingabúð sunnudaginn 16. mars kl. 19. Allir velkomnir.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



4 LÍTRAR

málning

Vnr. 86620040
KÓPAL glitra, innimálning,
gljástig 10, 4 l, allir litir.



KLÚBB verð
4.995 kr.
Almennt verð 5.995 kr.



Harris®
Vnr. 83004222
HARRIS rúlla,
bakki og penslasett.
1.295 kr.




9 LÍTRAR



Vnr. 80602509
GJØCO PROFF
innimálning, 9 l.

5.995 kr.



Vnr. 68224394
LUX málningarrúlla, 25 cm. **595** kr.




Vnr. 83614821
NORDSJØ medium
sparti, 0,5 l. **895** kr.



Harris®
Vnr. 83001994
HARRIS Extra Plus
penslasett, 3 penslar. **645** kr.



Vnr. 58761012
Málningarfata, 12 l. **495** kr.



Vnr. 84100160
FIA málningarrúlla
og bakki, 25 cm.

995 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndbæringi. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.



facebook.com/BYKO.is

kronospan

Vnr. 0113446
Harlech eik harðparket,
192x1285 mm, 8 mm.

2.195 kr./m²

**FEGRADU
HEIMILIÐ**

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

kronospan

Vnr. 0113450
KRONOSPAN SARAGOSSA
harðparket, eik, 7x192x1285 mm,
fullkomið viðarparketsútlit.

1.595 kr./m²

STEIRER PARKETT

Vnr. 0113722
STEIRER smelluparket,
eik Country, þriggja stafa,
182x2200 mm, 14 mm.

4.995 kr./m²

kronospan

Vnr. 0113454
KRONOSPAN harðparket,
ROYAL eik,
192x1285 mm, 7 mm.

1.895 kr./m²

STEIRER PARKETT

Vnr. 0113714
STEIRER viðarparket,
askur, 3 stafa, smellt,
2200x189 mm, 14 mm.

5.895 kr./m²

kronospan

Vnr. 0113459
KRONOSPAN harðparket,
Eik Riviera,
192x2000 mm, 10 mm.

3.595 kr./m²

GÓLFSLÍPIVÉL



Vnr. 97661040
Gólfslípivél.

**LEIGJUM ÞAÐ
SEM UPP Á
VANTAR**

Nánari upplýsingar í
síma 515 4020 eða
á www.BYKO.is



TILBOÐ

Nicovel Fruit og Mint

498kr/pk í mars
(áður 598kr/pk)

BONUS

VILTU HÆTTA
AÐ REYKJA?Nicovel[®] lyfjatyggigúmmí

Nicovel Fruit og Nicovel Mint lyfjatyggigúmmí, innihalda 2 mg af nikótíni sem nikótín resinat. Nicovel er ætlað reykingamönnum 18 ára og eldri. Ekki má nota Nicovel ef um er að ræða ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðru innihaldsefni tyggigúmmísins eða ef þú reykir ekki. Leitið ráða hjá lækni áður en Nicovel er notað ef: þú hefur nýlega fengið hjartaáfall eða heilablóðfall, þú hefur fengið ofnæmisviðbrögð (ofsabjúgur) eða útbrot með kláða (ofsakláði). Einnig ef þú ert með: brjóstverk, hjartakvilla sem hefur áhrif á hraða eða takt hjartsláttar, ómeðhöndlaðan háþrýsting, lifrarsjúkdóm, nýrnasjúkdóm, sykursýki, óvirkjan skjaldkirtil, æxli í nyrnahettumerg (krómíklææxli), magasár eða bólgu í vélinda. Einstaklingar undir 18 ára aldri ættu ekki að nota Nicovel nema því sé ávísað af lækni. **Viðeigandi skammtur fyrir fullorðna getur haft mikil eituráhrif eða verið banvænn fyrir litil börn.** Pungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicovel í samráði við lækni. Skammtar eru einstaklingsbundnir og valdir út frá nikótínþörf. Yfirleitt er nóg að nota 8-12 tyggigúmmí á dag. Hámarksammtur er 24 stykki á dag. Nánari upplýsingar um notkun er að finna í fylgiseðli lyfsins. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: Orifarm Generics A/S. Umboð á Íslandi: Icepharma hf. Lynghálsi 13, 110 Reykjavík.

Mammút sigurvegari
Íslensku tónlistarverðlaunanna

Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent í gærkvöldi og jafnframt var tuttugu ára afmæli þeirra fagnað. Hljómsveitin Mammút var afar sigursæl á hátíðinni og hlaut verðlaun fyrir lag og plötu ársins í floknum popp og rokk.

Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent í tuttugasta sinn í Hörpu í gærkvöldi. Verðlaun voru veitt í 24 flokkum og var hljómsveitin Mammút afar sigursæl. Plata sveitarinnar, Komdu til mín svarta systir, var valin plata ársins í floknum popp og rokk og plötuumslagið það besta. Þá var lagið Salt með hljómsveitinni einnig valið lag ársins í sama flokki. Þess má geta að sérfræðingar Fréttablaðsins völdu plötuna einnig þá bestu árið 2013.

Þá var Gunnar Þórðarson verðlaunaður sem tónhöfundur ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar fyrir óperuna Ragnheiði en verkið vann einnig verðlaun sem tónlistarviðurður ársins.

Hljómsveitin Grísalappalísa getur einnig verið sátt við sinn hlut en plata hennar, Ali, var valin Coca-Cola-plata ársins. Þá var tónlistarmyndbandið við lag sveitarinnar Hver er ég? í leikstjórn Sigurðar Möller Sívertsen valið tónlistarmyndband ársins.

liljakatrin@frettabladid.is

SIGURVEGARARNIR Í ÁR



DJASS OG BLÚS

Tónverk ársins Stokkur af plötunni Meatball Evening eftir Kristján Tryggva Martinsson

Tónlistarflytjandi ársins Sigurður Flosason

Tónhöfundur ársins Kristján Tryggvi Martinsson fyrir lög á plötunni Meatball Evening

Plata ársins Meatball Evening – KTrío



ÖNNUR VERÐLAUN

Upptökustjóri ársins Sveinn Helgi Halldórsson fyrir stjórn upptöku á Enter 4 með Hjaltalín

Tónlistarviðurður ársins Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson – Ragnheiður, ópera

Plötuumslag ársins Mammút – Komdu til mín svarta systir

Hönnun: Alexandra Baldursdóttir, Katrína Mogensen, Sunneva Ása Weissappel

Tónlistarmyndband ársins Grísalappalísa – Hver er ég? Leikstjóri: Sigurður Möller Sívertsen

Textahöfundur ársins Bragi Valdimar Skúlason fyrir texta á plötunni Mamma þarf að djamma

Plata ársins (Opinn flokkur) Days of Gray – Hjaltalín

Coca Cola-plata ársins Ali - Grísalappalísa



POPP OG ROKK

Tónlistarflytjandi ársins Skálmöld

Lagahöfundur ársins John Grant fyrir lög á plötunni Pale Green Ghosts

Lag ársins Salt – Mammút

Söngvari ársins John Grant

Söngkona ársins Sigríður Thorlacius

Plata ársins Komdu til mín svarta systir – Mammút

SÍGILD OG SAMTÍMATÓNLIST

Tónverk ársins Nostalgia – Páll Ragnar Pálsson

Söngvari ársins Ágúst Ólafsson

Söngkona ársins Hallveig Rúnarsdóttir

Tónlistarflytjandi ársins Nordic Affect

Tónhöfundur ársins Gunnar Þórðarson fyrir óperuna „Ragnheiði“

Plata ársins Over Light Earth – Daníel Bjarnason

BRJÁLUÐ...
LAGERSALA NTC

Faxafeni 10



LOKADAGAR

jakkar - buxur - kjólar - skyrtur - bolir - peysur - úlpur - skór - fylgihlutir

Ekki missa af þessu !

flott merki frá verslunum NTC :

gallerisautjón KULTUR gs skór FOCUS KARAKTER KULTUR
COMPANYS Deres SMASH Sparkz URBAN eva

Opið alla helgina frá kl. 11-18

+ + + **OUTLET 10** + + +
merki fyrir minna

Lagersala **NTC** í Outlet 10 Faxafeni 10 - s. 578 7977

SAMBIO.is

POMPEII
SKYLMINGARFELAR, FORBODIN ÁST OG NÁTTURUHAMFARIR Í EINNU FLOTTUSTU MYND PESSA ÁRS

NON-STOP

SAVING MR. BANKS
FRÁ FRAMLEIDANDANUM ZACK SNYDER, LEIKSTJÓRA 300 OG MAN OF STEEL

FRÁBÆR TEIKNIMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS OG SÉRMANNS
SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI Í 2D OG 3D

GAMLINGINN
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI Í 2D OG 3D

THE LEGO MOVIE
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI Í 2D OG 3D

SAMBÍÓ ÁLFABAKKA		SAMBÍÓ EGILSHÖLL	
POMPEII KL. 5:40 - 8 - 10:20	16	POMPEII KL. 5:40 - 8 - 10:20	16
300: RISE OF AN EMPIRE 3D KL. 5:40 - 8 - 10:20	16	300: RISE OF AN EMPIRE 3D KL. 5:40 - 8 - 10:20	16
300: RISE OF AN EMPIRE VIP KL. 1:30 - 3:40 - 5:40 - 8 - 10:20	16	NON STOP KL. 8 - 10:20	12
SAVING MR. BANKS KL. 8 - 10:40	12	GAMLINGINN KL. 5:40 - 8	12
NON STOP KL. 5:40 - 8 - 10:20	12	LÍFSLEIKNI GILLZ KL. 10:25	12
WINTER'S TALE KL. 10:20	12	HR. PÍBODY OG SÉRMANN IS.TAL.3D KL. 1:20 - 3:30	12
HR. PÍBODY OG SÉRMANN IS.TAL.3D KL. 3:40 (1:30(LAU))	12	HR. PÍBODY OG SÉRMANN IS.TAL.2D KL. 1 - 3:10 - 5:50	12
HR. PÍBODY OG SÉRMANN IS.TAL.2D KL. 1:30 - 3:40 - 5:50	12	THE LEGO MOVIE IS.TAL.2D KL. 1:20 - 3:30	12
THE LEGO MOVIE IS.TAL. KL. 3D: 1:20 - 3:30 2D: 1:30 - 3:40 - 5:50	12	FROSINN IS.TAL.2D KL. 1 - 3:20	12
THE LEGO MOVIE IS.TAL.2D KL. 3:30 - 8	12	SAMBÍÓ KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI	12
JÓNSI OG RIDDAREGLAN IS.TAL.2D KL. 1:30	12	WERTHER OPERA KL. 4:55 (LAU)	12
POMPEII KL. 8	16	POMPEII KL. (5:40(SUN)) 8 - 10:20	16
300: RISE OF AN EMPIRE 3D KL. 5:45 - 8 - 10:20	16	300: RISE OF AN EMPIRE 2D KL. (11(LAU)) (10:30(SUN))	16
NON STOP KL. 10:20	12	NON STOP KL. 10:40	12
GAMLINGINN KL. 5:30	12	GAMLINGINN KL. 3 - 5:30 (8:30(LAU)) (8(SUN))	12
THE LEGO MOVIE IS.TAL. KL. 3D: 1:30 - 3:40 2D: 3:20	12	12 YEARS A SLAVE KL. 5:20 - 8	16
JÓNSI OG RIDDAREGLAN IS.TAL.2D KL. 1:20	12	LEGO MOVIE IS.TAL. KL. 3D: 1 - 3:10 2D: (1:20 - 3:30(SUN))	12
		FROSINN IS.TAL.2D KL. 12:50	12
		SAMBÍÓ KEFLAVÍK	
		POMPEII KL. 5:50 - 8	16
		300: RISE OF AN EMPIRE 2D KL. 5:45 - 8 - 10:20	16
		NON STOP KL. 10:30	12
		HR. PÍBODY OG SÉRMANN IS.TAL.3D KL. 1:30 - 3:40	12
		THE LEGO MOVIE IS.TAL.2D KL. 1:30 - 3:40	12

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU Eða APPELSINGUGLU KR. 750 Á APPELSINGUGLT OG KR. 1000 Á GRÆNT

Verkfallið sem rændi læknisdraumnum

BAKPANKAR Fanneyjar Birnu Jónsdóttur



Nú stefnir allt í að kennaraverkfall hefji. Það vekur athygli að framhaldsskólanemar í dag virðast vera meðvitaðir um rétt kennara sinna og styðja þá í kjarabaráttunni. Flestir nemar sem hafa tjáð sig um verkfallið segjast vonast til að það verði ekki of langt og hafa áhyggjur af þrófum og jafnvel námslokum. Þau segjast sum kvíðin og stressuð vegna framvindunnar. Þetta er hressandi innlegg í umræðuna um að unga kynslóðin sé á hraðleið til helvítis. Okkur sem eldri erum finnst hún stundum víta minna, hafa minni áhuga, vinna minna og vera almennt verri en þær sem á undan fóru. Það er hins vegar ljóst á framhaldsskólanemum landsins að því er þverfógt farið.

PESSI kjaradeilufri hafa nefnilega skotið upp kollinum með reglulegu millibili í gegnum tíðina. Í mínu tilfalli var það verkfall framhaldsskólakennara sem veitti mér frelsi frá grámyglumorgnum í köldum skólastofum við tegrun og diffrun haustið 2000. Í minningunni var reynslan

uppfull af sjónvarpsglápi, góðum stundum með vinum, mikilli viðveru á göngum Kringlunnar án nokkurs kaupmáttar og svefni fram eftir degi, stundum lengur. Ekki man ég eftir því að nokkur einasti maður hefði þessar áhyggjur á sínum tíma árið 2000, hvað þá að einhver væri að spá í hvort að Þórður stærðfræðikennari hefði í sig og á mánaðarlega.

AD lokum fengu foreldrarnir nóg af hangsi og iðjuleysi hjá ómótuðum unglingnum og mér var gert að mæta til vinnu í verksmíðjunni hans pabba. Það var ekki alveg það sem „verkfallsfríið“ átti að fela í sér. Ég lærði þó að steypa handfærassökkur og álfórarskaut á skip af miklum mót sem var meira en flestir gátu sagt. Það var nefnilega þannig að verkfallið 2000 fór illa með margan námsmanninn. Ég hef logið því að sjálfri mér síðan ég rétt slefaði í stærðfræðiprófinu vorið 2001 og skipti í kjölfarið yfir á minna tölulega braut í Verzlunarskólanum, að ef ekki hefði verið fyrir verkfallið væri ég læknir, verkfræðingur eða forritari í dag. Í staðinn er ég blaðamaður með mikla vannýtta hæfileika við málmsteypu.

FÖNDRÆÐU

BREYTTU GÖMLUM BAKKA Í MINNISTÖFLU

Það er leikur einn að breyta gömlum bakka í minnistöflu þar sem hægt er að festa hitt og þetta á hann með segulstálum.

2 Ef þið sprejið bakkann er gott að láta hann þorna vel.

3 Festið bakkann á vegg og skreytið hann með fallegum segulstálum og jafnvel orðsendingum sem veita ykkur innblástur yfir daginn.

1 Þrífðið bakkann vel og vandlega ef þið ætlið að spreya hann í skemmtilegum litum. Einnig er hægt að leyfa skræpöttum bakka að halda sér.

Fengið af síðunni Indiemade.com



Lumar þú á einföldu og skemmtilegu verkefni sem hægt er að framkvæma sjálfur? Sendu það endilega til okkar á netfangið liljakatrin@frettabladid.is Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á visir.is.

SMÁRA BÍÓ **HÁSKÓLA BÍÓ**

ÓTRULEG SÖNN SAGA UM ISLANDSMENNIN PAUL POTTIS

JAMES CORDEN JULIE WALTERS

ONE CHANCE

„HUGLJÓF KVIKMYND SEM KÆTIR OG GLEÐUR ÁHORFENDUR.“
-D.R., HOLLYWOOD REPORTER

FRÁBÆR TEIKNIMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS OG SÉRMANNS

SMÁRA BÍÓ	HÁSKÓLA BÍÓ
ONE CHANCE KL. 5:40 - 8 - 10:20	PETER GABRIEL KL. 8*
300: RISE OF AN EMPIRE 3D KL. 5:40 - 8 - 10:20	ONE CHANCE KL. 3:30 - 5:40 - 8** - 9* - 10:20
300: RISE OF AN EMPIRE 3D LÓDUS KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	SAVING MR. BANKS KL. 8 - 9**
ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ISL. TAL. 2D KL. 1 - 3:20 - 5:45	ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D / 3D KL. 3:30 - 5:50
ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ISL. TAL. 3D KL. 1 - 3:20	3 DAYS TO KILL KL. 8 - 10:30
THE MONUMENTS MEN KL. 8	THE MONUMENTS MEN KL. 10:30
RIDE ALONG KL. 5:45 - 8 - 10:15	NYMPHOMANIAC PART 1 KL. 8
ROBOCOP KL. 10:30	SKÝJAB MED KJÓTBOLLUM 2 2D KL. 3:30
SKÝJAB MED KJÓTBOLLUM 2 2D KL. 1 - 3:30	
SKÝJAB MED KJÓTBOLLUM 2 3D KL. 1 - 3:30	

Miðasala á: midi.is og eMiði

LAUGARÁS BÍÓ **www.laugarasbio.is**
-bara lúxus sími 553 2075

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁS BÍÓ	Sýningartímar
THE BAG MAN	8, 10:20
3 DAYS TO KILL	8, 10:20
THE MONUMENTS MEN	10:25
ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D	2, 4, 6
ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D	1:45, 3:45
RIDE ALONG	6
LEGO - ÍSL. TAL. 2D	1:50, 4
DALLAS BUYERS CLUB	5:45, 8

BÍÓBYLTING
FJÖLBREYTTARI VALKOSTIR FYRIR BÍÓGESTI

ÞRÍJÁR NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ SMÁRA BÍÓ

FJÖLSKYLDUPAKKINN

Sparnaðarbylting fyrir íslenskar fjölskyldur. Ef tvö börn eða fleiri eru í fjögurra manna hópi þá borga allir bamaverð. Allir, alltaf! Og við lofum því að bamaverðið er alltaf það lægsta í verðskránni.

NÁNAR Á WWW.SMARBIO.IS/BYLTING

Sími: 553 2075 - bara lúxus

Ódýrt í bíó

ISL. TAL. SÝND Í 3D SÝND Í 2D

ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS OG SÉRMANNS **THE LEGO MOVIE**

TILBOÐ KL. 2 Í 3D OG 1.45 Í 2D TILBOÐ KL. 1.50

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

Jónsi

THE LEGO MOVIE **ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS OG SÉRMANNS**

SPARBÍÓ

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

TÖRE TANZT **WETLANDS** **PÝSKIR** **ZWEI LEBEN**

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

ÓTRÚLEG SÖNN SAGA UM ÍSLANDSVININN PAUL POTTS

„Hugljúf og fyndin kvikmynd. Áhorfendur fá gæsahúð við að hlýða á einstakan flutning Pauls.“

-A.R., LOS ANGELES TIMES

„Kvikmynd sem kætir og gleður áhorfendur.“

-D.R., HOLLYWOOD REPORTER

„Dásamleg mynd sem hefur áhorfendur upp til skýjanna: allt í senn fyndin, spennandi og áhrifamikil.“

-L.K., URBAN CINEFILE

„Myndin á eftir að hrífa aðdáendur breskra kvikmynda um lítilmagna á borð við The Full Monty, Brassed Off og Billy Elliot.“

-M.N., THE STANDARD

MISSIÐ EKKI
AF ÞESSARI
FYNDNU OG
YNDISLEGU
MYND

JAMES CORDEN JULIE WALTERS
ONE CHANCE

KOMIN Í BÍÓ

Björgvin kominn í snemmbúið sumarfrí

HANDBOLTI „Ég meiddist í upphafi bikarúslitaleiksins. Tók undirhandarskot, lenti með höndina á andstæðingi og puttinn stóð bara upp í loftið á eftir,“ segir ÍR-ingurinn Björgvin Hólmgeirsson en hann spilar ekki meira í vetur.

Hann fékk það staðfest í morgun að liðband í þumli hægri handar sé slitnið. Hann þarf að fara í aðgerð vegna meiðslanna á mánudag og verður frá í um átta vikur.

„Þetta er alveg grátlegt því við eigum bara fjóra leiki eftir í deildinni. Ef við vinnum þá förum við úrslitakeppnina. Það er leiðinlegt að geta ekki hjálpað liðinu meira en ég hef tröllað á því að strákarnir klári þetta.“

Þetta er mikið áfall fyrir ÍR enda Björgvin aðalskytta liðsins. Ingimundur Ingimundarson er einnig meiddur og óvíst með framhaldið hjá honum.



- hbg

KV fær að vera með: Spila ekki alla heimaleikina í Egilshöll

FÓTBOLTI Knattspyrnufélag Vesturbæjar fékk í gær þáttökuleyfi í 1. deild karla í sumar en óvissa var um hvort félagið uppfyllti kröfur leyfiskerfis KSI eins og um unglíngastarf og heimavöll. „Þetta er vægast satt mikill léttir. Nú get ég farið að eyða þúðrinu að vinna í liðinu,“ sagði Páll Kristjánsson, annar af þjálfurum KV-liðsins, í samtali við Fréttablaðið í gær. KR og KV senda meðal annars sameiginlegt lið til leiks í 2. flokki og Egilshöllin er nú heimavöllur liðsins. „Það kæmi mér mikið á óvart ef við myndum enda á því að spila 11 leiki í Egilshöllinni í sumar því við ætlum að leita annarra leiða,“ sagði Páll.

„Ég taldi okkur vera búna að uppfylla öll skilyrði hvað varðar okkar heimavöll (gervigrasið úti í KR). Ég þarf því að sjá hvað við þurfum að gera til að gera hann löglegan en við eigum góða nágranna. Kannski fáum við að spila einhverja leiki á KR-vellinum sem væri óskandi. Það verða aldrei 11 leikir og þá er gott að hafa Egilshöllina sem bakland,“ sagði Páll. „Ég var sjálfsgöngu orðinn stressaður þegar við fengum að vita það klukkan tvö í dag (gær) að heimavöllurinn væri ólöglegur og við þyrftum að leita allra leiða til að finna annan völl á svona skömmum tíma,“ sagði Páll.

„Það verður síðan bara annar hausverkur að ári að takast á við leyfiskerfið á næsta ári,“ sagði Páll sem horfir ekki bara á það að halda sæti sínu í 1. deildinni í sumar. „Mér skilst að það sé enn þá strangari kröfur í úrvalsdeild og það verður því enn þá meiri hausverkur,“ sagði Páll í léttum tón að lokum.

- ój



VINSÆLL Blaðamenn hafa elt Vettel á röndum í Ástralíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Engir yfirburðir í ár

Sebastian Vettel ekki með sama forskot og áður.

